FRÉTTABLAÐIÐ

105. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 5. MAÍ 2016

# Sjö prósentum munar á Ólafi og Guðna Th.

**Fjörutíu og fimm prósent svarenda myndu kjósa Ólaf Ragnar Grímsson sem forseta en 38 prósent Guðna Th. Jóhannesson. Guðni kynnir framboð sitt í dag.**

**STJÓRNMÁL** „Ég get ekki verið annað en ágætlega sáttur við þessa niðurstöðu,“ segir Guðni Th. Jóhannesson. Hann kynnir í dag framboð sitt til embættis forseta Íslands.

Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis sem gerð var 2. og 3. maí, myndu 38 prósent þeirra sem afstöðu taka kjósa Guðna í embætti forseta Íslands ef kosið væri nú. Flestir, eða 45 prósent, myndu kjósa Ólaf Ragnar Grímsson í embættið en ellefu prósent myndu kjósa Andra Snæ Magnason. Aðrir njóta minni stuðnings.

Andri Snær er hvergi banginn. „Baráttan er bara rétt að byrja. Við erum að opna kosningamiðstöð á laugardaginn klukkan þrjú,“ segir Andri Snær. „Það eru birtar stórar fréttir vikulega og það er bara spennandi að vera inni á þessum velli,“ bætir hann við.

Guðni segir að á fundi í Salnum í Kópavogi í dag muni hann kynna framboð sitt. „Hvaða augum ég lít þetta embætti og hvernig því skuli gegnt,“ segir hann. Guðni segist vera farinn að móta kosningabaráttuna. „Við munum nota allar leiðir til þess að kynna framboðið. Fyrst og fremst ætlum við að vera bjartsýn, jákvæð, áheyrileg, einlæg, hreinskilin og kappsöm,“ segir hann.

> **Fyrst og fremst ætlum við að vera bjartsýn, jákvæð, áheyrileg, einlæg, hreinskilin og kappsöm.**
>
> Guðni Th. Jóhannesson forsetaframbjóðandi

Óskað var eftir viðbrögðum frá Ólafi Ragnari Grímssyni vegna könnunarinnar en hann veitti ekki viðtal. Ólafur og Dorrit Moussaieff, eiginkona hans, hafa verið til umfjöllunar í íslenskum miðlum og erlendum stórblöðum undanfarna daga vegna Panama-skjalanna. Í umfjöllun Reykjavik Media, The Guardian og Süddeutsche Zeitung kemur fram að samkvæmt gögnum frá 2006 til 2007 sé forsetafrúin ein af þremur meðlimum Moussaieff-fjölskyldunnar sem sameiginlega áttu fyrirtæki á Bresku Jómfrúaeyjum, Jaywick Properties Inc.

Könnunin var þannig gerð að hringt var í 1.161 mann þar til náðist í 797 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 2. og 3. maí. Svarhlutfallið var 68,6 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Spurt var: Ef forsetakosningar færu fram á morgun, hvern myndir þú kjósa? Alls tóku 70 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

– jhh / sjá síðu 4

### Fylgi þriggja efstu forsetaframbjóðendanna

Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins 2. og 3. maí 2016.

| | Andri Snær Magnason | Guðni Th. Jóhannesson | Ólafur Ragnar Grímsson | Aðrir |
|---|---|---|---|---|
| Fylgi | 11% | 38% | 45% | 6% |
| Vikmörk | 2,14% | 3,37% | 3,45% | |



**Tekið til hendinni** Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, lét ekki sitt eftir liggja í gær í tilefni af yfirstandandi evrópskri hreinsunarviku sem Reykjavíkurborg tekur þátt í. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Óþreytandi þraukarar?

**LÍFIÐ** Líkt og flestir vita sjálfsagt er fjölskrúðug flóra Facebook-hópa til um margvísleg málefni.

Umræðu- og umfjöllunarefni hópsins S01E01: Survivor edition er, líkt og nafnið gefur til kynna, raunveruleikaþátturinn Survivor. Í gangi er 32. sería þáttanna. Ekki nóg með það að seríurnar séu á fjórða tug heldur hefur sami maður, Jeff Probst, verið kynnir frá upphafi.



Í íslenska hópnum eru 120 manns og fara þar fram líflegar umræður um þættina og er meðal annars starfrækt „Fantasy-deild“ undir nafninu Þraukaradraumórar.

– gló / sjá síðu 44

## Fréttablaðið í dag




**LÍFIÐ** Helga Möller dreifir boðskap virðingar gagnvart eldri borgurum í nýju lagi. 46

**SKOÐUN** Árni Richard Árnason skrifar um læknamafíu. 24

**SPORT** Þjálfari Gunnars Nelson segir að hann verði að vinna. 28

**MENNING** Valdajafnvægi er efni bókar Rögnu Sigurðardóttur, Vinkonur. 36

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM
YFIR 15 TEGUNDIR

VERÐ FRÁ KR.24.990



Tékk KRISTALL 45 ÁRA

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

VOR- OG SUMARTÍSKAN
5.–8. MAÍ



Opið 13-18 í dag.

Skoðaðu tilboðin og dagskrána á smaralind.is

SMÁRALIND

## Veður




Norðanstrekkingur með rigningu eða slyddu fyrir norðan í dag, en bjart með köflum sunnanlands og líkur á smá skúrum syðst. Hiti 1 til 5 stig, en 5 til 10 stig syðst. SJÁ SÍÐU 26

# Landhelgisgæslan fær hjartahnoðtæki




Styrktarsjóður Kiwanisumdæmis Íslands og Færeyja ásamt Kiwanisklúbbunum Elliða, Eldey, Esju, Heklu og Dyngju afhenti Landhelgisgæslunni í gær hjartahnoðtæki til að nota um borð í þyrlum Landhelgisgæslunnar. Tækið þykir mjög gagnlegt en það hnoðar jafnar og þéttar en mannshendur. Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, veitti tækinu viðtöku á þyrlupallinum við Landspítalann í Fossvogi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sýnist heimilt að takmarka umferð

**SKIPULAGSMÁL** „Það virðist reyndar ekki vera mjög skýr lína að fara eftir í þessum efnum en þó virðist okkur að sveitarfélagi sé heimilt að setja takmarkanir á slíka umferð,“ segir Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra, um umferð vélknúinna farartækja á Ytri-Rangá.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær skrifuðu nokkrir landeigendur við Ytri-Rangá sveitarstjórninni bréf fyrir fimmtán mánuðum og vöktu athygli á umferð sæþota á ánni. Var óskað eftir því að sveitarfélagið bannaði slíka umferð á ánni og var vísað í lögreglusamþykkt Árborgar varðandi Ölfusá sem fyrirmynd.

> Dæmi eru um að bann sé sett við umferð í ám með sérstakri grein í lögreglusamþykkt.



Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra

Sveitarfélagið hefur enn ekki svarað ósk landeigendanna en Ágúst segir að leitað hafi verið eftir ráðleggingum varðandi umferð af þessu tagi, meðal annars frá Umhverfisstofnun, en ekki hafi fengist afgerandi svar. Einnig hafi verið skoðað hvaða takmarkanir eða reglur hafi verið settar í öðrum sveitarfélögum.

„Dæmi eru um að bann sé sett við umferð í ám með sérstakri grein í lögreglusamþykkt en þá er það meðal annars vegna þeirrar hættu sem slíkri umferð er búin í straumþungum ám,“ segir Ágúst. „Hér hefur ekki verið tekin afstaða enn til slíkra takmarkana en reiknað er með að málið verði til umfjöllunar á fundi byggðarráðs Rangárþings ytra núna í maí.“ – **gar**

## Tveir túrar yfir 3.000 tonnum

**SJÁVARÚTVEGUR** Skip Síldarvinnslunnar í Neskaupstað, Beitir NK, hefur eftir tvær síðustu veiðiferðir landað um og yfir þrjú þúsund tonnum af kolmunna á Seyðisfirði. Þetta eru tveir stærstu farmar sem íslenskt fiskiskip hefur komið með að landi.

Á vef fyrirtækisins er rætt við skipstjórann Tómas Kárason sem er að vonum hæstánægður með veiðina að undanförnu og væntanlega skipið. Beitir NK kom nýr til heimahafnar í Neskaupstað um síðustu jól.

„Veiðin hefur gengið mjög vel upp á síðkastið og höfum við verið að fá 600 til 700 tonn á sólarhring. Aflinn í þessum túr fékkst til dæmis í sex holum. Við vorum nú að veiðum um 60 sjómílur suðaustur úr Akrabergi syðsta odda Færeyja,“ sagði Tómas.

Beitir NK er stærsta uppsjávarskip landsins, 86,3 metrar að lengd, 17,6 að breidd og 4.138 brúttótonn. Burðargeta skipsins er 3.200 tonn. – **shá**




# Vilja ekki fólk í gámum

**Húsnæðisskortur er í Vík í Mýrdal vegna mikillar fjölgunar ferðamanna og bæjarbúa. Sveitarfélagið hafnar beiðni rekstraraðila í Vík um að reisa gáma fyrir starfsfólk sitt. Þá hefur verið ákveðið að stöðva útgáfu Airbnb-leyfa í bæjarfélaginu. Stjórn sveitarfélagsins segist vilja með því stuðla að öflugra bæjarlífi.**

**VÍK** „Við höfum sett stopp á að fleiri íbúðarhús fari undir skammtímaleigu til ferðamanna, svo sem leigu í gegnum Airbnb,“ segir Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri í Vík í Mýrdal. Mikill húsnæðisskortur er í bæjarfélaginu sem glímir við vaxtarverki vegna aukins ferðamannafjölda. „Hér er húsnæðisskortur og við þurfum líka að horfa til þess að hér verði bæjarlíf, venjulegt samfélag. Það dugar okkur ekki að fá bara fasteignagjöldin greidd,“ segir sveitarstjórinn.



Húsnæðisskortur í Vík í Mýrdal er fylgifiskur fjölgunar ferðamanna. Sveitarstjórinn segir fjármagni ekki rétt skipt til uppbyggingar. FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK

Sem dæmi um húsnæðisskortinn í Vík óskaði Guðjón Gestsson, svæðisstjóri Kjarvals á Suðurlandi, nýverið eftir bráðabirgðaheimild frá 15. maí til 1. október til að setja upp tvo gáma fyrir aftan verslunina í Vík til að hafa þar aðstöðu fyrir sumarstarfsfólk. Gámana hugsaði hann sem gistingu og salernisaðstöðu fyrir starfsfólkið.

Sveitarstjórnin hafnaði beiðninni og leitar annarra lausna. „Við viljum ekki að fólk búi í gámum á bak við hús og vinnum í því að finna aðrar lausnir,“ segir Ásgeir. „Það hefur orðið mikil breyting í bæjarfélaginu,“ segir hann og bætir við að bæjarbúum hafi fjölgað um 12,5% á einu og hálfu ári. „Við erum fámennt sveitarfélag og þurfum fleiri hendur til að sinna þeim verkum sem fylgja uppbyggingu í ferðaþjónustu. Þetta er ekki neikvætt en við þurfum að bregðast við þessu engu að síður,“ segir hann.

Ásgeir segir fjármagn til uppbyggingar á helstu ferðamannastöðum landsins ekki verða tekið úr sveitarsjóði 550 manna sveitarfélags þegar þangað komi allt að 800 þúsund ferðamenn á ári. „Við þurfum að fá fjármagn til að gera það sem gera þarf í uppbyggingu fyrir ferðamenn. Við fengum aðeins sextán milljónir úthlutaðar til uppbyggingar í ár, sem er tæpur helmingur á við nágranna okkar í austri og þó er umferðin um Reynisfjall, þ.e. til Víkur, rúmlega tvöfalt meiri en um Mýrdalssand,“ segir Ásgeir. „Við fengum til dæmis hvorki peninga til að setja í bílastæði eða bætt aðgengi í Reynisfjöru og við Sólheimajökul, en 30 milljónir fóru í bílastæði í Skaftafelli en þangað kemur aðeins brot þeirra ferðamanna sem sækja þessa staði heim og ég hélt að þar væri ágætt bílastæði lagt bundnu slitlagi. Peningum er greinilega ekki skipt miðað við hvernig ferðamannastraumurinn flæðir um landið.“ **kristjanabjorg@frettabladid.is**

> Við viljum ekki að fólk búi í gámum á bak við hús og vinnum í því að finna aðrar lausnir.



Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri Vík í Mýrdal

**800.000** ferðamenn á ári

**550** íbúar

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# TAX FREE

OPIÐ Í DAG
sjá afgreiðslutíma á husa.is

# ÖLL REIÐHJÓL



TAX FREE
32.180kr
~~39.900 kr~~

AUTHOR VECTRA 26"
18 gíra Shimano Revoshift.
3901307



TAX FREE
35.995kr
~~43.900 kr~~

AUTHOR MATRIX 24"
18 gíra Shimano Revoshift skipting,
3901305/13



TAX FREE
30.566kr
~~37.900 kr~~

AUTHOR MELODY 20"
6 gíra Shimano Revoshift skipting.
3901312

AUTHOR
EVRÓPSKT GÆÐAMERKI Á ÓTRÚLEGA GÓÐU VERÐI!

## GARÐÁBURÐUR, GRASKORN OG MOSAEYÐIR

20% afsláttur



20% afsláttur

Sýpris
999kr
~~2.490~~



Grasfræ
1.432kr
~~1.790~~



20% afsláttur

Graskorn 5 kg
1.272kr
~~1.590~~

20% afsláttur

Kalkkorn 5 kg
799kr
~~999~~



20% afsláttur

Mosaeyðir
3.992kr
~~4.990~~



blómaval



6.459kr
Rafmagnshekkklippur
520W, 46 cm blað, klippigeta 16 mm.
5083756



15.995kr
Keðjusög EKSN-2200-40
2200W, 40 cm blað.
5083730



1.195kr
Laufhrífa
Green-It.
5084343

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

# Meirihluti tekna Valitor erlendis í fyrsta sinn

**VIÐSKIPTI** Kortafyrirtækið Valitor hagnaðist um 49 milljónir króna á síðasta ári. Hagnaðurinn dróst talsvert saman milli ára en hann nam 215 milljónum króna árið 2014.

Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitor, segir fyrirtækið hafa farið í miklar fjárfestingar á síðasta ári.

„Það hefur skemmri tími áhrif á hagnaðinn en til lengri tíma ætti það að vera jákvætt,“ segir hann.

> [Miklar fjárfestingar á síðasta ári hafa] skemmri tími áhrif á hagnaðinn en til lengri tíma ætti það að vera jákvætt.



Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitor

Meirihluti tekna Valitor kom til vegna starfsemi erlendis á síðasta ári í fyrsta sinn, en hlutfall erlendra tekna var 18 prósent árið 2012.

Meðal þeirra verkefna sem Valitor vinnur að er félagið Iteron Ltd. á Bretlandi en Valitor bókfærði hálfs milljarðs króna tap vegna starfsemi þess á síðasta ári. Viðar segir fyrirtækið vera að stíga sín fyrstu skref og stefna á markaðssetningu hjá kaupmönnum á Bretlandi. „Við erum að byggja félagið upp frá grunni og það kostar auðvitað sitt,“ segir hann.

Þjónustutekjur Valitor jukust talsvert á milli ára og námu 10,4 milljörðum króna 2015, miðað við 8,2 milljarða króna árið 2014. Á móti jukust þjónustugjöld og námu 6,7 milljörðum 2015 miðað við fjóra milljarða árið áður.

Viðar segir fyrirtækið vera búið að bókfæra um 4,5 milljarða króna vegna kaupa Visa International á Visa Europe, en stefnt er að því að ganga frá þeim viðskiptum á þriðja ársfjórðungi þessa árs.

Arion banki á 99 prósent af hlutafé í Valitor. Eigið fé félagsins nemur 7,6 milljörðum króna, skuldir 26,8 milljörðum og eignir 34,4 milljörðum króna. **– ih**



**Keppandi Bretlands er frá Wales.** NORDICPHOTOS/AFP

## Banna valda fána í keppninni

**SVÍÞJÓÐ** Keppandi Bretlands í Eurovision, Joe Woolford, mun ekki fá að sjá fána heimalands síns Wales þegar hann keppir í Eurovision síðar í mánuðinum.

Lista yfir þá fána sem má ekki bera í lokakeppni Eurovision í Svíþjóð var lekið á netið á dögunum og þar mátti sjá fána ISIS, Palestínu, Norður-Kýpur, Krímskaga og fleiri svæða.

Fáni Wales er einn þeirra sem hafa verið bannaðir og hefur það vakið furðu fjölmargra.

Einungis fánar keppnisþjóða og viðurkenndra þjóðríkja hjá Sameinuðu þjóðunum eru leyfilegir auk regnbogafána hinsegin baráttunnar og fána Evrópusambandsins. **– srs**

## Evrópa að opnast Tyrkjum

**TYRKLAND** Framkvæmdastjórn ESB lagði í gær til að Tyrkjum yrði heimilt að ferðast innan landamæra ríkja sambandsins án vegabréfsáritunar.

Tillagan er liður í að uppfylla samning sem ESB gerði við Tyrkland 18. mars síðastliðinn um flóttafólk. Samþykki þjóðþing sambandsríkja, Evrópuþingið og Evrópuráðið tillöguna verður Tyrkjum hins vegar hvorki heimilt að ferðast til Írlands og Bretlands án leyfis, né Íslands, Liechtenstein, Noregs eða Sviss.

Ferðafrelsið er háð því að Tyrkir uppfylli skilyrði samningsins um að taka á móti flóttamönnum sem höfðu komið til Evrópu í gegnum Tyrkland. **– þea**

# Landvernd ákallar stjórnvöld um að bjarga lífríki Mývatns

Landvernd hefur skrifað forsætisráðherra og skorað á ríkisstjórn hans að bregðast við skuggalegu ástandi lífríkis Mývatns. Náttúran skuli njóta vafans og sveitarfélagið aðstoðað við þær aðgerðir sem í mannlegu valdi standa – áður en það er of seint. Áskorunin kemur í kjölfar fréttaflutnings síðastliðinna mánaða.

**UMHVERFISMÁL Landvernd skorar á ríkisstjórnina að grípa tafarlaust til aðgerða til að vernda lífríki Mývatns og aðstoða Skútustaðahrepp til að koma fráveitumálum sveitarfélagsins í ásættanlegt horf.**

Bréf þessa efnis var sent Sigurði Inga Jóhannssyni forsætisráðherra síðdegis í gær. Áskorunin kemur í kjölfar fréttaflutnings síðastliðinna mánaða um grafalvarlegt ástand sem upp er komið, og áskorana umhverfisverndarsamtaka og nú síðast veiðifélags Laxár og Krákár á dögunum. Þar var ástandinu í vatninu líkt við neyðarástand sem bregðast yrði við tafarlaust.

Eins og Fréttablaðið greindi frá um miðjan mars hefur mælst óhemju magn blábaktería í Mývatni tvö síðastliðin sumur sem er skýrt merki ofauðgunar í vatninu af mannavöldum. Niðurstöður mælinga í fyrrasumar sýndu tólffalt það magn sem talið er óhóflega mikið í leiðbeiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).

Árni Einarsson, forstöðumaður Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn, sagði í viðtali við Fréttablaðið á þeim tíma það engum vafa undirorpið að athafnir manna hefðu aukið bakteríuvöxtinn svo óhóflega með losun næringarefna í Mývatn – og þar kæmi meðal annars til frárennsli frá þéttbýli, áburðargjöf og iðnrekstri. Eins getur verið að enn þá gæti áhrifa frá Kísilverksmiðjunni við Mývatn sem lokað var 2004.

Þegar þetta ástand er sett í samhengi við að hinn frægi kúluskítur heyrir að kalla sögunni til, þá segir Árni um bein orsakatengsl að ræða. Við það má bæta að bleikjustofn vatnsins er nánast horfinn og hornsílastofninn líka, eins og Fréttablaðið greindi frá.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar, segir að þjóðin verði að axla betur ábyrgð þegar kemur að vernd okkar dýrmætustu náttúrugersema – sem Mývatn svo sannarlega er.



**Þessi ljósmynd vakti mikla athygli við fyrstu frétt blaðsins 15. mars.** MYND/ÁRNI

> Þegar er horft er til framtíðarnýtingar á svæðinu verður lífríki Mývatns og Laxár ávallt að njóta vafans.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar



„Enda er þetta ekki bara á ábyrgð Mývetninga heldur allrar þjóðarinnar og hefur með orðspor okkar í náttúruvernd og ferðaþjónustu að gera. Nú er mikilvægast að allir leggist saman á árarnar,“ segir Guðmundur og bætir við að vissulega séu þekktar miklar náttúrulegar sveiflur í lífríki Mývatns, en þær séu ekki á okkar valdi. „Það sem við getum gert er að tryggja að álagi á vistkerfi vatnsins af mannavöldum sé ávallt haldið í algjöru lágmarki. Þegar er horft er til framtíðarnýtingar á svæðinu verður lífríki Mývatns og Laxár ávallt að njóta vafans.“

Viðmælendur Fréttablaðsins hafa undanfarnar vikur lýst yfir furðu sinni á tómlæti stjórnvalda hvað varðar Mývatn – en sveitarstjórnarfólk lýsti t.d. í viðtali að umleitunum þess um aðstoð hefði ekki verið sinnt. Sérstaklega kemur þetta þeim sem gerst þekkja á óvart fyrir þá staðreynd að Mývatn og Laxá eru vernduð samkvæmt sérlögum, og viðurkennt af umhverfisráðuneytinu í viðtali við Fréttablaðið, að það leggi auknar skyldur á axlir stjórnvalda.

Mývatn og Laxá hafa verið flokkuð á rauðan lista Umhverfisstofnunar í fjögur ár, en það nær til þeirra svæða sem stofnunin „telur að séu undir miklu álagi sem bregðast þurfi við strax“, eins og segir í skýringum.

**svavar@frettabladid.is**

### Ógnir við Mývatn

- Kúluskítur sem er friðlýst tegund virðist vera horfinn úr Mývatni.
- Bleikja er á undanhaldi á svæðinu – stofninn er svo gott sem horfinn.
- Næringarefnaauðgun sem má m.a. rekja til fráveitu sem vinna þarf úrbætur á.
- Mikill ferðamannastraumur setur aukaálag á vistkerfi svæðisins bæði hvað varðar fráveitur og ágang á náttúruverndarsvæði.

*Heimild: Umhverfisstofnun*






# Guðni tilkynnir formlega framboð

**STJÓRNMÁL** „Ég vona að þessir dagar sem í hönd fara verði skemmtilegir og gefandi og að þjóðin verði sátt við niðurstöðuna að lokum. Hver sem hún verður,“ segir Guðni Th. Jóhannesson um kosningabaráttuna sem er fram undan. Hann tilkynnir í dag formlega um framboð sitt til forseta Íslands.

Ólafur Ragnar Grímsson nýtur mests fylgis í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Séu svörin skoðuð í heild sést að 31 prósent myndi kjósa Ólaf Ragnar, 26 prósent myndu kjósa Guðna Th. Jóhannesson og sjö prósent Andra Snæ. Tvö prósent myndu kjósa Höllu Tómasdóttur og aðrir fengju minna.

Séu einungis skoðuð svör þeirra sem afstöðu tóku er Ólafur Ragnar með 45 prósenta fylgi, Guðni með 38 prósenta fylgi og Andri Snær með 11 prósent.

Guðni Th. segir það vera forréttindi að búa í samfélagi þar sem gengið er til kosninga með nokkurra mánaða millibili. Þar vísar Guðni í forsetakosningarnar og svo alþingiskosningarnar sem fram undan eru. **– jhh**



**Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur og fjölskylda hans.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Þeir sem tóku afstöðu**





Sparið 22.000 krónur
VALITOR VISA KORTALÁN ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR
Netgíró
JUTLANDIA®
BORÐ + 4 STÓLAR
FULLT VERÐ: 66.950
44.950
STRIB BORÐ + 4 GUDHJEM STÓLAR
Flott sett úr stáli og fléttuðu, veðurþolnu polyrattan efni. Borðið er með viðhaldsfrírri borðplötu úr viðarlíki. Stærð á borði: B84 x L150 x H73 sm. Staflanlegir stólar. Stóll 7.990 Borð 34.990 Vnr. 3745903, 3745140, 3745992
FRÁBÆR TILBOÐ!
OPIÐ Í DAG UPPSTIGNINGARDAG
KELLY TUNGUSÓFI
Glæsilegur tungusófi úr TECOL LEATHER efni. Litur: Svartur. Fáanlegur með vinstri eða hægri tungu. Stærð: B292 x D100 x H88 sm. Tunga: 228 sm. Vnr. 8880000860
Sparið 60.000 krónur
VALITOR VISA KORTALÁN ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR
Netgíró
FULLT VERÐ: 299.950
239.950
30% afsláttur
NÚ VERÐ FRÁ:
6.995
THEO FERÐATÖSKUR
Lítil 9.995 nú 6.995 Mið 12.950 nú 8.995
Stór 19.950 nú 13.950 Vnr. K12100130
Kauptu 2 og sparaðu 1000
MYRKVUNARGARDÍNA
AMUNGEN MYRKVUNAR-GARDÍNUR
Góðar myrkvunargardínur sem halda birtunni úti. Fást í 3 litum: Gráar, kremaðar og svartar. Stærðir: 1 x 140 x 175 sm. 3.995 nú 2 vængir 6.990 1 x 140 x 245 sm. 4.995 nú 2 vængir 8.990 Vnr. 5007700
1 VÆNGUR FRÁ:
3.995
Frábært VERÐ
PRICE★STAR Aðeins ódýrara í Rúmfatalagernum
SÆNG OG KODDI
SÆNG + KODDI
4.995
BERGEN SÆNG OG KODDI
Góð sæng fyllt með 990 gr. af sílikonhúðuðum polyestertrefjum. Sængin er sikksakksaumuð. Áklæði úr míkrófíber. Þolir þvott við 60°C. Sæng: 135 x 200 sm. Koddi: 50 x 70 sm. Koddi þyngd: 500 gr. Vnr. 4040350
Kauptu 4 og sparaðu 28%
1 STK.
695
TIPMOSE SESSUR
Flottar stólsessur með fallegu munstri. Áklæði úr bómull / polyester. Stærð: 40 x 40 x 8 sm. 1 stk. 695 4 stk. 1.995 Vnr. 6482202
Sparið 10.000
OLIVER SKRIFBORÐSSTÓLL
Stóll með innbyggðri gaspumpu sem tryggir stiglausa hæðarstillingu. Hægt að rugga. Litir: Svartur/rauður eða svartur/blár. Vnr. 8880000858, 8880000859, 8880000830
FULLT VERÐ: 29.950
19.950
NIGHT DREAMS BASIC
STRAUFRÍTT
Sparið 1000
GRO SÆNGURVERA-SETT
Efni: 70% polyester og 30% bómull. Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm. Lokað með tölum. Vnr. 1254580
FULLT VERÐ: 2.495
1.495
Frábært VERÐ
VALITOR VISA KORTALÁN ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR
Netgíró
FÆTUR OG BOTN FYLGJA
blue sky
STÆRÐ: 153 X 203 SM.
69.950
BLUE SKY DÝNA
Miðlungsstíf dýna með 250 pokagormum pr. m2. Innifalið í verði er 4 sm. þykk yfirdýna. Vnr. 8880000667
40% afsláttur
FULLT VERÐ: 2.495
1.495
ÆFINGADÝNA
Litur: Grænn. Stærð: 61 x 180 x 0,7 sm. Vnr. 4730800
30% afsláttur
RUDE SPEGLAR
Vnr. 3865002, 3805161
FULLT VERÐ: 6.995
4.895
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

## Aðalfundur

**Byggingasamvinnufélags Samtaka aldraðra bsvf.**

**Verður haldinn fimmtudaginn 12. maí. 2016 kl. 14.00 í safnaðarheimili Grensássóknar, Háaleitisbraut 66.**

**Dagskrá aðalfundar:**
Á aðalfundi skal leggja fram ársreikning og skýrslu endurskoðenda ásamt skýrslu stjórnar um hag félagsins:

Á fundinum skal taka ákvörðun um:
- **a. Staðfestingu ársreiknings.**
- **b. Kjör stjórnar og endurskoðenda.**
- **c. Þóknun endurskoðenda fyrir liðið ár .**
- **d. Árgjald fyrir næsta ár.**
- **e. Breytingar á samþykktum.**
- **f. Önnur þau mál sem heyra undir aðalfund samkvæmt lögum og félagssamþykktum.**

Breytingatillögur á samþykktum félagsins liggja frammi á skrifstofu félagsins Síðumúla 29. Skrifstofan verur opin næstu daga frá 13 til 16.

*Stjórnin*








# Heil borg rýmd vegna elda



**Flýja gegnum kófið** Rýma þurfti borgina Fort McMurray vegna mikilla sinuelda í Albertafylki í Kanada. Áttatíu þúsund manns hafa þurft að yfirgefa heimili sín en eldarnir stefndu í gær að miðborginni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Trump er einn eftir

**Nú þegar bæði Ted Cruz og John Kasich hafa dregið sig í hlé í slag repúblikana virðist fátt geta stöðvað sigurgöngu Donalds Trump. Bernie Sanders ætlar hins vegar að berjast áfram gegn Hillary Clinton, þótt hún þyki eiga sigurinn vísan.**

**BANDARÍKIN** Repúblikanar sitja væntanlega uppi með Donald Trump sem forsetaframbjóðanda sinn í haust, mörgum helstu ráðamönnum flokksins til skelfingar.

Elizabeth Warren, öldungadeildarþingmaður fyrir Demókrataflokkinn, segir Trump hafa meira fylgi í Ku Klux Klan samtökunum heldur en í valdakjarna Repúblikanaflokksins.

Hún segir hann hafa náð þessum árangri með því að básúna kynþáttahatur, kvenhatur og útlendingahræðslu.

Fyrirfram þóttu almennt litlar líkur á því að Trump myndi sigra í forkosningum Repúblikanaflokksins, en nú þegar mótherjarnir Ted Cruz og John Kasich hafa báðir dregið sig í hlé getur fátt stöðvað Trump.

Cruz var búinn að tryggja sér 565 fulltrúa á landsþingi flokksins í júlí, Kasich var kominn með 153 og Marco Rubio með 173. Fastlega má

> Mér skilst að Clinton haldi að baráttunni sé lokið, en ég er með slæmar fréttir handa henni.
>
> Bernie Sanders



búast við að einhverjir þeirra greiði Trump atkvæði sitt.

Trump er hins vegar kominn með 1.047 og þarf ekki nema 230 til viðbótar. Honum er svo spáð góðum sigri í Kaliforníu og New Jersey að það eitt ætti að tryggja honum sigurinn.

„Maðurinn er algerlega siðlaus,“ sagði Cruz á þriðjudaginn, þegar kosið var í Indiana, og líkti Trump við óþokkann Biff Tannen úr bíómyndunum Aftur til framtíðar.

Þegar úrslitin lágu fyrir um kvöldið sagðist Cruz draga sig í hlé og í gær gerði John Kasich hið sama.

Sjálfur er Cruz reyndar sagður vera harla vafasamur persónuleiki, og Trump tók óspart þátt í þeirri gagnrýni: „Hann er andstyggilegur náungi,“ sagði Trump um Cruz áður en forkosningar flokkanna hófust. „Engum líkar við hann.“

Í Demókrataflokknum þykir Hillary Clinton nánast örugg með útnefninguna, þótt Bernie Sanders hafi unnið óvæntan sigur í Indiana.

„Ég veit að öll gáfnaljósin héldu að við ættum að tapa, en það er greinilega ekki sú niðurstaða sem íbúarnir í Indiana komust að,“ sagði Sanders þegar ljóst var að hann hafði sigrað Clinton með miklum yfirburðum á þriðjudaginn.

„Mér skilst að Clinton haldi að baráttunni sé lokið, en ég er með slæmar fréttir handa henni,“ sagði hann og er staðráðinn í að halda ótrauður áfram.

gudsteinn@frettabladid.is

# FRÍHAFNARDAGAR



**TAX FREE**

**SNYRTIVÖRU DAGAR**

DAGANA 4.-8. MAÍ
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **SNYRTIVÖRUM**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Síður inngrip hjá þeim sem fæða heima

**Fyrsta íslenska rannsóknin um heimafæðingar hefur litið dagsins ljós. Berglind Hálfdánsdóttir bar saman fæðingar á sjúkrahúsum og í heimahúsi í doktorsverkefni sínu. Hún segir að það mætti bjóða konum í meiri mæli upp á fæðingarþjónustu utan sjúkrahúsa.**

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@365.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Konur hafa rétt til að velja hvar þær fæða börnin sín. Sá réttur er staðfestur af Mannréttindadómstól Evrópu og hefur ekki verið þrengt að þeim rétti hér á landi.

Aftur á móti hafa nær allar íslenskar konur valið að fæða barn sitt inni á sjúkrahúsi síðustu áratugi. Til dæmis fæddi eingöngu 0,1 prósent kvenna utan sjúkrastofnana árið 1990. Frá aldamótum hefur þó færst í vöxt að konur fæði heima og síðustu ár hafa um tvö prósent fæðinga verið í heimahúsi.

Berglind Hálfdánsdóttir, doktor í ljósmæðrafræðum, gerði rannsókn þar sem hún bar saman hraustar konur sem ákváðu fyrirfram að fæða í heimahúsi annars vegar og á sjúkrastofnun hins vegar.

„Í stuttu máli eru niðurstöðurnar þær að hjá konum sem fæða í heimahúsi og eru ekki í áhættuhópi á meðgöngu var lægri tíðni hríðaörvunar og mænudeyfinga auk minni blæðinga eftir fæðingu en hjá sambærilegum hópi sem fæddi á sjúkrahúsi,“ segir Berglind.

Einnig var hópur kvenna skoðaður sem kaus að fæða heima, þrátt fyrir að eiga við vandamál að stríða, sem flokkast undir áhættumeðgöngu. Hjá þeim hópi kom í ljós aukin áhætta við að fæða heima.

Til viðbótar var viðhorf kvenna til fæðinga skoðað og athugað hvort það hefði áhrif á fæðinguna. „Jákvætt viðhorf kvenna hefur vissulega jákvætt fylgi við heimafæðingar og minni inngrip við fæðingar. En það skýrir þó ekki alveg þennan mun á heima- og sjúkrahúsfæðingum.“

Berglind segir niðurstöður rannsóknarinnar vekja upp spurningar um fyrirkomulag fæðinga á Íslandi. „Í heilbrigðiskerfi sem rekið er fyrir opinbert fé og þar sem stöðugt þarf að huga að því hvernig við nýtum best fjármuni, má velta fyrir sér hvort það megi teljast eðlilegt að jafn hátt hlutfall kvenna fæði inni á sjúkrahúsi og raun ber vitni hér á landi.“

Síðustu ár hefur umræðan um heimafæðingar á Íslandi opnast. Berglind telur líklegt að netið eigi sinn þátt í því að konur ræði saman og geri sér grein fyrir fleiri valkostum en sjúkrahúsfæðingum. Þess má geta að heimafæðingartíðnin er hæst á Íslandi af Norðurlöndunum og aðeins Bretland og Holland eru með hærri tíðni í Evrópu.

„Til að efla þetta enn frekar er mikilvægt að vera með faglegar leiðbeiningar um hvað felist í öruggri fæðingarþjónustu. Eitthvað sem yrði á landsvísu og er ekki til í dag. Einnig þarf að samþætta betur, með formlegum hætti, heimaþjónustu og sjúkrahús. Svo samráð og flutningur gangi greiðlega fyrir sig ef upp koma vandamál. Einnig þarf að gæta þess að menntun íslenskra ljósmæðra verði áfram jafn sterk og vönduð og hún hefur verið hingað til.“

Berglind segir vissulega ódýrara fyrir heilbrigðiskerfið að heimafæðingum fjölgi. Kostnaður eigi þó alls ekki að stýra því hvernig litið sé til fæðingarstaða eða vera forsenda fyrir fjölgun heimafæðinga.

„Við búum í samfélagi þar sem konur eru aldar upp við þá hugmynd að sjúkrahús sé eðlilegi fæðingarstaðurinn og öruggasti valkosturinn. Ef það er sannfæring konunnar að sjúkrahús sé öruggast fyrir hana, þá er það rétti staðurinn. Lykilatriði í fæðingu er að kona sé ekki hrædd þegar hún fer í fæðingu því það getur haft neikvæð áhrif á sjálfa fæðinguna. Því má ekki ýta á konur að fæða heima af sparnaðarástæðum, það myndi ekki gefa góða raun. Aftur á móti má bjóða upp á góða valkosti.“



Síðustu áratugi hafa flestar konur hér á landi valið að eiga börn sín á sjúkrahúsi þó svo að heimafæðingum hafi vaxið fiskur um hrygg. MYND/HALLDÓRA ÓLAFSDÓTTIR

## Sjúkrahúsvæðing fæðinga

**Til 1930**
**Allar fæðingar í heimahúsi.**

**1931**
**Fæðingardeild Landspítala opnuð** og í framhaldinu fæðingardeildir á öðrum sjúkrahúsum. Mikil framför fyrir konur í áhættuhópum en hraustar konur fara einnig í auknum mæli inn á sjúkrahús.

**1950**
**Fæðingartíðni á sjúkrahúsum hækkar** verulega vegna almennrar notkunar á sýklalyfjum en þar af leiðandi urðu sjúkrahús hættuminni.

**1960**
**Fæðingarheimili Reykjavíkur opnað** og þá fækkar bæði heima- og sjúkrahúsfæðingum.



**1970**
**2%**
**kvenna fæða heima.**

**1990**
**0,1%**
**kvenna fæðir heima.**
Fæðingarheimili Reykjavíkur er lokað 1995 og nær allar fæðingar færast inn á sjúkrahús.

**2014**
**2,2%**
**kvenna fæða heima.**

> **Í heilbrigðiskerfi sem rekið er fyrir opinbert fé og þar sem stöðugt þarf að huga að því hvernig við nýtum best fjármuni, má velta fyrir sér hvort það megi teljast eðlilegt að jafn hátt hlutfall kvenna fæði inni á sjúkrahúsi og raun ber vitni hér á landi.**


Berglind Hálfdánsdóttir, doktor í ljósmæðrafræðum

AROUNDTHEWORLD.IS

Undur ítölsku vatnanna og Carmen í Verona ágúst ‘16

Alparnir og Októberfest í München sept.

Aðventuferðir til Þýskalands í sölu

Kiktu á vefinn
www.aroundtheworld.is

Láttu drauminn rætast

## Ljóðævi Ingvars Gíslasonar

*Í tilefni níræðisafmælis Ingvars Gíslasonar, fyrrum alþingismanns og ráðherra, 28. mars 2016, kemur út úrval ljóða hans,* **ÚR LAUSBLAÐABÓK - Ljóðævi.**
**Verð bókarinnar er 2700 krónur.**

**Þeir sem áhuga hafa á að eignast ljóðaúrvalið, geta pantað bókina á netfangi: tryggvi.gislason@simnet.is eða í símum 4611078 eða 8969638 og verður bókin þá send þeim í pósti.**

*F.h. ritnefndar*
*Tryggvi Gíslason - Suðurlandsbraut 58 - 108 Reykjavík*

**Boðun til aðalfundar ORF Líftækni hf.**

ORF LÍFTÆKNI

ORF Líftækni hf., kt. 420201-3540, boðar til aðalfundar félagsins 19. maí 2016 kl. 16.30 í Þingsal 2 og 3 í Icelandair Hótel Reykjavík Natura (hét áður Hótel Loftleiðir), Nauthólsvegi 52, 101 RVK.

**Fundarefni:**

1. Setning fundar, kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Venjuleg aðalfundarstörf, m.a.
   - Skýrsla stjórnar og kynning á starfsemi félagsins
   - Kynning á reikningum félagsins
   - Samþykkt ársreiknings
   - Meðferð rekstrarhagnaðar/taps
   - Kosning stjórnar og endurskoðanda
   - Greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda
3. Kynning framkvæmdastjóra rannsókna- og vöruþróunarsviðs
4. Önnur mál

Kópavogur, 4. maí 2016

*Stjórn ORF Líftækni hf.*




KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
PIPAR\TBWA • SÍA

# Yfir 6.000 jarðskjálftar frá goslokum

**Jarðskjálftar í og við Bárðarbungu eru tíðir og margir allstórir. Tíðni þeirra hefur aukist frá haustdögum. Vísindamenn fylgjast grannt með og í undirbúningi er að setja upp mælitæki á fjallinu. Sagan kennir að næstu ár gæti Bárðarbunga haldið þjóðinni á tánum.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Fjölmargir jarðskjálftar hafa orðið í og við Bárðarbungu á þeim fimmtán mánuðum sem liðnir eru frá goslokum í Holuhrauni. Tíðni skjálfta eykst og skjálftar upp á rúmlega þrjú stig verða nokkuð ört.

Þróunin hefur orðið til þess að sérfræðingar Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands fylgjast vel með framvindunni. Uppi eru áform um að koma mælistöð fyrir á eldfjallinu og vísindamannaráð Almannavarna mun koma saman til skrafs og ráðagerða á næstunni.

### Mesta hraungos frá 1783

Eins og flestir muna lauk eldgosinu í Holuhrauni í lok febrúar 2015. Það varð mesta hraungos á landinu síðan í Skaftáreldum 1783. Smám saman, að gosi loknu, mátti ráða af skjálftavirkni undir Bárðarbungu að kerfið kynni að vera að sækja í sig veðrið. Saga eldgosa þar bendir til þess að mislöng virknitímabil hafa gengið yfir, nú síðast á 18. öld. Stök eldgos eru líka þekkt, samanber Tröllahraunselda 1862-1864, í syðri sprungurein eldstöðvakerfisins.

### Skýr mynd í gögnum

Ari Trausti Guðmundsson, jarðvísindamaður og rithöfundur, hefur kynnt sér gögn sem sérfræðingar Veðurstofunnar birta á vefsíðu hennar, um skjálftavirknina í og við Bárðarbungu. Þau sýna skjálfta kringum stóru kvikufylltu sprunguna (ganginn) sem gat af sér eldgosin veturinn 2014 til 2015 og enn fremur skjálfta í Bárðarbungu sjálfri.

„Þetta eru alls tæplega 6.200 skjálftar, frá goslokum til síðustu mánaðamóta. Margir skjálftar eru um og yfir þrjá að stærð en einn 4,2 stig fyrir skömmu, með upptök grunnt í jarðskorpunni undir Bárðarbungu, á um það bil þriggja kílómetra dýpi. Eftir því sem liðið hefur á þetta tímabil hefur skjálftum fækkað við kvikuganginn en þeim fjölgar í Bárðarbungu sjálfri. Þarna kemur líka fram að jarðhræringum í eldfjallinu fjölgaði hægt framan af 2015 en heldur hraðar á þessu ári,“ segir Ari Trausti og bætir við að gögnin sýni að 3-stiga skjálftar séu síst á undanhaldi.



Eldgosið í Holuhrauni stóð í sex mánuði, en myndin er tekin 2. september 2014. MYND/ARI TRAUSTI

> Allnokkrar dýpri jarðhræringar, á 20 til 25 kílómetra dýpi, geta hins vegar táknað að kvika rísi undir miðju eldstöðvakerfisins.
>
> Ari Trausti Guðmundsson, jarðvísindamaður og rithöfundur



### Eldfjallið þenst út

„Landfærslumælingar með GPS-stöðvum virðast styðja þá tilgátu að eldfjallið þenjist út og gætu þá margir skjálftanna einmitt stafað af vaxandi kvikuþrýstingi djúpt undir miðju eldstöðvakerfisins,“ segir Ari Trausti.

„Staðsetningar jarðskjálfta, samkvæmt gögnunum, sýna að skjálftar á þriggja til tíu kílómetra dýpi eru algengastir. Þeir verða í stökka hluta jarðskorpunnar, stundum kallaðir brotaskjálftar. Allnokkrar dýpri jarðhræringar, á 20 til 25 kílómetra dýpi, geta hins vegar táknað að kvika rísi undir miðju eldstöðvakerfisins. Fyrir því ferli eru vísbendingar úr aðdragandanum að Eyjafjallajökulsgosinu 2010. En ég ítreka mikilvægi þess að mín orð og gögnin eru ekki ígildi spár um frekari eldsumbrot. Nóg að segja að líkur á nýjum umbrotum aukist núna.

Enginn veit hvar eða hvenær eitthvað slíkt kann að gerast enda getur þessi þróun stöðvast, allt eins og haldið áfram,“ segir Ari Trausti að lokum.

### Yfir 20 eldgos á sögulegum tíma

- Bárðarbunga í norðanverðum Vatnajökli er virknimiðja í öflugu eldstöðvakerfi sem nær frá Dyngjuhálsi í norðri inn á Torfajökulssvæðið í suðaustri. Það mælist tæplega 200 kílómetra langt og allt að 30 kílómetra breitt.
- Í kerfinu eru tvær megineldstöðvar, Bárðarbunga og Hamarinn.
- Eldgos hafa orðið yfir 20 sinnum í Bárðarbungukerfinu á sögulegum tíma. Í upphafi 18. aldar og fram undir 1740 gekk yfir hrina eldgosa og væntanlega gliðnunar í norðurhlutanum.
- Gjóskulög og jökulhlaup í Jökulsá á Fjöllum benda til þess að eldurinn hafi oft verið uppi undir jökli en það kann líka að hafa gosið á íslausu landi enda nokkuð um nýleg hraun og gíga frá Dyngjuhálsi yfir í Holuhraun.
- Nokkru fyrr, á 9. og 15. öld, urðu öflugar gos- og rekhrinur í suðurhluta Bárðarbungukerfisins.




# Umdeilt skattahagræði auðmanna í Bretlandi

**EFNAHAGSMÁL** Erlendir einstaklingar með háar fjármagnstekjur hafa mestan hag af því að skrá sig með þeim hætti sem forsetafrúin Dorrit Moussaieff hefur gert í Bretlandi, segir Jakob Jakobsson skattalögfræðingur.

„Einstaklingar sem búsettir eru í Bretlandi en með lögheimili utan Bretlands geta sóst eftir því að vera skilgreindir í skattalegu tilliti þar í landi sem „non-domiciled residents“ og samkvæmt breskum skattalögum greiða umræddir einstaklinga þá skatt af fjármagnstekjum sem upprunnar eru utan Bretlands með ákveðnum hætti,“ skýrir Jakob frá.

Hann segir athyglina í bresku samfélagi helst vera á skattlagningu auðmanna sem hafa umrædda skattalega stöðu.

„Bretar virðast með þessari sérstöku skattlagningu erlendra einstaklinga hafa skapað eftirsóknarvert umhverfi meðal annars fyrir fólk með háar fjármagnstekjur. Hefur þessi sérregla annars lengi verið umdeild þar í landi vegna þeirrar ívilnunar sem getur fylgt umræddri reglu hvað varðar skattlagningu erlendra auðmanna sem búsettir eru í Bretlandi,“ segir Jakob og segir reyndar að svo áratugum skipti hafi verið skiptar skoðanir í Bretlandi á skattlagningu fjármagnstekna erlendra einstaklinga.

„Stjórnmálamenn hafa lagt fram tillögur um allt frá því að afnema umrædda sérreglu og skattleggja allar fjármagnstekjur óháð uppruna í Bretlandi til þess að vernda eigi umrædda sérreglu þar sem afleidd áhrif hennar séu jákvæð fyrir breskt efnahagslíf,“ segir Jakob. – kbg



Skattamál Dorritar hafa verið til umfjöllunar hér á landi og í Bretlandi þar sem skráning erlendra auðmanna er afar umdeild. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Bretar virðast með þessari sérstöku skattlagningu erlendra einstaklinga hafa skapað eftirsóknarvert umhverfi meðal annars fyrir fólk með háar fjármagnstekjur.
>
> Jakob Jakobsson, skattalögfræðingur


DEBENHAMS
SPRENGIDAGAR
ALLT AÐ
25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM*
20%
AFSLÁTTUR
AF SNYRTIVÖRUM
KONUR • HERRAR • BÖRN • SNYRTIVÖRUR
FLOTT OFURTILBOÐ - BARA Í DAG!
DÆMI UM VÖRUR Á OFURTILBOÐI:
RJR. JOHN ROCHA JEANS
40% afsl. af úrvali af gallabuxum fyrir alla fjölskylduna.
lounge & SLEEP at DEBENHAMS
LAZY DAYZ
40% afsl. af úrvali af náttfötum fyrir alla fjölskylduna.
redherring
40% afsl. af úrvali af yfirhöfnum fyrir alla fjölskylduna.
JESSIGIRL
40% afsl. af úrvali af skóm fyrir alla fjölskylduna.
bluezoo
40% afsl. af úrvali af sumarkjólum fyrir börn.
Mantaray
40% afsl. af Mantary fyrir dömur og herra.
*Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook
OPIÐ FRÁ KL.13:00-18:00
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Ástand heimsins




MYNDIR/UNICEF

## Börnin bólusett í Nepal

Ár er liðið frá mannskæðum jarðskjálfta í Nepal. UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, brást strax við og hefur meðal annars unnið að því að bólusetja íbúana til tryggja að sjúkdómar blossi ekki upp.

**1.** Tuttugu og þriggja ára gömul kona, Srijana B.K., á leið til bólusetningar með dætur sínar tvær. Sú yngri er þriggja mánaða og hvílir í körfu á baki móður sinnar. Hún heitir Swastika, en það nafn boðar gæfu í Nepal. Á undan trítlar svo fimm ára systir hennar, sem heitir Shashi.

**2.** Mæður bíða í þorpinu Barpak ásamt börnum sínum, yngri en fimm ára, eftir að þau fái bólusetningu gegn mislingum, rauðum hundum og mænusótt.

**3.** Sums staðar þurfti að flytja bóluefni, sem UNICEF hefur útvegað, á tveimur jafnfljótum til afskekktra þorpa í Nepal.

**4.** Ung stelpa bólusett gegn mænusótt í á heilsugæslumiðstöð í þorpinu Barpak í Gorkha-héraði, þar voru upptök skjálftans mikla á síðasta ári.

**5.** Starfsfólk og sjálfboðaliðar UNICEF ganga frá bóluefninu í sérútbúna kassa, sem svo eru fluttir til þorpa úti um allt land.












VAXTALAUS AFBORGUN VAXTALAUS AFBORGUN VAXTALAUS AFBORGUN VAXTALAUS AFBORGUN

TAG Heuer
SWISS AVANT-GARDE SINCE 1860

# Vaxtalaus afborgun af **öllum TAG Heuer úrum** í maí

Raðgreiðslur með Netgíró eða kreditkorti í allt að 12 mánuði



**TAG Heuer Aquaracer**
Staðgreitt **218.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **19.208 kr.**



**TAG Heuer Aquaracer Calibre 5**
Staðgreitt **312.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **27.315 kr.**



**TAG Heuer Carrera Caliber 7**
Staðgreitt **421.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **36.716 kr.**



**TAG Heuer Carrera Calibre 5**
Staðgreitt **382.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **33.353 kr.**

## Herraúr



**TAG Heuer Formula 1**
Staðgreitt **172.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **15.240 kr.**



**TAG Heuer Formula 1 Calibre 5**
Staðgreitt **250.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **21.968 kr.**



**TAG Heuer Formula 1**
Staðgreitt **288.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **25.245 kr.**



**TAG Heuer Formula 1**
Staðgreitt **202.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **17.828 kr.**



**TAG Heuer Aquaracer**
Staðgreitt **187.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **16.534 kr.**



**TAG Heuer Aquaracer**
Staðgreitt **187.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **16.534 kr.**



**TAG Heuer Formula 1**
Staðgreitt **211.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **18.604 kr.**



**TAG Heuer Aquaracer**
Staðgreitt **296.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **25.935 kr.**

## Dömuúr



**TAG Heuer Formula 1**
Staðgreitt **351.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **30.679 kr.**



**TAG Heuer Carrera**
Staðgreitt **562.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **48.878 kr.**

## Kíktu á allt úrvalið hjá okkur á Laugaveginum eða í Kringlunni

Upphæðir miðast við raðgreiðslur með Netgíró eða kreditkorti í 12 mánuði, 0% vextir, 3,5% lántökugjald og 405 kr. greiðslugjald.

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

Laugavegi 15 og Kringlunni – sími 511 1900 – www.michelsen.is

## NEYTENDUR

# Kvarta undan reikningum vegna meints tjóns á bílum

**Evrópska neytendaaðstoðin fær fjölda kvartana og fyrirspurna frá ferðamönnum sem leigt hafa bíla.**

Evrópska neytendaaðstoðin hefur varla undan við að svara kvörtunum og fyrirspurnum erlendra ferðamanna sem tekið hafa á leigu bíl hér á landi og eins Íslendinga sem leigt hafa bíl erlendis. Þetta kemur fram á vef aðstoðarinnar, eccisland.is. Oftast er kvartað undan reikningum vegna meints tjóns á bílum.

„Menn eru að fá reikninga eftir að þeir koma heim og það getur verið erfitt að mótmæla hafi menn ekki fengið staðfest að bíllinn hafi verið í lagi þegar honum var skilað,“ segir Ívar Halldórsson, lögfræðingur hjá Evrópsku neytendaaðstoðinni.

Á vefnum eccisland.is er bent á góð ráð þegar taka á bíl á leigu. Til dæmis er tekið fram að skoða eigi bílinn með starfsmanni til að athuga hvort einhverjar skemmdir séu á honum við móttöku. Séu skemmdir á bílnum þurfi að gæta þess að fá skriflega yfirlýsingu, undirritaða af starfsmanni, um að skemmdirnar hafi verið til staðar. „Það er jafnframt gott að taka myndir með dagsetningu af mögulegum skemmdum við afhendingu bílsins,“ bendir Ívar á.

Reyna á að skila bílaleigubílnum á afgreiðslutíma bílaleigunnar. Þá er möguleiki á að vera við skoðun á bílnum og hægt að andmæla ef því er haldið fram að skemmdir hafi orðið á bílnum. Evrópska neytendaaðstoðin mælir með því að fá yfirlýsingu frá starfsmanni um ástand bílaleigubílsins við skil og að bæði hann og leigutaki undirriti hana. Sé bílnum skilað utan afgreiðslutíma er ráðlegt að taka myndir með dagsetningu af ástandi hans og kílómetrastöðu til að geta sannað að bílnum hafi verið skilað í góðu ásigkomulagi.

Sérstaklega er bent á að á Íslandi hafi margar bílaleigur þann háttinn á að gefa ekki út fullnægjandi yfirlýsingu um gott ástand bíls fyrr en hann hafi verið þrifinn. Yfirleitt sé þó hægt að bíða á meðan þrifin fari fram og fara svo yfir ástandið með starfsmanni bílaleigunnar.

Margar bílaleigur eru sagðar bjóða þeim sem leigja bíl hér á landi að kaupa sérstaka sand- og öskutryggingu. Yfirleitt falli skemmdir á bílum vegna sand- eða öskustorms ekki undir hinar hefðbundnu tryggingar.

Hjá sumum bílaleigum, sérstaklega erlendis, sé gert ráð fyrir að leigutaki skili bílaleigubílnum án þess að fylla hann af eldsneyti, „Collect Full Return Empty Policy“. Þá er leigutaki einfaldlega rukkaður um heilan tank óháð því hve mikið eldsneyti er á bílnum við skil.

ibs@frettabladid.is



Óskemmtilegt er að vera rukkaður eftir utanlandsferðina vegna skemmda á bílaleigubíl sem maður á enga sök á.

> Menn eru að fá reikninga eftir að þeir koma heim og það getur verið erfitt að mótmæla hafi menn ekki fengið staðfest að bíllinn hafi verið í lagi þegar honum var skilað.
>
> Ívar Halldórsson, lögfræðingur hjá Evrópsku neytendaaðstoðinni



» Neytendasamtökin hýsa Evrópsku neytendaaðstoðina, ECC, og það kostar ekkert að leita til hennar.

**Ráð**
**Uppboð**


Oft má gera góð kaup á reiðhjólauppboðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Gerðu góð kaup á reiðhjólauppboði

Það er um að gera að nota tækifærið og fara á árlegt uppboð lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á reiðhjólum á laugardaginn. Þar verða boðin upp 209 hjól í misjöfnu ástandi. Hjólin hafa verið í óskilamunadeild lögreglunnar í að minnsta kosti eitt ár.

Uppboðið verður haldið í Skútuvogi 8 og hefst það klukkan 11.

**App**
**Scanner Pro 7**

Skanner Pro appið breytir síma í skanna. Hægt er að skanna inn skjöl og vista stafræna útgáfu þeirra í símanum. Bæði er hægt að skanna inn einföld skjöl líkt og kvittanir eða stakar síður sem og lengri skýrslur. Appið nemur breidd og hæð skjals og lagar að skjá, auk þess að nema og leiðrétta skyggingar á síðum.

Skanner Pro appið kostar 4,95 Bandaríkjadollara eða rúmar 605 íslenskar krónur.

Engar athugasemdir hafa verið ritaðar við appið en það fær fullt hús stiga eða fimm stjörnur.





Bera á sólaráburð á líkamann oft á dag.

## Gamall sólaráburður er bakteríubomba

Bakteríur og sveppir geta vaxið í lokinu á gömlum brúsum og túbum með sólvarnaráburði. Þess vegna á að fleygja þeim og kaupa nýjan áburð. Þetta hefur danska ríkisútvarpið eftir yfirlækninum Hans Christian Wulf á húðlækningadeildinni á sjúkrahúsinu í Bispebjerg.

Hann segir jafnframt að sé eitthvað eftir af sólvarnaráburðinum frá því í fyrra sé það til marks um að alltof lítið hafi verið notað af honum. Bera eigi áburðinn oft á líkamann að deginum. Ekki megi gleyma bakinu og öðrum viðkvæmum stöðum eins og enninu, gagnaugunum, nefinu og eyrunum. – ibs




# ÚR MYRKRINU Í LJÓSIÐ - DARKNESS INTO LIGHT

Göngum saman til minningar um þá sem hafa kvatt en líka fyrir alla sem sáu ljósið

Göngum til styrktar PIETA Ísland sem setur á laggirnar hjálparmiðstöð í sjálfsvígsforvörnum og sjálfsskaða

Lagt verður af stað frá KFUM húsinu, Holtavegi 28, 104 Reykjavík

Dagur: Laugardagur

Dagsetning: 7.mai 2016

Vegalengd: 5km

Gangan hefst kl: 4:00 að morgni

Skráning og afhending bola hefst kl 2:00

Skráning á: www.pieta.is

Nánari upplýsingar á https://www.facebook.com/events/103749103363240/

# Kanna sameiningu Sameinaða og Stafa

Stjórnir Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs hafa samþykkt að hefja könnunarviðræður með sameiningu sjóðanna í huga. Hugmynd um slíkt hefur áður verið reifuð óformlega en það er ekki fyrr en nú að stjórnir sjóðanna samþykkja að láta reyna á sameiningu með formlegum hætti, segir í tilkynningu.

Sameinaði lífeyrissjóðurinn er fimmti stærsti lífeyrissjóður landsins ef miðað er við hlutfall hreinna eigna lífeyrissjóða og Stafir lífeyrissjóður sá níundi stærsti. Saman yrðu þeir fjórði stærsti lífeyrissjóðurinn með um 10 prósent hreinna eigna lífeyrissjóðanna, alls um 310 milljarða króna.

**310**

**milljarðar yrðu hrein eign sameinaðs sjóðs.**

Uppbygging sjóðanna er svipuð og bakland þeirra sömuleiðis. Sameinaði lífeyrissjóðurinn varð til í ársbyrjun 1992 með sameiningu Lífeyrissjóðs byggingarmanna og Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða. Síðar bættust við lífeyrissjóðir bókagerðarmanna, garðyrkjumanna, múrara, verkstjóra og fleiri.

Stafir lífeyrissjóður varð til við samruna Samvinnulífeyrissjóðsins og lífeyrissjóðsins Lífiðnar í ársbyrjun 2007.

Á dögunum sagði framkvæmdastjóri Sameinaða lífeyrissjóðsins af sér vegna tengsla við Panamaskjölin svokölluðu. **– sg**

## Vaxandi fjarskiptamarkaður




**Gengið fram hjá farsímasölubás í Abidjan, fjölmennustu borg Fílabeinsstrandarinnar. Fjarskiptamarkaðurinn í Vestur-Afríku hefur vaxið hratt á undanförnum árum þar sem hörð samkeppni ríkir um viðskiptavini meðal fjarskiptafyrirtækja.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**Fjöldi atvinnulausra á evrusvæðinu**
2008-2016




# Atvinnukreppunni að ljúka á evrusvæðinu

Atvinnuleysi á evrusvæðinu mældist 10,2 prósent í lok mars. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins spáir að atvinnuleysi muni fara undir tíu prósent innan evrusvæðisins á næsta ári, í fyrsta sinn síðan árið 2009. Því virðist nú sjá fyrir endann á atvinnukreppunni sem hefur verið viðvarandi í Evrópu frá því í efnahagskreppunni árið 2008.

Atvinnulausum fór fjölgandi frá 2008 til 2013 á evrusvæðinu, en hefur fækkað stig af stigi síðan þá hefur fækkað um 2,9 milljónir í þeim nítján löndum, sem nota evruna, á síðastliðnum þremur árum.

Atvinnulausum fer stöðugt fækkandi í þeim löndum sem lentu í dýpstu efnahagskreppunni, má þar nefna Spán, Írland, Portúgal og Kýpur. Hlutfall atvinnulausra lækkaði um sex prósentustig á fjórum árum á Írlandi, úr 14,7 prósentum árið 2012 í 8,6 prósent í mars 2016. Á sama tíma lækkaði hlutfall atvinnulausra úr 15,8 prósentum í 12,1 prósent. Öll þessi lönd eiga það sameiginlegt að hafa þurft að sæta erfiðum efnahagslegum umbótum í staðinn fyrir alþjóðlegar björgunaraðgerðir.

Grikkland er eina landið sem hefur ekki upplifað viðsnúning. Spáð er 24,6 prósenta atvinnuleysi í Grikklandi í ár og 23,6 prósenta atvinnuleysi á næsta ári. Atvinnuleysi á evrusvæðinu er um þessar mundir mest í Grikklandi þar sem það mælist 24,4 prósent og á Spáni þar sem það er 20,4 prósent.

Enn eru 16,4 milljónir atvinnulausar innan evrusvæðisins. Atvinnuleysi er enn viðvarandi vandamál, sér í lagi meðal ungs fólks, þar sem það mældist 21 prósent í mars. Ungum atvinnulausum hefur þó farið ört fækkandi á síðastliðnum átján mánuðum. **– sg**

# Stærstu bílaleigurnar hagnast um milljarð

**Tvöfalt fleiri bílaleigubílar verða á götunum í sumar miðað við fyrir fjórum árum. Þrjár stærstu bílaleigurnar veltu 8,5 milljörðum árið 2014. Útlit fyrir allt að 18 prósenta vöxt í sumar en gengisstyrking hefur neikvæð áhrif á reksturinn.**

Þrjár stærstu bílaleigur landsins högnuðust samanlagt um 1,1 milljarð króna á árunum 2014 og 2013. Stjórnendur fyrirtækjanna eiga von á allt að 15-18 prósentum fleiri bókunum í ár, álíka vexti og á síðasta ári. „Það bara lítur út fyrir að vera enn eitt sumarið í ferðaþjónustunni þar sem það verður allt á fullu,“ segir Hjálmar Pétursson, forstjóri ALP, sem rekur bílaleigur undir merkjum Avis og Budget.

Stóru bílaleigurnar þrjár, Höldur, sem rekur Bílaleigu Akureyrar, Bílaleiga Flugleiða sem rekur bílaleiguna Hertz sem og ALP veltu samtals 8,5 milljörðum króna árið 2014, en það er síðasta ár sem félögin hafa skilað ársreikningi fyrir. Samanlögð velta þeirra árið 2013 nam 7,4 milljörðum króna.

Alls eiga bílaleigur hér á landi 19.107 bíla og hefur fjöldi þeirra nær tvöfaldast á rúmum þremur árum en í árslok 2012 voru 9.828 bílaleigubílar hér á landi samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu.

Þrátt fyrir mikinn vöxt er styrking á gengi krónunnar sögð hafa neikvæð áhrif á afkomuna. „Þó við séum með fleiri bókanir þá eru þær kannski að skila sömu tekjum. Í rauninni þurfum við að hlaupa hraðar fyrir hverja krónu,“ segir Steingrímur Birgisson, forstjóri Hölds, stærstu bílaleigu landsins.

**Fjöldi bílaleigubíla** 2011-2016




*Heimild: Samgöngustofa *Fjöldi 03.05.2016*

**Í rauninni þurfum við að hlaupa hraðar fyrir hverja krónu.**



Steingrímur Birgisson, forstjóri Hölds ehf. – Bílaleigu Akureyrar

Gengi krónu gagnvart evru fór á mánudag undir 140 krónur í fyrsta sinn frá 7. október 2008. Þá hefur gengi krónu gagnvart evru styrkst um 9,2 prósent frá ársbyrjun 2015.

„Það er alltaf mjög slæmt, þetta er útflutningsgrein og hefur jafn mikil áhrif á okkur og fiskvinnsluna,“ segir Hjálmar um gengisstyrkinguna. „En svo eru aðföng að lækka í staðinn, bílar eru keyptir í erlendri mynt og þeir verða kannski eitthvað ódýrari í staðinn,“ bendir Sigfús Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Hertz, á.

Þeir segja minni vöxt vera yfir hásumarið þar sem þá sé útlit fyrir að nær allt gistipláss verði uppbókað. „Maður er farinn að óttast að gistingin fari að fyllast og þar með hægist á bókunum hjá okkur,“ segir Steingrímur um stöðuna yfir sumarmánuðina. Meiri vöxtur sé á haustin og vorin. **ingvar@frettabladid.is**


MAMMUT dagar
Nú gerum við okkur klár fyrir sumarið
20% afsláttur af fatnaði og skóm
dagana 6. - 14. maí
Mammut Kira Pro Halfzip
Verð 14.595,-
Verð m/afsl. 11.676,-
Mammut Ultimate hoody wms
Verð 35.995,-
Verð m/afsl. 28.796,-
Mammut Makai
Verð 44.995,-
Verð m/afsl. 35.996,-
Ternua Ione
Verð 25.995,-
Verð m/afsl. 20.796,-
Ternua Cleadye
Verð 20.995,-
Verð m/afsl. 16.796,-
Mammut Aconcagua Light
Verð 25.995,-
Verð m/afsl. 20.796,-
Mammut Eigerjoch Light
Verð 37.995,-
Verð m/afsl. 30.396,-
Mammut Masao
Verð 49.995,-
Verð m/afsl. 39.996,-
Ternua Westhill
Verð 23.995,-
Verð m/afsl. 19.196,-
Ternua Withorn
Verð 23.995,-
Verð m/afsl. 19.196,-
Hanwag Alaska GTX
Verð 59.995,-
Verð m/afsl. 47.996,-
Mammut Trovat High GTX
Verð 37.995,-
Verð m/afsl. 30.396,-
Mammut Mercury Mid GTX
Verð 27.995,-
Verð m/afsl. 22.396,-
Mammut MTR 201-II
Verð 17.995,-
Verð m/afsl. 14.396,-
Teva Terra Fi 4
Verð 19.995,-
Verð m/afsl. 15.996,-
Hanwag Tatra GTX
Verð 54.995,-
Verð m/afsl. 43.996,-
Mammut Brecon High GTX
Verð 39.995,-
Verð m/afsl. 31.996,-
Mammut Nova Mid GTX
Verð 26.995,-
Verð m/afsl. 21.596,-
Mammut MTR 201-II
Verð 17.995,-
Verð m/afsl. 14.396,-
Teva Kayenta
Verð 12.995,-
Verð m/afsl. 10.396,-
MAMMUT
han wag
OUTDOOR FOOTWEAR
SINCE 1921
OR OUTDOOR RESEARCH
TERNUA
HILLEBERG
THE TENTMAKER
Vango
EVEREST
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF


KRÓNAN
Mangó frá Brasilíu
Ferskt alla daga
449 kr. kg
Verð áður 499 kr. kg
-25%
Ananas frá Ekvador
199 kr. kg
Verð áður 266 kr. kg


KRÓNAN
Sweet dream
-30%
Grísahnakkaspjót Íslensk
Mangó marinering
Alabama marinering
1189 kr. kg
Verð áður ~~1699~~ kr. kg
Marinerað af kjötmeistara Krónunnar
Pipar marinering
1399 kr. kg
Íslensk lambalæri
Hvítlauks og rósmarín
New York marinering
1399 kr. kg
Verð áður ~~1658~~ kr. kg
OPIÐ
Uppstigningardag
TILBOÐIN GILDA TIL 8. MAÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS



KRÓNAN
Gerðu þína eigin pizzu
515 kr. pk.
MS Rjómaostur, 400g
479 kr. pk.
Goða Pepperoni, 110g
979 kr. pk.
Holta heimshorn Fajitas, 300g
365 kr. pk.
Pizzaostur, 200g
139 kr. stk.
Pizzasósa, 280g
129 kr. stk.
Appolo lakkríssúkkulaði
og með fylltum lakkrís 55g
196 kr. pk.
Doritos Sweet Chili,
Cool American og Nacho Cheese 170g
999 kr. pk.
Coke kippa 4x2L
TILBOÐIN GILDA TIL 8. MAÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS


KRÓNAN
ENGIN AUKAEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK
499 kr. pk.
Gestus þunnskornar, rifflaðar og krullaðar franskar
Gestus
TYNDTSKÅRNE
POMMES FRITES
Gestus
POMMES SQUARES
DYBFROST . 600 G
Gestus
CURLY FRIES
100% hamborgara-búðin þín
90g - 469 kr. pk.
120g - 599 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.
alltaf 2 stk. í pakka
949 kr. pk.
Grillborgarar með brauði 4stk.
Gott verð!
199 kr. stk.
Kristall Mexican lime 2L
Gott verð!
LÉTTKOLSÝRT
OPIÐ
Uppstigningardag
TILBOÐIN GILDA TIL 8. MAÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Airbnb-lífið



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps í Vík í Mýrdal hefur ákveðið að banna útleigu íbúðarhúsnæðis til skamms tíma. Bannið snýr að því að sveitarstjórnin hyggst ekki verða oftar við beiðnum þess efnis að húsnæði verði breytt í skammtímagististaði. Færst hefur í aukana síðustu ár í Vík í Mýrdal að fólk leigi út húsnæði til ferðamanna í gegnum vefsíður á borð við Airbnb.

Sveitarfélagið hyggst beita umsagnarvaldi sínu á neikvæðan hátt þannig að sýslumaður geti ekki orðið við fleiri beiðnum um rekstrarleyfi gististaða án veitinga. Slíkt getur orkað tvímælis þar sem umsögn sveitarfélagsins þarf að vera skýr og rökstudd í hverju máli. Íbúar í Vík geta látið á þetta reyna fyrir dómstólum. Þarna skarast eignarrétturinn og réttur sveitarfélaga til að ráða málefnum sínum sjálf en hvort tveggja er stjórnarskrárvarið.

„Airbnb-væðingin“ sem hefur átt sér stað hér á landi og erlendis hefur haft í för með sér talsvert ónæði í fjölbýlishúsum. Breytingar á hagnýtingu séreignar í fjölbýli sem hafa í för með sér meira ónæði, röskun eða óþægindi fyrir aðra eru háðar samþykki allra eigenda í fjölbýlishúsi samkvæmt lögum um fjöleignarhús. Kveðinn var upp svokallaður „Airbnb-dómur“ í Héraðsdómi Reykjavíkur hinn 4. apríl síðastliðinn. Í dómnum er því slegið föstu að skammtímaútleiga á Airbnb í fjölbýli feli alltaf í sér ónæði, röskun eða óþægindi samkvæmt ákvæðinu í lögum um fjöleignarhús og sé því háð samþykki annarra eigenda. Dómnum verður áfrýjað til Hæstaréttar.

Staða sveitarfélaga getur verið mjög ólík og breyst hratt. Í tilviki sveitarfélags eins og Mýrdalshrepps geta 500 íbúðir í útleigu breytt mjög miklu fyrir íbúa sveitarfélagsins en myndi ekki breyta neinu í Hlíðunum í Reykjavík, svo dæmi sé tekið. Það getur hins vegar verið að allsherjarbann við nýrri útleigu íbúða til skammtíma, eins og sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur nú ákveðið, sé skerðing á eignarréttinum fram úr meðalhófi. Aðgerðir til að skerða stjórnarskrárvarin réttindi mega aldrei ganga lengra en nauðsyn ber til, til að ná því markmiði sem að er stefnt með skerðingunni. Þetta er svokölluð stjórnskipuleg meðalhófsregla.

Hinir sem hafa þegar fengið slíkt leyfi geta áfram leigt íbúðir sínar út á grundvelli leyfis sem þegar hefur verið veitt. En væntanlega eru margir að leigja íbúðir sínar út án slíks leyfis, í Mýrdalshreppi, Reykjavík og öðrum sveitarfélögum.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í Airbnb-málinu þýðir að menn þurfa að leita réttar síns til að aftra því að aðrir íbúðareigendur leigi íbúðir sínar út á Airbnb án samþykkis annarra eigenda í fjölbýlishúsum. Er það mjög skilvirkt? Ekki hafa allir vaðið fyrir neðan sig og sækja sérstaklega um breytingu á hagnýtingu íbúðarhúsnæðis og afla leyfis annarra íbúa í fjölbýli. Væntanlega eru þúsundir íbúða í útleigu á Airbnb án þess að sótt hafi verið um slíkt.

Dómur í framangreindu máli og ákvörðun Mýrdalshrepps vekur spurningar um hvort löggjafinn þurfi ekki að bregðast við til að eyða óvissu í lagaumhverfinu þegar skammtímaleiga á íbúðum gegnum miðla eins og Airbnb er orðin jafn útbreidd og raun ber vitni.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í Airbnb-málinu þýðir að menn þurfa að leita réttar síns til að aftra því að aðrir íbúðareigendur leigi íbúðir sínar út á Airbnb án samþykkis annarra eigenda í fjölbýlishúsum.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Nei, nei, nei, nei**
**Ólafur Ragnar Grímsson var afdráttarlaus við Fréttablaðið og CNN og sagðist ekki hafa nein tengsl við aflandsfélög. Annað hefur komið á daginn. Dorrit Moussaief forsetafrú átti hlut í tveimur félögum á Bresku Jómfrúaeyjunum. Þegar Ólafur var á CNN spurður hvort hann eða fjölskylda hans hefðu einhver tengsl við aflandsfélög svaraði hann: „No, no, no, no, no that's not going to be the case.“ Þegar Ólafur var spurður 2012 hvort ekki yrði uppi það mikil óvissa árið 2016 að hann myndi neyðast til að bjóða sig fram aftur sagði hann: „Nei, nei, nei, nei.“ Ráðgjafar Ólafs keppast nú við að syngja fyrir hann dægurlagið: „Segðu ekki nei, segðu kannski, kannski, kannski.“**

**Ófyrirséð fylgi**
**Píratar hafa dalað um 7,8% en Sjálfstæðisflokkur er á þokkalegu róli og Framsókn bætir við sig. Stjórnmálafræðingar klóra sér í kollinum yfir því hvernig fylgi ríkisstjórnarflokkanna minnkar þegar staðið er við loforðin en eykst þegar upp kemst um skattaskjólsfélög ráðherra. Menntamálaráðherra getur óhræddur skorið stjórnmálafræðideildina niður í háskólunum því þjóðin rúmast ekki lengur í kenningum um hegðun kjósenda í kjölfar hneyksla. Sparnaðinn mætti svo nota til að berja sér enn frekar á brjóst í komandi kosningabaráttu. snaeros@frettabladid.is**

## Stjórnarskrá fyrir framtíðina



Andri Snær Magnason
rithöfundur og forsetaframbjóðandi

Hvað ætlarðu að sitja lengi sem forseti verðir þú kosinn?“ Að þessu hef ég verið spurður á ferðum mínum um landið síðustu vikur. Svar mitt er einfalt. Í dag segi ég að enginn eigi að sitja lengur en þrjú kjörtímabil og ætti að festa það í stjórnarskrá. Ég er jú bara manneskja og eftir tólf ár í embætti er ekki víst að ég vilji hætta.

Óvissa um hlutverk og vald forseta Íslands kallar á breytta stjórnarskrá. Lýðræðið er ekki sjálfgefið heldur eitthvað sem fólk þarf að berjast fyrir og mikilvæg embætti mega ekki verða persónulegt lén einstaklinga. Við höfum séð hvað 26. greinin er í raun matskennd og full tilviljana en í drögum að nýrri stjórnarskrá er valdið til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu fært til fólksins. Við þurfum líka skýrari leikreglur um stjórnarmyndun og hver fer með valdið í þingrofsmálum.

Eftir hrunið gerðu Íslendingar merkilega tilraun sem tekið var eftir um heim allan. Við kölluðum saman 1.000 manna þjóðfund með slembivali úr þjóðskrá, kusum 25 manna stjórnlagaráð sem lagði fram drög að nýrri stjórnarskrá. Þingið tók við verkinu og þar hefur það dagað uppi í deilum og dægurþrasi þingmanna þvert á flokka. Við verðum að ljúka þessu ferli.

Sveinn Björnsson forseti lagði til í forsetabréfi árið 1944 að kallað yrði til þjóðfundar líkt og gert var 1851 til að ljúka stjórnarskrárferlinu. Leiðin til að lækna ferlið og koma því í höfn núna gæti verið að finna í tillögum Sveins. Stjórnarskrá Íslands er mál okkar allra og nýtt plagg verður að eiga rótfestu í nýrri nálgun við lýðræði og þátttöku almennings. Annar þjóðfundur og skýr skilaboð frá honum væri leiðin til að taka upp þráðinn og klára ferlið með sóma.

Kynslóðirnar á undan færðu okkur sjálfstæði, landhelgi og fyrsta kvenforseta heimsins. Við getum fært framtíðinni nýja stjórnarskrá og látið aðferðina og ferlið hvernig hún var unnin lýsa út um allan heim.

**Í dag segi ég að enginn eigi að sitja lengur en þrjú kjörtímabil og ætti að festa það í stjórnarskrá. Ég er jú bara manneskja og eftir tólf ár í embætti er ekki víst að ég vilji hætta.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Sagan af holunni dýru

**Í DAG**



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Í Nígeríu var mér fyrir mörgum árum sögð saga af sveitaþorpi þar sem lífið gekk sinn vanagang mann fram af manni. Vegurinn í gegnum þorpið ef veg skyldi kalla var mjúkur moldarvegur og myndaðist í honum þegar rigndi hola svo djúp að bílar gátu horfið í heilu lagi niður í holuna ef bílstjórarnir gættu ekki að sér. Þetta var rigningarbæli. Íbúarnir í þorpinu eyddu öllum lausum stundum í að grafa bíla upp úr holunni, fyrst með vöðvaafli manna og dýra, síðan með stangarafli eðlisfræðinnar og loks með hegrum sem nútíminn kallar krana.

Helzta viðfangsefni íbúanna var holan og rigningin og bíllinn sem þeir voru að reyna að koma aftur upp á veginn hverju sinni og bílstjórinn, farþegarnir og geiturnar og holan og rigningin. Stöku sinnum stakk einhver í þorpinu upp á því að e.t.v. væri nú ráð að reyna að bæta veginn eða byggja nýjan veg með bundnu lagi. En til þess gafst ekki tími því fyrst þurfti að grafa bíl upp úr holunni. Lífið varð að ganga sinn gang.

**Heilbrigðismál**

Þessi nígeríska saga rifjast upp fyrir mér nú þegar ég heyri menn lýsa þeirri skoðun að þetta mál eða hitt, t.d. heilbrigðismál, hljóti að verða helzta kosningamálið í alþingiskosningunum sem verða haldnar í haust. Þessi skoðun er hæpin þótt 85 þúsund manns hafi skorað á Alþingi að setja heilbrigðismálin í forgang. Þessi skoðun er hæpin af því Alþingi getur haldið áfram að þverskallast við þessari áskorun kjósenda eins og það hefur gert hingað til. Þess vegna þarf nýja stjórnarskráin að verða helzta kosningamálið í haust.

> Í Noregi hafa 80% olíurentunnar skilað sér til almennings frá 1970 til þessa dags á meðan 90% fiskveiðirentunnar á Íslandi renna enn í vasa útvegsmanna eins og Indriði H. Þorláksson fv. ríkisskattstjóri hefur lýst í ræðu og riti. Þessu fári verður að linna.



Það stafar m.a. af því að nýja stjórnarskráin mun taka heilbrigðismálin úr höndum Alþingis nema þingið sjái sig um hönd.

Nýja stjórnarskráin er forsenda þess að heilbrigðismálin fái þann forgang sem fólkið í landinu hefur lýst eftir í fjölmennustu undirskriftasöfnun landsins fyrr og síðar fyrir tilstilli Kára Stefánssonar forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar. Heilbrigðismálin eru á hinn bóginn ekki forsenda nýrrar stjórnarskrár heldur eru þau þvert á móti holan í veginum – mál sem má ekki verða til þess að blinda mönnum sýn á sjálfa miðjuna, nýju stjórnarskrána sem fólkið hefur samþykkt sér til handa og mun geta tryggt framgang margra helztu hagsmunamála þjóðarinnar svo sem jafnt vægi atkvæða, auðlindir í þjóðareigu, umhverfisvernd, óspilltar embættaveitingar og beint lýðræði sem mun svipta Alþingi getunni til að halda áfram að brjóta gegn þjóðarviljanum í mikilvægum málum, þ.m.t. heilbrigðismálin.

**Við þurfum nýjan veg**

Ég ætla að segja þetta aftur. Enda þótt Alþingi sjái sig um hönd og setji heilbrigðismálin í öndvegi, mun allt hitt trúlega sitja á hakanum eftir sem áður. Hitt virðist þó jafnvel enn líklegra að heilbrigðismálin sitji einnig áfram á hakanum ef reynslan er höfð til marks. Ef nýtt Alþingi staðfestir á hinn bóginn nýju stjórnarskrána, heldur nýjar kosningar nokkru síðar og staðfestir hana síðan aftur eins og Píratar leggja til, þá komast ekki aðeins heilbrigðismálin í höfn í samræmi við vilja kjósenda, heldur einnig flest hitt sem Alþingi hefur látið reka á reiðanum.

Flest hitt hvað? Jafnt vægi atkvæða mun leysa eitt djúpstæðasta deilumál landsmanna frá 1849 til þessa dags með því að eyða í eitt skipti fyrir öll því hróplega ranglæti og meðfylgjandi fjártjóni sem leiðir af misvægi atkvæðisréttar eftir landshlutum. Mannvalið á Alþingi mun þá batna og traust kjósenda í garð Alþingis mun aukast. Auðlindir í þjóðareigu munu færa fólkinu í landinu, réttum eiganda auðlindanna, arðinn af eign sinni frekar en þeim sérhagsmunahópum sem Alþingi hefur handvalið. Í Noregi hafa 80% olíurentunnar skilað sér til almennings frá 1970 til þessa dags á meðan 90% fiskveiðirentunnar á Íslandi renna enn í vasa útvegsmanna eins og Indriði H. Þorláksson fv. ríkisskattstjóri hefur lýst í ræðu og riti. Þessu fári verður að linna.

Við þurfum nýjan veg. Við þurfum að geta lyft huganum upp úr holunum.


# VIÐ PRENTUM



Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar • Fjölpóstur • Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

# Bandaríkin burt úr Guantánamo



**Gylfi Páll Hersir**
er í stjórn Vináttufélags Íslands og Kúbu (VÍK)

Það verður að skila aftur landsvæðinu sem umlykur bandarísku herstöðina á Guantánamo og tekið var með ólögmætum hætti,“ og binda enda á 55 ára viðskiptabann Bandaríkjastjórnar, ítrekaði Raúl Castro, forseti Kúbu, þegar Barack Obama Bandaríkjaforseti sótti landið heim í mars sl. Obama kvað stjórn sína hafa „yfirgefið ákveðna skuggahlið sögunnar“ hvað varðar samskipti Bandaríkjanna og Kúbu. Furðuleg staðhæfing í ljósi þess að hann minntist ekki einu orði á herstöðina á Guantánamo – 28 þúsund ekrur lands umhverfis Guantánamo-flóa þar sem Bandaríkjaher hefur verið með herstöð í rúma öld í trássi við fullveldi Kúbu.

Það er gagnlegt að skoða hvernig Bandaríkin komust yfir þetta svæði og hvers vegna það er alþjóðleg krafa að þau fari þaðan burt. Árið 1898 þegar sjálfstæðishetjur Kúbu voru að vinna sigur í 30 ára baráttu við nýlendustjórn Spánar, lýstu Bandaríkin yfir stríði við Spán og komust í leiðinni yfir fyrrum nýlendur þeirra á Puerto Rico, Guam-eyju og Filippseyjar. Í friðarsamkomulaginu sem undirritað var í París í desember 1898 – enginn fulltrúi Kúbu var viðstaddur – segir: „Spánn gefur eftir allar kröfur til Kúbu ... Spánn yfirgefur eyjuna og er hún tekin yfir af Bandaríkjunum.“

Bandarískt herlið hélt til í landinu fram í maí 1902. Þá var komin á fót ríkisstjórn hliðholl Bandaríkjunum og skrifuð viðbót við nýja stjórnarskrá að frumkvæði Orville Platt, þingmanns Bandaríkjanna, sem skuldbatt ríkisstjórn Kúbu til þess að samþykkja allar ráðstafanir hernámsliðsins. Hún veitti Bandaríkjastjórn heimild til afskipta af innri málefnum Kúbu og rétt til þess að kaupa og leigja kúbanskt landsvæði undir herstöðvar.

Leppstjórnin á Kúbu samþykkti í febrúar 1903 að „leigja“ Bandaríkjastjórn Guantánamo-flóa í ótiltekinn tíma. Innrásir og herstjórn fylgdi í kjölfarið allt fram til 1959. Alþýða manna á Kúbu hefur hvað eftir annað mótmælt Platt-viðbótinni og veru bandaríska herstöðva á Kúbu. Árið 1934 var viðbótin numin úr gildi en í staðinn kom „sáttmáli“ sem skuldbatt Kúbu til þess að leigja Bandaríkjunum Guantánamo um ókomin ár nema báðir aðilar samþykktu annað. Slíkt samkomulag þekkist ekki meðal fullvalda ríkja. Bandaríkjastjórn hefur sent árlega ávísun fyrir „leigunni“ upp á 4.085 Bandaríkjadali sem ríkisstjórn Kúbu leysir ekki út.

### Æfingasvæði bandarísku heimsvaldastefnunnar

Bandaríkjastjórn hefur nýtt herstöðina í gegnum tíðina sem æfingasvæði til að verja hagsmuni heimsvaldastefnunnar á svæðinu. Innrás Bandaríkjanna á Haiti 1915-1934 og í Nicaragua 1926-1933 var gerð frá herstöðinni á Guantánamo. Með sigri verkafólks og bænda á Kúbu yfir einræðisleppstjórn Fulgencio Batista í janúar 1959, tók við völdum byltingarstjórn í landinu undir forystu Fídel Castró. Hún krafðist þess strax að hernámi Bandaríkjanna lyki og landsvæðinu yrði skilað. Sigur hinnar sósíalísku byltingar á Kúbu, þeirrar fyrstu á vesturhveli jarðar, gerði það að verkum að Bandaríkjastjórn var ákveðnari en nokkru sinni fyrr í að halda í herstöðina á Guantánamo. Þarna voru glæpagengi þjálfuð og Kúbu ógnað; kúbanskir hermenn hafa fallið þegar skotið hefur verið frá herstöðinni.

Stjórn Kúbu ýtti á að Guantánamo yrði skilað í Kúbudeilunni í október 1962, þegar Kennedy taldi sig hafa rétt til þess að ákveða hvaða vopn Kúbanir mættu hafa í 130 km fjarlægð frá Bandaríkjunum, á sama tíma og þau voru með herstöð á kúbanskri grund! Í kjölfar byltinga á Grenada og í Nicaragua árið 1979 ákvað Bandaríkjastjórn að efla herlið sitt á Guantánamo. Því var ætlað að vera til mótvægis við allar frekari tilraunir til þess að ógna yfirráðum heimsvaldastefnunnar í Ameríku.

Seinna tók Bandaríkjastjórn að nota Guantánamo sem fangelsi. Þúsundum flóttafólks frá Haiti var haldið þar föngnum við ömurlegar aðstæður í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar. Fólkið hafði flúið einræðisstjórn sem tók við af kjörinni stjórn Jean Bertrand Aristide. Kúbönskum ríkisborgurum, sem reyndu að komast til Bandaríkjanna á bátum 1994 í alvarlegri efnahagskreppu vegna hruns viðskipta við Sovétríkin og viðskiptabannsins Bandaríkjanna, var líka haldið föngnum í herstöðinni á Guantánamo.

Í byrjun janúar árið 2002 var hinum skelfilegu Camp X-Ray fangabúðum komið á fót fyrir fanga sem voru teknir í Afganistan og víðar. Þeim hefur verið haldið föngnum án ákæru eða réttarhalda vegna „stríðsins gegn hryðjuverkum“. Um 780 grunaðir „óvinveittir bardagamenn“ hafa verið fluttir til Guantánamo, verið pyntaðir og búið við ómannúðlegar aðstæður. Þegar Obama tók við völdum fyrir 7 árum lofaði hann að loka fangelsinu. Enn er þar 91 fangi.



**Um 780 grunaðir „óvinveittir bardagamenn“ hafa verið fluttir til Guantánamo, verið pyntaðir og búið við ómannúðlegar aðstæður. Þegar Obama tók við völdum fyrir 7 árum lofaði hann að loka fangelsinu. Enn er þar 91 fangi.**

# Hvaða flokkar styðja kjarakröfur aldraðra?



**Björgvin Guðmundsson**
viðskiptafræðingur

Með því að stutt er til næstu þingkosninga er ástæða til þess að velta því fyrir sér hvaða stjórnmálaflokkar muni helst styðja kjaramál eldri borgara. Reynsla eldri borgara af stjórnmálaflokkunum er ekki góð. Núverandi stjórnarflokkar lofuðu öllu fögru, þegar kjaranefnd FEB í Reykjavík ræddi við þá fyrir síðustu þingkosningar. Þeir tóku meira að segja upp í ályktanir flokksþinga sinna stór stefnumál eldri borgara. En því miður hefur lítið orðið úr efndum. Ekki er enn búið að efna stærsta kosningaloforðið, sem gefið var eldri borgurum. Og aðeins lítill hluti annarra loforða, sem öldruðum og öryrkjum voru gefin, hefur verið efndur. Viðræður kjaranefndar við stjórnarflokkana í lok kjörtímabils árið 2013 báru heldur ekki mikinn árangur.

### Hreyfingin flutti frumvarp

Eini flokkurinn á Alþingi, sem varð við kalli kjaranefndarinnar 2013, var Hreyfingin. En Hreyfingin flutti, að frumkvæði Margrétar Tryggvadóttur alþingismanns, frumvarp um afturköllun þeirrar kjaraskerðingar sem aldraðir og öryrkjar urðu fyrir 2009. Frumvarpið náði ekki fram að ganga. Auk þess flutti Ólöf Nordal, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins, frumvarp um leiðréttingu á einu atriði kjaraskerðingarinnar frá 2009. Kjaranefndin ræddi einnig við flokka, sem voru utan þings.

### Styður afnám tekjutengingar

Hvaða líkur eru á því, að stjórnmálaflokkarnir taki kjaramálum eldri borgara betur nú? Ég hafði fyrir nokkru samband við Helga Hrafn Gunnarsson, kaptein Pírata, og innti hann eftir því hvort hann eða flokkur hans væru reiðubúnir til þess að styðja kjaramál eldri borgara. Niðurstaða orðaskipta okkar var sú, að Helgi kvaðst geta stutt það baráttumál eldri borgara að afnema tekjutengingar aldraðra í kerfi almannatrygginga. Ég tel þetta gífurlega mikilvægan árangur. Stuðningur Helga Hrafns við afnám tekjutengingar aldraðra í almannatryggingum mundi að mínu mati þýða stuðning Pírata við málið. Eins og ég hef áður tekið fram lofaði Bjarni Benediktsson eldri borgurum því fyrir kosningarnar 2013 að afnema tekjutengingarnar. Ég tel víst að Samfylkingin og Vinstri grænir mundu styðja þetta mál þannig að yfirgnæfandi líkur eru á að það mundi ná fram að ganga.

### Mikilvægast að stórhækka lífeyrinn

Helgi Hrafn var ekki reiðubúinn að úttala sig um aðrar kjarakröfur okkar. En af öðrum kjarakröfum er eitt mál mikilvægast: Stórhækkun lífeyris aldraðra og öryrkja frá almannatryggingum. Eins og ég hef tekið fram í greinum mínum er lífeyrir það lágur í dag, að þeir, sem verða að reiða sig á TR eingöngu, geta ekki lifað af honum. Þess vegna verður að stórhækka lífeyrinn. Það er stærsta krafa eldri borgara í dag.

**Ekki er enn búið að efna stærsta kosningaloforðið, sem gefið var eldri borgurum. Og aðeins lítill hluti annarra loforða, sem öldruðum og öryrkjum voru gefin, hefur verið efndur.**

# Réttlæti læknamafíunnar



**Árni Richard Árnason**
verkfræðingur

Haustið 2007 gekkst ég undir krossbandsaðgerð í Orkuhúsinu þar sem voru teknar sinar frá tveimur vöðvum í aftanverðu lærinu. Seinna kom í ljós að krossbandið var rangt staðsett og slitnaði af þeim sökum. Einnig slitnuðu fyrrgreindir vöðvar. Ég gekkst undir tvær nýjar hnéaðgerðir til að laga krossbandið og borgaði fyrir þær um tvær milljónir króna. Einnig gekkst ég undir yfir tíu aðgerðir á vöðvunum og borgaði fyrir þær yfir tíu milljónir króna, auk tekjutaps. Því miður tókst aðeins að bjarga öðrum vöðvanum.

Það tók mig mörg ár að fá viðurkenndan skaða á krossbandi og vöðvum. Landlæknisembættið fékk meðeiganda læknastöðvar Orkuhússins til að gefa umsögn, en hann hélt því fram að skaði á krossbandi og vöðvum væri ekki afleiðing aðgerðarinnar. Í stjórnsýslukæru til heilbrigðisráðuneytisins reyndi landlæknisembættið með öllum ráðum að verja val sitt á umsagnaraðila. Hélt embættið fram að læknastöð Orkuhússins væri bara húsfélag og eignatengsl ættu því ekki að leiða til vanhæfis.

Eftir áralangt kæruferli var málinu aftur vísað til landlæknisembættisins. Fengnir voru tveir nýir umsagnaraðilar sem báðir staðfestu að skaði á krossbandi og vöðvum væri afleiðing aðgerðarinnar. Í framhaldi af því viðurkenndu tryggingarfélög læknanna skaðabótaábyrgð í sjúklingatryggingu.

### Hlunnfarinn í örorkumati

Við tók örorkumatsferli til að meta skaða minn. Ég réð mér lögmann til að verja hagsmuni mína í ferlinu. Ég hafði hug á að klára örorkumatið og halda áfram meðferð að því loknu. Örorkumatsmenn voru upplýstir um þetta og samþykktu að klára örorkumatið innan tveggja mánaða frá örorkumatsfundi með orðunum „það verður ekkert mál að ljúka vel fyrir þann tíma“.

En örorkumatsmenn sviku loforð sín með þeim rökstuðningi að meðferð væri ekki lokið. Um 14 mánuðum eftir fyrsta örorkumatsfund fóru þeir fram á nýjan fund. Örorkumatsskýrslu var ekki lokið fyrr en einu og hálfu ári eftir fyrsta örorkumatsfund. Niðurstaða örorkumatsins var sú að skaði á vöðvum væri ekki „bein afleiðing“ af aðgerðinni og því fékk ég engar bætur fyrir skaða á vöðvum! Það var því engin ástæða til að fresta örorkumatinu eða kalla til nýjan fund þar sem meðferðin gat ekki haft áhrif á matið! Í matinu var hvergi sagt frá sinatökunni eða þeirri staðreynd að sömu vöðvar slitnuðu. Að halda því fram að vöðvarnir hefðu slitnað ef sinatakan hefði ekki átt sér stað er absúrd. Óréttlætið er ógeðslegt.

Það kom fram að mistök voru gerð í krossbandsaðgerðinni en ekki hvaða mistök. Tryggingarfélögin neituðu að lokum að greiða kostnað við lagfæringu á krossbandi með þeim rökstuðningi að hann væri fyrndur. Og ég sem hafði barist svo mikið, svo lengi, fyrir þessum bótum.

### Féflettur af lögmönnum

Það var ekki nóg með það heldur tóku lögmenn mínir sér 3,8 milljónir króna af bótunum mínum í þóknun. Þeir höfðu m.a. varið tæpum fjórum heilum dögum í að lesa yfir málsgögn, átta tímum í að lesa yfir 20 blaðsíðna örorkumatsskýrslu, og tíu tímum í að skrifa kröfu upp á rúma eina blaðsíðu. Svo vörðu þeir 32 tímum í einhverja óskilgreinda vinnu sem ekkert kom úr, m.a. í að lesa fyrri dóma. Þóknun lögmannanna var tæplega sexfalt hærri en hagsmunatengd greiðsla fyrir lögmannskostnað. Lögmennirnir vöruðu mig aldrei við háum kostnaði miðað við hagsmuni málsins eins og siðareglur lögmanna segja til um.

Örorkumatsmenn hafa valdið meira en tveggja ára seinkun á málinu og nú hef ég hef aðeins eitt og hálft ár til stefnu þangað til mál mitt fyrnist tíu árum eftir meðferð. Í réttlátu þjóðfélagi væri örorkumatslæknirinn útilokaður frá því að gefa út fleiri örorkumöt.

Í gegnum allt kvörtunarferlið hef ég ráðið lögmenn hjá sex mismunandi lögmannsstofum og ég hef ekki enn fundið lögmann sem ég get treyst. Núna er ég kominn aftur á byrjunarpunkt og þarf að sækja um yfirmat til að fá viðurkenndan skaða minn. Til þess þarf ég að borga 180.000 króna gjald.

Ég virðist ekki hafa nokkra möguleika á að sækja rétt minn. Það er í boði læknamafíunnar. Mitt ráð til þín er að sækja alla heilbrigðisþjónustu til útlanda.

**Núna er ég kominn aftur á byrjunarpunkt og þarf að sækja um yfirmat til að fá viðurkenndan skaða minn. Til þess þarf ég að borga 180.000 króna gjald. Ég virðist ekki hafa nokkra möguleika á að sækja rétt minn. Það er í boði læknamafíunnar. Mitt ráð til þín er að sækja alla heilbrigðisþjónustu til útlanda.**

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
5. MAÍ 2016 FIMMTUDAGUR



Maca-rót vex eingöngu hátt í Andesfjöllum Perú.



Kidda Svarfdal ritstjóri hún.is hefur tekið Femmenessence MacaHarmony í tvö ár með góðum árangri. MYND/VILHELM

# NÁNAST LAUS VIÐ FYRIRTÍÐASPENNU

**Vistor hf. kynnir:** Femmenessence MacaHarmony – maca-rót fyrir konur á barneignar- og frjósemisaldri sem finna fyrir óþægindum tengdum tíðahringnum. Kidda Svarfdal, ritstjóri hún.is, hefur afar góða reynslu af fæðubótarefninu.

„Femmenessence MacaHarmony hefur minnkað hormónasveiflurnar hjá mér heilmikið,“ segir Kidda Svarfdal ritstjóri hún.is en hún hefur notað Femmenessence MacaHarmony fyrir konur á barneignaraldri í 2 ár. „Nú er ég nánast laus við fyrirtíðaspennuna sem hrjáði mig í mörg ár,“ segir Kidda og segir að það eigi ekki síður við líkamlega spennu sem oft er til staðar á þessum tíma. „Áður gat ég orðið alveg undirlögð af óþægindum en ég finn varla fyrir því í dag.“ Auk þess segir Kidda að húð hennar sé miklu betri og öll almenn líðan mjög góð.

### KEMUR JAFNVÆGI Á LÍKAMSSTARFSEMI

„Femmenessence MacaHarmony er framleitt úr maca-rót (Lipidium Peruvianum) sem vex eingöngu hátt í Andesfjöllum Perú,“ segir Guðný Traustadóttir, markaðstengill hjá Vistor hf.

Maca-rótin er flokkuð sem adaptogen eða aðlögunarhvetjandi jurt sem stuðlar að aðlögunarhæfni líkamans þannig að hann á auðveldara með að verjast sjúkdómum og takast á við streitu og stuðlar að því að koma jafnvægi á líkamsstarfsemina. Skilyrði fyrir því að kalla megi jurt aðlögunarhvetjandi eru að hún hafi engar eiturverkanir á líffæri og langvarandi notkun sé örugg.

### DREGUR ÚR HORMÓNATENGDUM ÓÞÆGINDUM

Margar konur á barneignar- og frjósemisaldri finna mikið fyrir hormónasveiflum sem tengjast tíðahringnum með tilheyrandi óþægindum eins og t.d.:

- Fyrirtíðaspenna
- Sársaukafullar blæðingar
- Óreglulegar blæðingar
- Skapsveiflur
- Andleg vanlíðan

Femmenessence MacaHarmony styður við framleiðslu líkamans á hormónum gegnum HPA axis eða undirstúku-heiladinguls-nýrnahettuöxulinn og getur þannig dregið úr hormónatengdum óþægindum án þess að innihalda hormóna.

Virkni Femmenessence hefur verið staðfest í rannsóknum og birt í virtum lækna- og vísindatímaritum.*

### Femmenessence MacaHarmony

- er með lífræna vottun í Bandaríkjunum, Evrópu og Japan
- er ekki erfðabreytt, non GMO,
- er með Fair Trade vottun eða sanngirnisvottun
- er glútenfrítt
- er hentugt fyrir grænmetisætur.
- Femmenessence pakkinn inniheldur 120 þynnupökkuð grænmetishylki en macarótin er viðkvæm fyrir súrefni og sólarljósi og því er þynnupökkun nauðsynleg til að viðhalda virkni og gæðum macarótarinnar.
- Femmenessence MacaHarmony inniheldur engin hormón, hvorki gervihormón, plöntuhormón né soja.*




**Femmenessence MacaHarmony fæst í helstu apótekum og Heilsuhúsinu. Nánari upplýsingar má finna á Facebook undir Femmenessence**

*http://www.naturalhi.com/downloads/WhitePaper_MacaGO.pdf









# ÆPANDI HÁRLITIR Á UNDANHALDI

Hártískan í sumar verður náttúruleg og frjálsleg. Litir verða ekki eins æpandi og í fyrra og grái liturinn er á undanhaldi. Síða hárið verður áfram vinsælt hjá konum á öllum aldri, að sögn hárgreiðslumannsins **Björns Berg** eða Bödda á Beautybar.

Böddi hefur starfað á hárgreiðslustofunni Beautybar í Kringlunni í rúmt ár en hann á stóran hóp fastakúnna. Hann fylgist vel með tískustraumum, bæði hvað varðar hárgreiðslu og klæðaburð. „Það var töluvert um að stelpur væru að láta klippa sig stutt í fyrrasumar. Núna er þetta öfugt. Þær vilja vera með millisítt eða vel sítt hár,“ segir Böddi. „Þá er skuggi í rót vinsæll um þessar mundir og ljósari endar. Það er náttúrulegra útlit heldur en þetta rosalega ljósa hár sem var svo mikið um í fyrra. Þetta kallast „balayage look“ og er vinsælt um allan heim. Mér sýnist að þetta verði áfram vinsælt í sumar, mjög sterkt í tískunni,“ útskýrir Böddi.

„Mér finnst þetta ekki vera aldurstengd tíska, það er fjölbreyttur aldurshópur kvenna sem biður um svona strípur. Þær koma reglulega hingað til að halda útlitinu fersku. Grái liturinn sem hefur verið vinsæll er á útleið en „dirty blond“ litur er aftur á móti orðinn mjög vinsæll.

Annað sem ég hef tekið eftir undanfarið er að konur hafa mikinn áhuga á gæðum hárvara sem við notum. Margar spyrja hvort einhver aukefni séu í litunum og öðrum hárvörum og biðja um náttúrulega gæðavöru,“ segir Böddi og segir að stofan komi að sjálfsögðu til móts við þessar óskir. „Fólk er orðið mjög meðvitað um óæskileg efni og vill ekki fá krabbameinsvaldandi efni nálægt húðinni. Við bjóðum mörg merki í hárvörum og



Böddi á Beautybar fylgist vel með tísku og tískustraumum.

þess vegna er auðvelt fyrir kúnnana að velja hjá okkur.“

Böddi segir konur velta mikið fyrir sér lit í hárið og þær vilji hafa hann sem náttúrulegastan. „Það eru allir að leita eftir heilbrigðu og glansandi hári. Karlarnir vilja frekar mattara útlit og að hárið sé stutt og þægilegt yfir sumarmánuðina.

Hárskraut var vinsælt á tískupöllunum fyrir vor- og sumartískuna þetta árið. Böddi segir að íslenskar konur séu ekki mikið fyrir það. „Meira að segja brúðir vilja ekki mikið skraut í hárið. Íslenskar konur eru ekki mikið fyrir liti. Ég hef fengið kúnna frá Mexíkó og Rúmeníu, þeir biðja um liti og skraut. Fléttur verða hins vegar áfram vinsælar, stórar og miklar. Annars leggur Kylie Jenner línurnar fyrir yngri stelpurnar,“ segir Böddi. **elin@365.is**



Ungar skvísur líta til Kylie Jenner í leit að tískutrendum. Í apríl var hár hennar svona.



Leikkonan Meghan Rienks er með svokallað „balayage look“ sem er mjög vinsælt um þessar mundir. Þá er hárið dekkra nær rótinni en til endanna.



Kylie Jenner er fljót að breyta útlitinu en svona var hárið á mánudag þegar hún mætti í galaveislu í New York.









BIOTHERM
DJÚPUR RAKI
AQUASOURCE GEL
Stjörnuvara, endurnærandi gelkrem í krukku sem gefur 500 klst öfluga rakagjöf[1].
BIOTHERM AQUASOURCE
NÆTURMEÐFERÐ
AQUASOURCE NIGHT SPA
Vaknaðu alla morgna með endurnýjaða og djúpnærða húð.: eykur rakamagn um +30% á einni nóttu2.
NÝTT
SLÉTTIR & ÞÉTTIR OG GEFUR ÓTRÚLEGAN RAKA
AQUASOURCE EVERPLUMP
Ný kynslóð þéttandi gelkrema, svo virk að jafnvel fínar línur sléttast út.
BIOTHERM AQUASOURCE EVERPLUMP
AQUASOURCE
N°1
RAKAKREM Í EVRÓPU*
AUGNGEL - VAKNAÐU!
AQUASOURCE EYE REVITALIZER
Kælir húðina samstundis um -2°C [3]: Dregur úr þrota og dökkum baugum og gefur raka og mýkt.
ÚTIVISTARKREM
AQUASOURCE COCOON
Létt eins og gel - nærir eins og krem. Öflugt rakagefandi, nærandi og verndandi krem.
*Samtals sala í stykkjum í Frakklandi, Ítalíu, Spáni og Þýskalandi á samansöfnuðu tímabili [janúar 2015 - september 2015]. [1]Instrumental test - 24 konur - 50 ml krukka, 8 klst. rakagjöf við hverja notkun. [2]Instrumental test - 24 konur. [3]Instrumental test - 26 konur





Álfrún Pálsdóttir, ritstjóri Glamour. MYNDIR/ERNIR


Jóhanna Björg Christensen, ritstjóri Nude Magazine.


Margréti Dagbjört Flygenring Pétursdóttir, aðstoðarritstjóri RFD.

# LITADÝRÐ OG FJÖLBREYTILEIKI

Nú í maíbyrjun er kominn tími til að huga að því hverju skal klæðast í sumar og hvaða flíkur sé sniðugt að næla sér í. Við fengum þrjá tískuspekúlanta til að segja okkur frá því helsta sem verður í gangi.

**ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR**
***ritstjóri Glamour***

*Hvaða trend verða mest áberandi í sumar?* Það sem er skemmtilegast við þetta sumarið er að persónulegur stíll hefur yfirhöndina í stað þess að elst sé í blindni við trend. Það eru þó alltaf lykilflíkur sem koma sterkar inn með hækkandi sól eins og strigaskórnir, en ekkert lát virðist vera á vinsældum þeirra. Einnig klipptar ökklasíðar gallabuxur í millibláum lit og gallapils eins og þau sem tröllriðu öllu í upphafi aldarinnar. Götustíll eins og hann gerist bestur með hettupeysum, gömlu góðu bomberjökkunum og hnéháu stígvélunum fremstum í flokki.

*Hvaða litir verða vinsælir?* Pastellitirnir eru að koma sterkir inn þetta árið með ljósbleikum og bláum. Þá er hvítur og ljósir brúnir tónar – allt þó í fölum tónum sem léttilega er hægt að blanda saman við hinn sívinsæla svarta lit sem á yfirhöndina í flestum fataskápum.

*Hvernig verður sólgleraugnatískan?* Nú skal það vera kringlótt, sólgleraugu með kringlóttu gleri er það sem ber hæst þetta sumarið ásamt hinum klassísku sniðunum. Það er líka hægt að fá mismunandi mikið kringlótt og um að gera að prófa sig áfram til að finna rétt gleraugun.

*Er eitthvað sem er alveg úti í sumar?* Nja, erfið spurning. Það er aldrei eitthvað sem er alveg úti. Auðvitað erum við öll með flíkur sem við mundum ekki klæðast, en þær eru kannski ekki endilega þær sömu. Ég meina, ég mundi ekkert endilega fara í kraftgallanum í útilegu núna en ég bíð samt spennt eftir þeirri endurkomu. Svo aldrei að segja aldrei er svarið.

**MARGRÉT DAGBJÖRT FLYGENRING PÉTURSDÓTTIR**
***aðstoðarritstjóri Reykjavik Fashion & Design***

*Hvaða trend verða mest áberandi í sumar?* Sumartískan einkennist af skemmtilegum 80's og 90's straumum, mikið af litum og mynstrum í bland við blúndur og pífur. Klæðilegir toppar og kjólar sem sýna axlirnar eru einnig vinsælir í sumar.

*Hvernig verða buxnasniðin?* Það er mikið að gerast í buxnatískunni í sumar. Útvíð og „loose“ snið eru áberandi og þá gildir einu hvort efnin eru einlit eða mynstruð. Sportí buxur eru einnig áberandi, en hversdagsbuxur með stroffi og hliðarröndum eru alveg málið í sumar og gaman að poppa þær upp með flottum hælum. Fyrir þær sem vilja sumarvæða skrifstofulúkkið er málið að næla sér í kvartbuxur með broti í fallegum lit.

*Hvernig skóm á að klæðast?* Litadýrðin tröllríður öllu í sumar og er skófatnaðurinn þar engin undantekning. Gladíator-sandalarnir eru komnir aftur, þó með töluvert kvenlegra ívafi en áður ásamt strigaskóm og passlega háum hælum sem verða áberandi í sumar. Líkt og með flest annað leika gæði og þægindi stórt hlutverk og ekki síst þegar kemur að því að velja sér skó. Undirrituð hefur enn ekki fundið skó sem toppa gömlu góðu Birkenstock hvað þetta varðar og mun því splæsa í eina silfraða fyrir sumarið.

*Eru einhver sérstök efni inni?* Gallaefni detta aldrei úr tísku en í sumar verða flíkur úr gallaefni af öllum gerðum áberandi í bland við blúndur og léttari efni með mikið af smáatriðum. Við viljum klæðast fatnaði úr vönduðum efnum, eyðum smátíma í að skoða úr hverlig efnum flíkurnar eru áður en við kaupum, við munum ekki sjá eftir því!

**JÓHANNA BJÖRG CHRISTENSEN**
***ritstjóri Nude Magazine***

*Hvaða trend verða mest áberandi í sumar?* Eftir nokkur season með mjög stílhreinum trendum er loksins aftur kominn tími fyrir litagleði, munstur og fjölbreytileika. Gallaefnið er alltaf jafn vinsælt en líka léttir silkikjólar, toppar og silkidress sem minna einna helst á náttföt. Satín-bomberjakkar með útsaumi og eða munstri og vel sniðnar skyrtur eru nánast skyldueign.

*Mynstur eða einlitt?* Hvort tveggja! En mynstur eru samt virkilega vinsæl núna og þá sérstaklega ef þau eru litrík og áberandi, gjarnan sem sett í sama mynstri frá toppi til táar eða mismunandi mynstrum blandað saman.

*Hvernig verða buxnasniðin?* Skinny jeans víkja fyrir víðum buxum og bæði síðum og kvart. Karlmannleg snið verða líka áberandi.

*Hvernig verður sólgleraugnatískan?* Það borgar sig alltaf að velja sólgleraugu út frá andlitsfalli, retróumgjörðir eru áfram vinsælar en speglagler sækir í sig veðrið og það nýjasta eru gleraugu alveg án ramma eins og sáust hjá bæði Chanel og Dior.




FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson |** Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 **|** Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429


20-50% afsláttur
af völdum vörum!
Opnunartími 5.maí
13-18
KRINGLUKAST!
FRÁBÆR tilboð á Kringlukasti dagana 5-9. maí
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 3.990
St. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 3.990
St. S-XXXL
TÚNIKA
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.490
St. S-XXXL
Einnig til í steingráu!
ÚLPA
ÁÐUR 12.990
NÚ 9.990
St. 42-56
Einnig til í svörtu!
ÚLPA
ÁÐUR 12.990
NÚ 9.990
St. 36-56
KJÓLL
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.990
St. S-XXXL
SKOKKUR
ÁÐUR 4.990
NÚ 2.990
St. S-XXXL
TOPPUR
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.990
St. S-XXXL
Einnig til í rauðu og svörtu!
ÚLPA
ÁÐUR 12.990
NÚ 9.990
St. S-XXL
Einnig til í silfur gráu og svörtu!
ÚLPA
ÁÐUR 12.990
NÚ 9.990
St. 42-56
20% afsláttur af öllum skóm og 23% afsláttur af öllum úlpum - aðeins dagana 5-9.maí!
Tilboðsverð 7.990,- Áður 9.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 6.990,- Áður 8.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 6.990,- Áður 8.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 4.790,- Áður 5.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 6.990,- Áður 8.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 9.590,- Áður 11.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 3.990,- Áður 4.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 4.790,- Áður 5.990,- st. 36-41
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

## BÍLAR & FARARTÆKI

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**




Jeep Grand Cherokee Summit Eco Diesel 4/2014 ek.23þús. Sjálfskiptur. Topplúga. Glerþak. Bakkmyndavél. Ásett verð 12.900.000.- Rnr.151445




Peugeot 3008 - 1600 Active Diesel 6/2014 ek.14þús. Sjálfskiptur. Dráttarkrókur. Ásett verð 3.690.000.- Rnr.151547



Chevrolet Spark LT 3/2015 ek.10þús. Beinskiptur. 1.690.000.- STAÐGREITT. Rnr.311638



Saab 9-3 Linear I 1/2006 ek.108þús. Beinskiptur. Skipt um tímareim í 60þús. Ásett verð 990.000.- Rnr.288033




VORTHEX heithúðun á allargerðir pallbíla og fleira upplýsingar í Bílaryðvörn sími 587-1390.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



Suzuki Vitara DDIS - Nýir bílar! Árgerðir 2016. Sjálfsk. Dísel. 4x4. Mjög vel útbúnnir bílar. Eigum bíla á staðnum. Verð aðeins 4.990.000kr. Raðnr 158335. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

**NETBÍLAR**
**www.netbilar.is**



**GLÆSILEGUR AUDI Q5 2015 ÁRGERÐ**

Audi Q5 V6T Quattro ekinn 4.þkm disel,ssk,5,9 í 100, nývirði 9,7.m feitletrað TILBOÐ 8,3.m raðnúmer 213423 Bíllinn er á staðnum í núpalind 1 kóp.5885300

**Netbílar.is**
**Núpalind 1 .Lindum Kópavogi, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

**Bíla & FerðavagnaMarkaður**

**Óskum eftir ferðavögnum og ferðabílum af öllum stærðum og gerðum opið um helgina gott útisvæði.**

**Ferðavagnamarkaður**
**Breiðhöfði, 110 Reykjavík**
**Sími: 659 2452**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

### Bílar til sölu

**Seldu bílinn**
einn, tveir og þrír!
1. Þú skráir bílinn
2. Þú færð tilboð
3. Þú færð greitt strax!
seldustrax.is



**DEKURBÍLL - LÍTIÐ EKINN !**

VW Polo 1,4 comfortline. 2010, tveir eigendur, ekin 50. þús km. 5 gíra, ný vetradekk fylgja, ný skoðaður, dekurbíll. verð. 1.600.000,- Uppl. í s. 8223322



Toyota Yaris diesel 02/2011 ek. 80þ, bsk,100% þj. engin skipti. Verð 1750 s.8959065

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Hjólhýsi



Hobby Excellent 560UFe árg '07. 2 geymar, útvarp. 14L gas og rafmagnshitari. Verðtilboð s. 8972518

### Húsbílar



Til sölu húsbíll VW LT 35 árg. 2001 ek. 129þús. Sk. '17 með bilaða vél. Verð 750þús Uppl. í s. 861 0096

### Fellihýsi

**Tjaldvagnar**
**Fellihýsi**
**Hjólhýsi**
**Húsbílar**
Umboðssala
Risasýningarsvæði
Korputorgi
Korputorg I 112 Reykjavík
Sími 551 5600 I utilegumadurinn.is
Útilegumaðurinn

### Vinnuvélar

**OK VARAHLUTIR**



**BÍLALYFTUR- DEKKJAVÉLAR**

Tveggja pósta bílalyftur 3,8T, höfum einnig dekkjavélar (affelgunar og ballance vélar) á tilboðsverði, ATH eigum enfremur vörubíla dekkjavél. O.K.Varahlutir ehf S:696-1050. okspares@simnet.is

### Bátar




**HEIMAVÍK 20 ÁRA.**

Silunganet, flotnet, sökknet. Silunganet, flotnet, sökknet. Heimavík Höfðabakka 1, S. 555 6090 www. heimavik.is




### Hjólbarðar

**VAKA**



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.




**TECHKING VINNUVÉLADEKK**

Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ymsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir S: 6961050 okspares@ simnet.is

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

### Garðyrkja

Felli tré, grisja og klippi runna. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR**
Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

**MÁLNINGI**
Alhliða málningarþjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@ flytja.is

### Spádómar

**SPÁSÍMI 908 7000**
Spámiðlun, tarot, fyrirbænir, algjör trúnaður. Opið til 22.

Spái í spil, tek fólk heim, spái einnig í gegnum síma. Tímap. í s. 445 8787.

**661 3839 - SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 14 alla daga.

**SÍMASPÁ 555 2927**
Draumaráðningar, fyrirbænir. Opið frá 13 Hanna s. 847 7596

### Húsaviðhald

**VIÐHALD FASTEIGNA**
JÁ IÐNAÐARMENN
Tímavinna eða tilboð
Sími 544 4444
Gsm 777 3600
jaiðnaðarmenn.is
johann@2b.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@ simnet.is

### Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

## KEYPT & SELT

### Til sölu




Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

### Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

### Verslun






**NÝ SENDING KOMIN!**
WE-VIBE 4 - Unaðstæki ársins fyrir pör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar, 50 Shades of Grey vörurnar og allt það vinsælasta í dag. Millifærsla, greiðslukort og netgíró.Sendum um allt land www.hush.is

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www. tantratemple.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU - KRUMMAHÓLAR**
Til leigu stórglæsileg 150fm 5 herb. penthouse íbúð á efstu hæð í lyftublokk með stórkostlegu útsýni yfir borgina. íbúðin er með 3 svefnherbergjum, tveimur samliggjandi stofum ásamt baðherbergi, gestasnyrtingu, eldhúsi og góðum suður svölum. Íbúðin leigist með öllu innbúi ásamt ísskáp, uppþvottavél, þvottavél í sameign og öllum öðrum nauðsynlegum húsbúnaði. Dýrahald ekki leyft. Íbúðin leigist í 3 til 5 mánuði í senn með möguleika á framlengingu. Leigan er 300 þús. á mánuði og er rafmagn, hiti, internet og sjónvarpspakki innifalin í leigunni. Íbúðin er laus
**Allar nánari upplýsingar gefur Halldóra í síma 865 5533**

Kjallaraherbergi til leigu við Laugarnesveg, fyrir reglusamt og skilvíst fólk. S. 893 9936

## fasteignir

# Laugavegur 71





Til sölu eignarhlutar
í vel staðsettu húsi við Laugaveg

Heildarstærð séreignarhluta er 721,6 fm
en um er að ræða verslun á jarðhæð og kjallara, skrifstofuhæðir á 2. og 3. hæð og íbúð á 4. hæð

Samkvæmt skipulagi má reka hótelíbúðir
á efri hæðum hússins.

533 fm byggingarréttur fylgir húsinu.

Eignin er að mestu laus við kaupsamning.

**Óskað er eftir tilboðum í eignina**



Bókaðu skoðun
**Svan G. Guðlaugsson**
aðstm. fasteignasala
og nemi til löggildingar fasteignasala
sími: 697 9300
svan@miklaborg.is



Nánari upplýsingar veitir
**Ólafur Finnbogason**
löggiltur fasteignasali
sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

## atvinna



# Meiraprófsbílstjóri óskast í sumarstarf

AÐFÖNG óska eftir meiraprófsbílstjóra í sumarstarf.
Viðkomandi þarf að hafa próf á vörubifreið með eftirvagn.
Unnið er á vöktum við útkeyrslu á vörum í verslanir Haga.

Sækja skal um starfið á www.adfong.is
Óskað er eftir að ferilskrá fylgi umsókn.

AÐFÖNG

# Stakfell óskar eftir metnaðarfullum einstaklingum til starfa.

Stakfell er rótgróin fasteignasala með öfluga liðsheild. Nýlega fluttist Stakfell í glæsilegt húsnæði að Borgartúni 30 og þar með bættust við nokkrar fullbúnar skrifstofur. Ert þú löggiltur fasteignasali eða stefnir þú í nám til löggildingar? Frábært tækifæri og góðir tekjumöguleikar í lifandi og skemmtilegu umhverfi.

Ferilskrá ásamt kynningarbréfi berist á netfangið stefan@stakfell.is

Allar nánari upplýsingar veitir Stefán Hrafn hdl. lögg.fasteignasali í síma 535-1000/895-2049

Umsóknarfrestur er til 15. maí.

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

## tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um deiliskipulag í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Úlfarsfell, kirkjugarður

Umhverfis og skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti þann 6. apríl 2016 og borgarráð Reykjavíkur þann 7. apríl 2016 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir nýjan kirkjugarð í Reykjavík. Deiliskipulagssvæðið er undir vesturhlíð Úlfarsfells og liggur norðanvert að sveitarfélagsmörkum Mosfellsbæjar. Heildarstærð svæðis er um 22,5 hektarar og verður aðkoma að garðinum úr suðri þar sem einnig er gert ráð fyrir aðkomusvæði með bílastæðum, þjónustuhúsi ofl. Þaðan verður svo hægt að aka bílum eftir hringvegi sem liggja mun um garðinn. Göngustígatengingar innan kirkjugarðsins og í jaðri hans eru skilgreindar og er gert ráð fyrir að hluti stígakerfis garðsins tengist beint útivistarstígum í Úlfarsfelli. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 - 16:15, **frá 3. maí 2016 til og með 16. júní 2016**. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, ***www.reykjavik.is***, undir skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega, til umhverfis - og skipulagssviðs, b.t. skipulagsfulltrúa, eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 16. júní 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.

Reykjavík 3. maí 2016
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

### Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

# Kirkjugarður í Úlfarsfelli

### *Tímabundin losun ómengaðs jarðvegs*

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 7. apríl 2016 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla, sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Aðalskipulagstillagan er auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi nýs kirkjugarðs.
Tillagan gerir ráð fyrir um 22 ha kirkjugarði í Hamrahlíðarlöndum undir Úlfarsfelli. Til að gera kirkjugarðinn grafartækan og til að móta land samkvæmt deiliskipulagi garðsins felur tillagan í sér heimild til tímabundinnar losunar 600 þúsund m$^3$ ómengaðs jarðvegs á svæðinu. Gert er ráð fyrir að jarðvegsframkvæmdir vegna undirbúnings kirkjugarðsins verði að mestu lokið árið 2020 og garðurinn verði tilbúinn til notkunar árið 2023. Heimilt er að leggja bráðabirgðaveg að losunarstaðnum/kirkjugarðinum og er gerð grein fyrir legu hans í deiliskipulagstillögu.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 3. maí 2016 til og með 16. júní 2016**. Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 3. hæð. Tillöguna má nálgast á ***reykjavik.is***.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 16. júní 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




INHOPE insafe SAFT


SOTHYS | SUN CARE
Falleg, nærð og ljómandi húð í sumar.
BRÚNKUHVETJANDI GEL:
· UNDIRBÝR OG ÖRVAR HÚÐINA FYRIR SÓLBÖÐ
· FALLEG OG JÖFN BRÚNKA
BRÚNKUGEL:
· BRÚNKUGEL FYRIR ANDLIT OG LÍKAMA
· FALLEG OG NÁTTÚRULEG BRÚNKA
Nýjar vörur frá Sothys með ljúfum ilmi; self -tanning gel face&body, face and body tanning enhancer, shower gel og shimmering olía. Veita húðinni góðan raka. Ljómaðu í sumar!
SOTHYS
SOTHYS
SOTHYS
SOTHYS
PARIS
www.sothys.com
ÚTSÖLUSTAÐIR:
Hagkaup Kringlunni, Lyfja Smáratorgi, Lyfja Smáralind, Lyfja Keflavík, Lyfja Lágmúla, Lyfja Borgarnesi, Lyfja Neskaupsstað, Árbæjarapotek, Garðsapotek, Apotek Siglufjarðar, Sjörnusól, Snyrtistofan Hilma, Snyrtistofan Arona, Snyrtistofan Fagra, Snyrtistofan Wanita, Snyrtistofan Dekurdís, Snyrtistofan Afrodita og Hárgreiðslustofan Flikk.
PHOTOS : JEAN-FRANÇOIS VERGANTI · JEAN-BAPTISTE GUITON · 01/14 · SOTHYS PARIS, SIÈGE SOCIAL ET INSTITUT DE BEAUTÉ, 128 RUE DU FAUBOURG SAINT HONORÉ, F 75008 PARIS - SIREN 451 170 807 RCS PARIS
WWW.BPLUST.COM
B+T

# Hjálpum Sýrlendingum að vera heima hjá sér



**Hildur Þórðardóttir**
þjóðfræðingur, rithöfundur og forsetaframbjóðandi

Næstum daglega heyrum við átakanlegar sögur af hrakningum sýrlenskra flóttamanna sem hvergi fá inni. En ef Frakkar, Bandaríkjamenn og Rússar hefðu ekki blandað sér í stríðið í Sýrlandi væri það líklega löngu búið. Þá væru ekki átta milljónir manna á flótta um Evrópu.

Þegar styrjöldin geisaði í Rúanda vildi alþjóðasamfélagið ekki skipta sér af, því þetta var skilgreint sem borgarastyrjöld. Tveir ættbálkar tókust á og gripu menn það sem var hendi næst; sveðjur, búrhnífa og axir. Í Rúanda voru því engin utanaðkomandi flugskeyti sem eyðilögðu íbúðarhús og önnur mannvirki. Eftir tæplega þriggja ára bardaga þar sem 800 þúsund manns höfðu slátrað hver öðrum, sáu menn loksins tilgangsleysið með þessu, ákváðu að fyrirgefa hver öðrum og byggja upp menntun og heilbrigðiskerfi í landinu.

Í Sýrlandi geisar enn „borgarastyrjöld“ fimm árum eftir að hún hófst. Hálf milljón manns er talin af og tæplega átta milljónir eru á flótta. En í Sýrlandi vildu Vesturlönd endilega leggja uppreisnarmönnum lið og þá vildu Rússar styðja forsetann. Nú er búið að leggja heilu borgirnar í rúst með flugskeytum og eyðileggja heimili átta milljóna saklausra borgara svo það verður meiriháttar mál að byggja landið upp aftur. En þessi lönd gátu ekki sleppt því að skipta sér af. Það er nefnilega olía og gas í Sýrlandi.

Fyrir hverja sprengju sem Vesturlönd varpa á Sýrland og í Austurlöndum nær, magnast herskáir múslimar, því í þeirra augum er þetta menningarstríð. Þeir eru í raun að mótmæla afskiptum annarra ríkja af þeirra málum. Af hverju mega þeir ekki eiga sínar auðlindir í friði og byggja upp landið sitt án afskipta annarra?

Umbætur og byltingar verða að koma innan frá. Fólkið sjálft verður að rísa upp gegn einræðisherrum og víkja þeim frá völdum. Fólkið sjálft verður að vilja umbreytingarnar og finna sjálft hvernig kerfi það vill hafa. Vesturlönd geta ekki ráðist inn í lönd undir því yfirskini að bola einræðisherra frá völdum og koma á lýðræði. Sérstaklega þegar raunveruleg ástæða er sú að viðkomandi einræðisherra vill ekki lengur selja olíu og gas á spottprís. Það eina sem afskipti Vesturlanda gera er að halda þjóðum á steinaldarstigi með því að eyðileggja þá uppbyggingu sem löndin hafa sjálf staðið fyrir.

**Herská og gráðug Vesturlönd eru vandamálið**

Allir sem hafa kynnt sér málið vita hvar hundurinn liggur grafinn. Herskáir múslimar eru ekki vandamálið í Sýrlandi. Það eru herská og gráðug Vesturlönd sem eru vandamálið. Ef Vesturlönd hefðu ekki skipt sér af í Afganistan, Írak og víðar hefðu herskáir múslimar ekki streymt til Evrópu og tekið yfir úthverfi Marseilles eða miðbæ Malmö. Þá væru kannski engir herskáir múslimar til, heldur einungis hófsamir múslimar sem leggja áherslu á menntun og velferð fólksins.

Ísland er eina Evrópulandið sem ekki framleiðir vopn eða hefur fjárhagslega hagsmuni af vopnaframleiðslu. Þess vegna er Ísland eina landið í Evrópu sem gæti talað fyrir friði án þess að hljóma falskt. Bandaríkjamenn, Rússar, Kínverjar, Frakkar og Þjóðverjar eru fimm stærstu vopnaframleiðendur í heimi. Það er þeirra hagur að stríð geisi sem víðast og sem lengst.

Hjálpum frekar Sýrlendingum að vera heima hjá sér. Beitum okkur fyrir lausnum og friði á svæðinu. Ef forseti vor er í svo góðu sambandi við Frakklandsforseta og Rússlandsforseta, af hverju hringir hann ekki í þá og segir þeim að hætta afskiptum í Sýrlandi? Af hverju eru forsetinn og utanríkisráðherra ekki að beita sér fyrir friði á svæðinu? Hafa þeir kannski einhverja hagsmuni af stríðinu? Maður spyr sig.

**Ef forseti vor er í svo góðu sambandi við Frakklandsforseta og Rússlandsforseta, af hverju hringir hann ekki í þá og segir þeim að hætta afskiptum í Sýrlandi? Af hverju eru forsetinn og utanríkisráðherra ekki að beita sér fyrir friði á svæðinu? Hafa þeir kannski einhverja hagsmuni af stríðinu? Maður spyr sig.**

MYNDLISTASKÓLINN Á AKUREYRI
auglýsir inntöku nýnema fyrir skólaárið 2016-2017



*GRAFÍSK HÖNNUN*
LISTHÖNNUNARDEILD veitir starfsmenntun í grafískri hönnun.
Á námstímanum öðlast nemendur yfirgripsmikla þekkingu og þjálfun í faginu sem gerir þá hæfa til að fást við krefjandi verkefni á sviði hönnunar fyrir prentmiðla og margmiðlun. Nemendur útskrifast að loknu þriggja ára námi með því að vinna lokaverkefni innan sérgreinarinnar og skrifa rannsóknarritgerð.

*FRJÁLS MYNDLIST*
FAGURLISTADEILD veitir starfsmenntun í frjálsri myndlist. Nemendur fá alhliða þjálfun í hefðbundnum greinum þar sem áhersla er lögð á tæknilega og listræna ögun. Nemendur útskrifast að loknu þriggja ára námi með því að vinna lokaverkefni innan sérgreinarinnar og skrifa rannsóknarritgerð.

*MYNDLIST - HÖNNUN - ARKÍTEKTÚR*
FORNÁM - Alhliða undirbúningur fyrir nám í hönnun og listum.
Myndlistaskólinn á Akureyri býður upp á hnitmiðað 60 feininga heildstætt nám í sjónlistum. Listrænn og tæknilegur undirbúningur fyrir framhaldsnám á sviði myndlistar, hönnunar og arkitektúrs.

**Skóli með sterkan prófíl**
Umsóknarfrestur til 1. júní.

Kaupvangsstræti 16 - Sími. 462 4958 - info@myndak.is - www.myndak.is - www.facebook.com/myndak

# Landspítalinn verður tæplega starfhæfur



**Vilhelm Jónsson**
fjárfestir

Óafturkræf mistök munu eiga sér stað gangi eftir að þvinga nýbyggingu háskólasjúkrahúss með skúrbyggingapúsli og bútasaumi á næstu áratugum, sem mun eðlilega aldrei ljúka. Innan ekki svo langs tíma þarf að leggja stærri og fleiri svæði undir þar sem vélar þurfa að brjóta þúsundir rúmmetra af klöpp með sprengingum til margra ára og öðru steinsteypubroti nánast ofan í spítalanum. Verkferlinu mun smám saman seinka og verða breytingum háð með tilheyrandi hávaða, ráðaleysi og skömm þar sem enginn mun axla ábyrgð.

Þegar stóraukið múr- og klapparbrot árum saman á sér stað ásamt störfelldu jarðraski mun ryk skila sér inn á spítalann ekki síst í óhagstæðum vindáttum. Þá fer að reyna á þolrif læknastéttarinnar. Núverandi staðarval á klastri við nýja sjúkrahúsið mun stórauka byggingarkostnað samanborið við aðra og hyggilegri staðsetningu ásamt því að lengja byggingartíma verulega. Örtröð í kringum sjúkrahúsið verður mikil og erfið fyrir starfsfólk, sjúklinga og aðstandendur. Bygging af þessari stærðargráðu krefst mikils athafnapláss á byggingarstað og afgirtu vinnusvæði þar sem stórtækar vinnuvélar þurfa óheft aðgengi og reyna mikið á nærliggjandi byggð.

Tímafrekar og kostnaðarsamar jarðvegsframkvæmdir þurfa að eiga sér stað með flutningum og breytingum á jarðstrengjum, hita- og vatnslögnum ásamt frárennslis- og stofnæðum, sem þarf að stórauka. Ekki tekur betra við þegar heita- og kaldavatnslagnir eiga eftir að fara ítrekað í sundur bæði óviljandi sem meðvitað ásamt háspennu- og símastrengjum, ljósleiðurum og fleiri uppákomum.

Jarðvegsframkvæmdir og aðliggjandi aðgengi stofnbrauta, sem þarf að púsla saman á núverandi stað, munu velta á tugum milljarða meiri kostnaði en ef önnur og betri staðsetning yrði valin þegar raunverulegt uppgjör kemur í ljós. Reyna mun á þolrif bílstjóra þegar bílastæðum fækkar verulega á svæðinu sem liggur að Landspítalanum og gestir og starfsfólk munu deila með byggingarstarfsmönnum. Jafnvel þó svo það hafi vantað bílastæði árum saman við Landspítalann þá hika forsvarsmenn nýbyggingar ekki við að gera lítið úr viðkomandi vanda, þó svo hann aukist enn frekar þegar þúsundir fermetra verða lagðir undir nýframkvæmdir.

**Upp á afturlappirnar**

Það verða ekki bara sjúklingar sem munu kvarta yfir ómældum hávaða og öðrum annmörkum. Læknastéttin á eftir að rísa upp á afturlappirnar í einni og annarri mynd smám saman ekki síst þegar skurðstofur og önnur rými liggja undir steypuryki og öðru raski. Viðkvæm tæki gætu hætt að virka sem skyldi þar sem klapparbrot leiðir langa leiðir. Ekki tekur betur við þegar aðstandendur ástvina fara að láta heyra í sér og framkvæmdum verði seinkað og þær stöðvaðar.

Það verður hálf nöturlegt fyrir sjúklinga og starfsfólk þegar óheppilegar og erfiðar uppákomur eiga sér stað hjá sjúklingum þegar ekki er hægt að opna glugga til að lofta út óæskilegum þef fyrir múrbroti og rykmyndun. Ef að líkum lætur á eftir að hrikta síðar verulega í samfélaginu gangi núverandi uppbygging eftir. Þá mun heilbrigðisráðherra verða manna fyrstur til að sverja af sér ábyrgð ásamt fleirum.

Helstu talsmenn nýbygginga á óbreyttum stað eru þeir sem maka krókinn eða er fyrirmunað að láta af oflæti sínu og viðurkenna mistök. Tæplega getur talist eðlilegt að hlutdrægar arkitekta- og verkfræðistofur, sem láta stjórnast af eiginhagsmunum og eiga mikið undir, séu nánast leiðandi um hvert framhald byggingar spítalans verði. Borgarstjórn er þar ekki undanskilin enda vill hún fá sín aðstöðugjöld og aðrar tekjur af nýbyggingum og lætur sér, ásamt fleirum, litlu skipta kostnað ríkissjóðs. Þó svo fimm milljarðar liggi undir í undirbúningsframkvæmdum má ætla að það sé brotabrot af auknum byggingarkostnaði sem hlýst af núverandi staðarvali.

Forstjóri Landspítalans lætur stjórnast af þekkingarleysi ásamt fleirum um enda hefur ný staðsetning ekkert með byggingarhraða að gera, ekki síst þegar tekið er tillit til núverandi staðsetningar sem er illframkvæmanleg. Sviðsett leikrit og dramatík hjá forstjóra spítalans er honum aðeins til minnkunar. Eðlilegast væri að hann einblíndi á það sem honum er ætlað að vasast í og hefur kunnáttu til. Það er illa komið fyrir læknum og hjúkrunarfólki ef það þorir og/eða getur ekki tjáð skoðanir sínar sem ganga þvert á vilja æðstu stjórnenda Landspítalans.

Nýtt sjúkrahús verður aðeins byggt hratt og fljótt upp með fyrirhyggju og útsjónarsemi sem er ekki að klambra saman byggingum með handahófskenndum hætti á dýrasta og erfiðasta byggingarlandi sem er hægt að finna á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

netto

markhönnun ehf

# ALLT UM EVRÓPUMÓTIÐ Í EINNI BÓK
## ÓMISSANDI FÉLAGI Í FÓTBOLTAVEISLU ÁRSINS

-18%




AÐEINS
**2.995 KR**
ÁÐUR 3.698

- LEIKMENNIRNIR - STRÁKARNIR OKKAR - SAGAN - TÖLFRÆÐIN -

**www.netto.is | Tilboðið gildir 6. - 8. maí 2016**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Glerártorg · Hrísalundur · Höfn · Húsavík · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT



Gunnar og Kavanagh saman á æfingu í Mjölni á dögunum. Það er búið að taka vel á því síðustu vikur. MYND/MJÖLNIR KJARTAN PÁLL

# Gunnar verður að vinna

**Þjálfari Gunnars Nelson, John Kavanagh, segir að það sé mikið undir hjá Gunnari í Rotterdam. Þá mætir hann rússneska rotaranum Albert Tumenov.**

**MMA** Gunnar Nelson hefur ekki keppt í UFC síðan hann tapaði fyrir Brasilíumanninum Demian Maia í Las Vegas í desember síðastliðnum. Nú er biðin á enda því hann mætir rússneska rotaranum Albert „Einstein“ Tumenov í Rotterdam um helgina. Gunnar lenti í Hollandi í gær.

Þjálfari Gunnars, Írinn John Kavanagh, var að hluta til með æfingabúðir Gunnars á Íslandi að þessu sinni og hann er ánægður með skjólstæðing sinn.

„Ég hef aldrei séð Gunna í svona góðu formi. Við höfum lagt mikla áherslu á líkamlegu hliðina og einnig unnið í tækninni,“ segir Kavanagh en þeir æfðu í kjölfarið í Dublin áður en haldið var til Rotterdam í gær.

Þó að Gunnar hafi tapað mjög illa fyrir Maia í Las Vegas voru ekki gerðar miklar breytingar á æfingum í aðdraganda þessa bardaga.

„Við erum ekki að gera neinar stórar breytingar. Við höfum unnið meira í líkamlega ástandinu en áður. Það er ekki eins og við værum komnir aftur á byrjunarreit. Þetta var bara einn bardagi. Veltivigtin er galopin og bíður eftir því að einhver slái í gegn. Þar horfa margir til Gunna og Tumenovs. Ég held að þetta sé því mjög mikilvægur bardagi fyrir veltivigtina í UFC,“ segir Kavanagh og bætir við að Gunnar hafi lært mikið af bardaga sínum við Maia og brugðist rétt við tapinu.



„Það hefur aldrei vantað auðmýkt í Gunna. Eftir svona bardaga var hægt að gera tvennt. Hlaupa í burtu frá leiknum og hætta eða taka það jákvæða úr bardaganum. Ég las eftir þennan bardaga að hann hefði kennt Gunna mikið um að komast af. Hann veit núna að hann getur lent í mjög erfiðum aðstæðum, verið algjörlega búinn á því en samt komist í gegnum það. Að gefast ekki upp heldur halda áfram. Hann hættir ekki. Alveg sama í hverju hann lendir. Hluti af því að ná árangri er að nota töp til þess að styrkjast. Gunni hefur gert það.“

Þjálfarinn bendir á að þeir bestu í veltivigtinni séu farnir að reskjast og því séu stór tækifæri í kortunum fyrir Gunnar og fleiri.

„Ef maður lítur á veltivigtina þá erum við með meistarann, góða áskorendur eins og Maia. Þeir eru allir um tíu árum eldri en Gunni. Tumenov er 24 og Gunni 27 ára. Það er því risastórt tækifæri fyrir einhvern að koma inn af krafti í þyngdarflokkinn. Sá sem vinnur þennan bardaga tel ég að muni eiga möguleika á því að berjast um titilinn innan árs. Sérstaklega þar sem ég held að meistarinn muni hætta fljótlega. Þetta er gríðarlega mikilvægur bardagi og við megum ekki við öðrum mistökum í Hollandi. Við verðum að vinna þennan bardaga.“

henry@frettabladid.is






## Nýjast

**Meistaradeildin í fótbolta**

**Real Madrid - Man. City 1-0**

1-0 Fernando, sjálfsmark (20.).

Real vinnur rimmuna, 1-0, samanlagt og mætir Atletico í úrslitum.

**1. deild karla í handbolta**

**Fjölnir - Selfoss 24-28**

Selfoss leikur í Olís-deildinni næsta vetur en þetta var oddaleikur.

### FRÁ TAÍVAN TIL FYLKIS

Fylkismenn hafa styrkt kvennalið sitt með tveimur erlendum leikmönnum fyrir átökin í Pepsi-deild kvenna í sumar og þær koma báðar frá Asíuríkinu Taívan.

Man-ting Lin og Shu-o Tseng hafa báðar gert samning við Árbæjarliðið en Fylkismenn þekkja vel til þeirrar síðarnefndu sem lék með Fylkisliðinu í fyrra. Þetta kom fram á fótbolti.net.

Man-ting Lin er 25 ára varnareða miðjumaður sem spilaði síðast í Frakklandi og á Spáni. Shu-o Tseng er 31 árs sóknarmaður sem skoraði eitt mark í 13 leikjum með Fylki í Pepsi-deildinni í fyrrasumar.

Tseng Shu-o spilaði áður í Þýskalandi, Frakklandi og í Ástralíu en hún vakti mikla athygli þegar hún spilaði með fjölublátt hár í áströlsku deildinni.

Fylkisliðið náði sjötta sætinu í Pepsi-deildinni í fyrrasumar sem er einu sæti neðar en liðið náði sem nýliði í deildinni sumarið 2014.

**Hvað er eiginlega að gerast í #olisdeildin? Geggjaðar stuðningsmannasveitir. Ljósashow. Full íþróttahús. PRO Players á heimleið. WOW.**

Logi Geirsson
@logigeirsson

### PÉTUR OG VIÐAR ÁFRAM

Unglingalandsliðsmennirnir Pétur Birgisson og Viðar Ágústsson verða báðir áfram með Tindastól í Domino's deildinni í körfubolta en þeir eru í hópi átta ungra leikmanna sem hafa gert samning um að spila áfram með Stólunum á næsta tímabili.

Pétur Birgisson og Viðar Ágústsson áttu báðir flott tímabil með Stólunum en þeir voru báðir byrjunarliðsmenn og máttarstólpar hjá liðinu þrátt fyrir ungan aldur.

Pétur Rúnar Birgisson var með 10,6 stig og 5,2 stoðsendingar að meðaltali í 30 leikjum með Stólunum í Domino's deildinni og Viðar Ágústsson var með 5,9 stig og 3,5 fráköst í leik.



Þetta eru þriðju gleðitíðindin í tengslum við liðið eftir að mótið kláraðist því áður höfðu Stólarnir endurnýjað samning við spænska þjálfarann José María Costa og fengið til sín tvo öfluga leikmenn, þá Björgvin Hafþór Ríkharðsson frá ÍR og Christopher Caird frá FSu.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.00 | Liverpool - Villarreal | Sport |
| 19.00 | Sevilla - Shaktar | Sport 3 |
| 19.05 | Stjarnan - Breiðablik | Sport 2 |
| 20.00 | Wells Fargo | Golfstöðin |

# VIÐSKIPTAVINIR ATHUGIÐ!

## ALLAR VERSLANIR BÓNUS ERU OPNAR Í DAG

# UPPSTIGNINGARDAG

# 11:00-18:30

LÁGT VERÐ
ALLA DAGA



BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
5. MAÍ 2016 FIMMTUDAGUR

## Merkisatburðir

**1045** Giovanni Graziano verður Gregoríus 6. páfi.
**1260** Kúblaí Kan tekur við völdum í Mongólaveldinu.
**1625** Kristján 4. Danakonungur ræðst inn í Þýskaland.
**1639** Brynjólfur Sveinsson er vígður Skálholtsbiskup.
**1646** Karl 1. Englandskonungur gefst upp fyrir þinghernum í Skotlandi.
**1705** Jósef 1. verður keisari hins Heilaga rómverska ríkis eftir andlát föður síns.
**1818** Karl Marx, þýskur hagfræðingur, heimspekingur og stjórnmálafræðingur, fæðist. Marx var frægastur fyrir kommúnistaávarpið sem hann samdi ásamt Friedrich Engels árið 1848.
**1821** Napóleon Bónaparte Frakkakeisari deyr í útlegð á eyjunni St. Helen.
**1890** Bjarni Björnsson leikari fæðist. Bjarmi var fyrsti íslenski kvikmyndaleikarinn og fyrsti leikarinn sem gerði leiklistina að ævistarfi.
**1912** Blaðið Pravda, rödd kommúnistaflokksins í Sovétríkjunum, hefur útgáfu í Sankti Pétursborg.



**1912** Sumarólympíuleikar settir í Stokkhólmi.
**1945** Guðmundur Kamban er skotinn til bana í Kaupmannahöfn.
**1945** Holland og Danmörk eru frelsuð undan stjórn nasista.
**1949** Evrópuráðið er stofnað.
**1951** Varnarsamningurinn um varnir Íslands, milli Íslands og Bandaríkjanna fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins, er undirritaður.
**1951** Dakotaflugvél, sem tekið hafði þátt í að bjarga áhöfn Geysis af Vatnajökli, lendir í Reykjavík eftir að hafa staðið á jöklinum frá haustinu áður.
**1969** Norman Mailer fær Pulitzer-verðlaunin fyrir bókina Armies of the night.
**1970** Heklugos hefst og veldur askan gróðurskemmdum, aðallega norðanlands.
**2000** Samfylkingin er formlega stofnuð sem stjórnmálaflokkur á Íslandi.
**2012** Japanir slökkva á öllum kjarnaofnum sínum í fyrsta skipti síðan 1970.
**2015** Vísindamenn tilkynna uppgötvun elstu og fjarlægustu stjörnuþokunnar sem þekkist og fær hún nafnið EGS-zs8-1.



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,
**Elín Jónsdóttir**
Baugakór 18, Kópavogi, áður Hofteigi 19,

lést á Landspítalanum 30. apríl síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Lindakirkju mánudaginn 9. maí kl. 13.

**Hannes Haraldsson**
**Helena Hannesdóttir** **Ævar Ármannsson**
**Berglind Hannesdóttir** **Ásbjörn Ingi Jóhannesson**
**Elín Ósk Ásbjörnsdóttir** **Gabríel Logi Ásbjörnsson**



✝

Elskulega systir okkar,
**Sigrún Ólafsdóttir**
er látin.

Útför fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 6. maí kl. 15.00.

**Þórarinn Hafberg**
**Ingiberg Guðmundsson**
**Óskar Guðmundsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# Bjóða Kópavogsbúum í skemmtilegan ratleik

Skátafélagið Kópar í Kópavogi fagnar sjötíu ára afmæli sínu í ár. Í dag geta íbúar Kópavogs fengið smá innsýn í skátastarfið með því að taka þátt í ratleik á vegum félagsins.



Björk Norðdahl segir ratleikinn vera tilvalinn fyrir fjölskyldufólk að taka þátt í.

„Það eru verkefnapóstar eða stöðvar víða um Kópavogsdalinn, fólk fær kort af svæðinu þar sem það finnur þessa pósta og getur síðan byrjað þar sem það vill og unnið sig í gegnum póstana. Þetta verða tíu stöðvar þar sem verða létt verkefni sem fjölskyldan getur leyst saman og gæti tekið kannski svona klukkutíma,“ segir Björk Norðdahl, starfsmaður hjá skátafélaginu Kópum í Kópavogi.

Skátafélagið Kópar fagnar 70 ára afmæli sínu í ár og í tilefni þess býður félagið Kópavogsbúum í ratleik í dag. Ratleikurinn hefur hingað til aðeins verið fyrir félaga í Kópum en þetta er í fyrsta skipti sem bæjarbúum er boðið að taka þátt. Ratleikurinn hefst klukkan 11 við skátaheimili Kópa við Digranesveg, en Björk segir skemmtilegt fyrir fjölskyldur að taka þátt í ratleiknum saman. Skátafélagið var formlega stofnað 22. febrúar árið 1946, en það var fyrsta skátafélagið sem stofnað var í Kópavogi. Björk segir skátastarf alltaf hafa verið frekar sterkt í bænum, og að það sé eitt stærsta skátafélag á landinu.

Kópar hafa í vetur, í tilefni afmælisársins, haldið viðburði tengda afmælinu, til dæmis með kvöldvöku í Álfhólsskóla, og opnu húsi í skátaheimilinu þar sem hægt var að ganga um húsið og skoða myndir, minjar og minningar úr skátastarfinu síðustu 70 ár. Seinna í haust er síðan ferð í skátaskálann Þrist við rætur Esju.

Björk segir skáta á menntaskólaaldri hafa staðið að skipulagningu ratleiksins, og að þau hafi séð um verkefnið sjálf og sjái um að manna stöðvarnar og útskýra verkefnin. Hingað til hafi eldri skátar séð um ratleikinn en af því að nú var ákveðið að halda ratleik fyrir alla bæjarbúa þá sé þetta svolítið stærra núna og að ungmennin hafi því einnig komið að skipulagningunni nú.

Björk segir þátttöku í skátastarfi geta verið góðan undirbúning fyrir framtíðina. „Skátahreyfingin þjálfar krakka í sjálfstæði og í því að taka eigin ákvarðanir og að læra að vera leiðtogi í eigin lífi. Þetta er ekki bara útivist og þess háttar, skátastarfið snýst líka um þjálfun í samskiptum og sjálfstæði.“

Björk segir markmið skátahreyfingarinnar vera að stuðla að uppeldi og þroska barna og unglinga og að þau verði sjálfum sér nóg en jafnframt virkir og ábyrgir samfélagsþegnar. „Þetta eru auðvitað háleit markmið. Samvinna og sjálfstæði, og að taka ábyrgð er það sem fólk lærir í skátunum. Við nýtum okkur útivist og útiveru og verkefni til þess að þjálfa fólk og ná þessum markmiðum, gera fólk sjálfstætt.“ **– sbv**

> **Skátahreyfingin þjálfar krakka í sjálfstæði og í því að taka eigin ákvarðanir og að læra að vera leiðtogi í eigin lífi.**

ÞETTA GERÐIST: 5. maí 1990

## Stjórnin í fjórða sæti í Eurovision

Þennan dag árið 1990 var lagt inn á gleðibanka íslensku þjóðarinnar því þá náði hún fjórða sæti í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva með hvorki meira né minna en 124 stig. Það var langbesti árangurinn frá því við hófum að taka þátt í keppninni árið 1986 með Gleðibankanum. Meðan á keppninni stóð voru menn farnir að óttast að þurfa að halda keppnina að ári.

Framlag okkar árið 1990 var Eitt lag enn með Stjórninni þar sem Sigga Beinteins og Grétar Örvarsson voru í aðalhlutverkum og stóðu sig með mikilli prýði. Lagið var eftir Hörð G. Ólafsson og texti eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson. Eitt lag enn er dillandi sveifla eins og þjóðin þekkir og það varð gríðarlega vinsælt hér á Fróni í kjölfarið svo varla var til það mannsbarn sem ekki kunni það. Eitt lag enn, ekta sveiflu og hér þreytist enginn, þú skalt dansa það sem eftir er...

Keppnin 1990 var haldin í Zagreb sem þá tilheyrði gömlu Júgóslavíu. Hún var sú 35. í röðinni þó að við værum svo til nýbyrjuð að taka þátt. Sigurvegari þetta árið var Ítalía með lagið Insieme: 1992, sem söngvarinn Toto Cutugno flutti.



Eitt lag enn með Stjórninni varð í 4. sæti í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 5. maí árið 1991. MYND/GVA


TILBOÐ Á
UNDER ARMOUR®
ÚT MÁNUDAG
DÆMI UM VERÐLÆKKANIR
DÖMUBUXUR ÁÐUR 8.990,- NÚ 6.990,-
HLAUPAPEYSA ÁÐUR 10.990,- NÚ 8.990,-
HERRABUXUR ÁÐUR 10.990,-, NÚ 7.990,-
SÉRFRÆÐINGAR VEITA GÓÐ RÁÐ Í KRINGLUNNI
Í DAG, FIMMTUDAG, MILLI KL 14 OG 17
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
ÚTILÍF
síðan 1974
utilif.is

markhönnun ehf

# netto



-30%

*Ferskt*

FERSKT, LAMBAKÓTILETTUR Í RASPI

**2.082**

ÁÐUR 2.974 KR/KG



-25%

FERSKT, NAUTAPIPARSTEIK

**3.725**

ÁÐUR 4.966 KR/KG



-34%

KJARNAFÆÐI FOLALDAKJÖT SALTAÐ EÐA REYKT

**791**

ÁÐUR 1.198 KR/KG



-20%

FERSKT, LAMBA PRIME

**3.454**

ÁÐUR 4.318 KR/KG



-27%

SS LAMBALUNDIR, FROSNAR

**3.868**

ÁÐUR 5.298 KR/KG




-10%

BETTY CROCKER BÖKUNARVÖRUR

**- 10 %**

AF ÖLLUM VÖRUM




-16%

CAFÉ PREMIUM KAFFIPÚÐAR REGULAR/STRONG - 36 STK

**495**

589 KR/PK

**Tilboðin gilda 4. – 8. maí 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




**www.netto.is**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Glerártorg · Hrísalundur · Húsavík · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Norðanstrekkingur með rigningu eða slyddu fyrir norðan í dag, en bjart með köflum sunnanlands og líkur á smá skúrum syðst. Hiti 1 til 5 stig, en 5 til 10 stig syðst.

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | -0° | 1° |
| → 10 | ↙ 10 | ↘ 6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 2° | 6° | -1° |
| → 4 | ↘ 12 | ↘ 8 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | -1° | -1° |
| ↑ 4 | ← 6 | ↓ 4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 2° | 7° | -2° |
| → 4 | ↗ 5 | ↙ 4 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. margs konar
6. frá
8. holufiskur
9. óvild
11. tveir eins
12. klemma
14. brestir
16. skóli
17. traust
18. umrót
20. hróp
21. ættarsetur

**LÓÐRÉTT**
1. innsigli
3. í röð
4. hugarró
5. hár
7. hjáguð
10. léreft
13. fálm
15. hvolf
16. skordýr
19. átt

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. ýmsu, 6. af, 8. nál, 9. kal, 11. ll, 12. klipa, 14. snark, 16. fg, 17. trú, 18. los, 20. óp, 21. óðal. **LÓÐRÉTT:** 1. lakk, 3. mn, 4. sálarró, 5. ull, 7. falsgoð, 10. lín, 13. pat, 15. kúpa, 16. fló, 19. sa.

## Skák Gunnar Björnsson

Nakamura (2.787) sýndi marga flotta takta á hraðskákmótinu í St. Louis fyrir skemmstu. Hér átti hann leik gegn Wesley So (2.775).



**Svartur á leik**

**27. … Rxb4!** Vinnur peð vegna **28. Rxb4 Dd1#**. Skákin tefldist: **28. Dxb4 Dxc2 29. Ke1 Bd8 30. Da3 Da4 31. Dxa4 bxa4 32. Kd1 Ba5 33. f3 exf3 34. gxf3 Bb4 35. Kc2 Kf7 36. Kd3 e5 37. dxe5 Bxc5 38. e4 a3 39. exf6** og við sjáum lok skákarinnar á morgun.

**www.skak.is** Úrslit Hemmamóts Vals.



**KÖNNUNARLEIÐANGUR TIL KOI**
**5. MAÍ, KL. 20:30**
**9. MAÍ, KL. 20:30**



**NOISE ÚTGÁFUTÓNLEIKAR**
**7. MAÍ, KL. 21:00**




**SÍMI LÁTINS MANNS**
**23. MAÍ, KL. 20:30**
**24. MAÍ, KL. 20:30**
**3. JÚNÍ, KL. 20:30**
**4. JÚNÍ, KL. 20:30**



**BLÓÐHÓFNIR**
**1. JÚNÍ, KL. 20:30**

MIÐASALA:
MIÐI.IS
MIDASALA@TJARNARBIO.IS

TJARNARBÍÓ

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | 2 | 8 | | 6 | 1 |
| | | | | | | | 2 | 5 |
| 9 | | 3 | | | | | 7 | 8 |
| 7 | | | | 8 | 2 | | | 6 |
| | | 5 | 3 | | | | 8 | |
| | 6 | | | 5 | 7 | | | |
| 8 | | | | 4 | | | 9 | |
| 1 | | | | | | | | |
| | 3 | 6 | | 1 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | 3 | 7 | | | 8 | |
| 4 | | | 5 | 8 | 9 | | | |
| | | 2 | 1 | | | | | |
| | 4 | | | 9 | | | 1 | |
| 9 | | | | 2 | 1 | | | 6 |
| 1 | | 5 | | | 8 | 7 | | |
| | | 9 | | 4 | | | | 7 |
| | | | | | 6 | 1 | | 3 |
| | | 6 | | | | 9 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 7 | 5 | | | | |
| | | | | | 8 | | 1 | |
| | | | | | 3 | | | |
| | 9 | | | | 7 | | 2 | 8 |
| 2 | 6 | | 4 | | | | | |
| 8 | | | 2 | | | | 3 | |
| | | | 3 | | | 7 | | 5 |
| 4 | | 1 | 6 | | | | 9 | |
| | | 6 | | 9 | | 1 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 3 | 6 | 9 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 6 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 2 |
| 3 | 2 | 5 | 4 | 7 | 6 | 8 | 9 | 1 |
| 1 | 7 | 4 | 5 | 8 | 9 | 2 | 3 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 5 | 7 | 4 |
| 4 | 3 | 6 | 7 | 2 | 1 | 9 | 8 | 5 |
| 7 | 9 | 1 | 8 | 4 | 5 | 6 | 2 | 3 |
| 8 | 5 | 2 | 6 | 9 | 3 | 1 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 1 | 5 | 3 | 2 | 9 | 6 | 7 |
| 3 | 7 | 6 | 8 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | 9 | 5 | 1 | 6 | 7 | 3 | 4 | 8 |
| 5 | 1 | 7 | 2 | 4 | 8 | 6 | 3 | 9 |
| 6 | 2 | 9 | 7 | 5 | 3 | 4 | 8 | 1 |
| 8 | 3 | 4 | 9 | 1 | 6 | 5 | 7 | 2 |
| 9 | 4 | 8 | 3 | 2 | 1 | 7 | 5 | 6 |
| 7 | 5 | 3 | 6 | 8 | 9 | 1 | 2 | 4 |
| 1 | 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 8 | 9 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 8 | 7 | 1 | 2 | 9 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 1 | 9 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 |
| 9 | 2 | 3 | 8 | 6 | 4 | 1 | 5 | 7 |
| 4 | 5 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 |
| 7 | 3 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 5 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 5 | 7 | 4 | 3 | 6 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 4 | 7 | 1 | 6 | 2 | 8 |
| 2 | 6 | 7 | 5 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 |

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




TRÍLÓGÍA
1 HRINGUR + KÓK
OG ANNAR
HRINGUR FYLGIR
FRÍTT MEÐ
599 KR.
Coca-Cola
síðan 1886
Opið alla daga frá 7–22
á Laugavegi og í Hagasmára
Laugavegur 3 | Hagasmári 9 | Kringlan, 1. hæð
DUNKIN' DONUTS
DD
Brandenburg

# Okkar viðkvæma veröld og spandex

**LEIKHÚS**

**Könnunarleiðangur til KOI**

★★★☆☆

**Sómi þjóðar**

**Tjarnarbíó**

**Leikstjórn, leikarar, handrit, kóreógrafía og leikmynd:** Hilmir Jensson og Tryggvi Gunnarsson
**Hljóðvinnsla:** Hilmir Jensson, Tryggvi Gunnarsson og Valdimar Jóhannsson
**Ljósahönnun:** Fjölnir Gíslason



**Hilmir Jensson og Tryggvi Gunnarsson í hlutverkum sínum í Könnunarleiðangri til KOI.**

Hvítklæddu geimfararnir Ísak og Vilhjálmur snúa aftur á fjalirnar í Tjarnarbíói en geimsápuóperan Könnunarleiðangur til KOI var frumsýnd síðastliðinn föstudag. Kumpánarnir komu fyrst fram á sjónarsviðið á síðasta leikári þegar sviðslistahópurinn Sómi þjóðar tók fyrir byssueign en nú tækla þeir málefni flóttafólks, í geimnum.

Við hittum Ísak og Vilhjálm aftur fyrir í geimskipinu TF-VON, snilldarlega hannað úr gömlum bumbubana frá tíunda áratugnum og stjörnuljósum, á leið þeirra til paradísarplánetunnar KOI. Verkefnið: Að finna ný hýbýli fyrir mannkynið en mannfólkinu hefur loksins tekist að eyðileggja okkar eigin heimkynni. Áfangastaðurinn nálgast óðum en eina nóttina er bankað ...

Hilmir Jensson og Tryggvi Gunnarsson eru nánast allt í öllu í þessari sýningu; þeir skrifa handritið, leikstýra, leika, smíða leikmyndina. Fyrir utan ljósahönnun og hljóðsköpun, sem komið verður að síðar, þá er Könnunarleiðangur til KOI algjörlega þeirra hugarsmíð. Þeir vinna sýninguna á einungis einum mánuði, allt frá fyrstu setningu til síðustu hvellhettu. Viðbragðstími þeirra við málefnum líðandi stundar er því töluvert styttri en í leikhúsinu almennt.

Öfugt við asaganginn í undirbúningnum þá er nálgun þeirra á sviði afslöppuð og nærvera kostuleg. Þeir byggja upp eins konar sinfóníu af endurtekningum; í hreyfingum, hljóðum og frösum. Ísak og Vilhjálmur rífast, rökræða og horfa á geimbíó í leit sinni að viðeigandi viðbrögðum við óvænta gestinum sem þeir hleyptu inn í loftlásinn, en ekki lengra. Spurningalistar, mengunarhætta og menningarmunur kemur allt við sögu í handriti sem er bráðfyndið á köflum en aðeins of einfaldað til að geta tekist á við málefnið sem hér um fjallar.

Tungltakturinn úr ansi öldruðum tölvuleik um Jóakim Aðalönd var afar kærkominn og þakklátur fyrir þá sem þekkja til. Einnig var ómur af kunnuglegum geimstefjum úr sjónvarpsþáttum og bíómyndum. Hljóðbrellurnar eru með einfaldasta máta einkar vel tímasettar og smellnar. Fjölnir Gíslason sér um ljósahönnun en hún var á köflum allt of dimm, bæði í byrjun sýningar og á síðustu augnablikum hennar.

En þrátt fyrir fín fyrirheit hrynur geimheimur Ísaks og Vilhjálms til grunna um leið og þeir stíga fæti út fyrir TF-VON. Ekki bara hjá persónunum heldur einnig hjá handritshöfundunum. Hingað til hefur heimur þeirra verið vel skilgreindur, skipulagður og útfærður en verður útþvældur um leið og þeir leiða áhorfendur á aðra plánetu. Þarna virðist hugmyndaauðgi Hilmis og Tryggva hafa orðið þeim að falli, hugmyndum er kippt inn í sýninguna sem hverfist allt í einu um sjálfa sig frekar en málefnið.

Vinnuaðferðin og fagurfræðin sem Hilmir og Tryggvi hafa tamið sér er eftirtektarverð og frumleg. Aftur á móti verða þeir að nýta þennan góða grunn betur en raun ber vitni í þessari tilteknu sýningu í þeirri næstu, sem vonandi kemur á næsta leikári, sem er tilhlökkunarefni. Góð heildarhugmynd er viðkvæm í notkun og asinn má ekki yfirtaka verkefnið. Kjarna sýningarinnar er að lokum fórnað fyrir sniðugheit, smellnar vísanir og söngstund. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Sýning með hjartað á réttum stað en frekar útþvæld heild.

MAMMA, PABBI, DÓTTIR, SONUR, AFI, AMMA, SYSTIR, BRÓÐIR, FRÆNKA, FRÆNDI, VINKONA, VINUR OG ALLIR HINIR
Göngum saman
GÖNGUM SAMAN Á MÆÐRADAGINN
sunnudaginn 8. maí kl. 11
www.gongumsaman.is



Ragna Sigurðardóttir sendi nýverið frá sér skáldsöguna Vináttu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Bernskuvináttan getur verið bæði góð og brösug

**Vinátta er ný skáldsaga eftir Rögnu Sigurðardóttur þar sem hún tekst á við valdajafnvægi á milli æskuvina í íslenskum samtíma.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



**ÖNNUR KVEIKJA ER SVO ÞETTA SAMSPIL Á MILLI OKKAR DAGLEGA LÍFS OG ATHAFNA VALDAMANNA.**

Vinkonur er ný skáldsaga eftir Rögnu Sigurðardóttur sem áður hefur sent frá sér fimm skáldsögur sem vakið hafa athygli en fyrir þá fyrstu, Borg, hlaut hún tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Það er ánægjulegt hvað færst hefur í aukana hversu mikið íslenskir höfundar eru að senda frá sér nýjar skáldsögur utan hins hefðbundna jólabókaflóðs og Ragna segir að útgefendur séu að reyna að virkja markaðinn á þessum tíma. „Mér sýnist nú að þetta sé að virka ágætlega. Það er líka jákvætt við bókakaupin á þessum árstíma að þá er fólk frekar að kaupa bækur handa sjálfu sér til lesturs en til gjafa. Þannig að ég held að þetta sé bara af hinu góða þó svo að jólabókaflóðið hafi líka sína kosti.“

Í Vinkonum segir frá konu sem gegnir ráðherraembætti með tilheyrandi álagi í ólgu íslensks nútímasamfélags. Á ákveðnum vettvangi skýtur gömul vinkona upp kollinum og ráðherrann neyðist til þess að rifja upp örlagaríkan vetur úr barnaskóla. Það hvarflar mögulega að lesanda að hér séu á ferðinni vísanir í líf og störf ákveðins íslensks ráðherra en Ragna segir það nú ekki vera tilfellið. „Þessi bók varð til á undanförnum árum en svo er það þannig að maður er ekki fyrr búinn að skrifa eitthvað þegar það gerist eitthvað áþekkt í samfélaginu. Það er svo margt að gerast og þegar vísað er til ákveðins ráðherra þá getur það í rauninni átt við svo marga,“ segir Ragna og hlær við tilhugsunina.

„Þannig að það eru ekki beinar fyrirmyndir en atburðir og ástandið í samfélaginu er óneitanlega í aðra röndina kveikjan að söguþræðinum. Önnur kveikja er svo þetta samspil á milli okkar daglega lífs og athafna valdamanna.

En í grunninn er verið að fjalla um bernskuvináttuna sem getur verið bæði góð og brösug þegar vinkonur hittast aftur áratugum síðar og valdahlutföll hafa raskast. Vináttu sem snertir líf þeirra aftur og mótar gerðir þeirra.“

Ragna segir að vissulega myndist ákveðið valdajafnvægi á milli vina strax í barnæsku. „Bæði man ég eftir þessu frá því að ég var sjálf barn og svo sér maður þetta hjá sínum eigin börnum. Mér fannst skemmtilegt að velta þessu fyrir mér. Við erum alltaf að taka afstöðu í samfélaginu, með eða á móti, en það er svo mikil sundrung í samfélaginu í dag. Þessi sundrung er ákaflega neikvæð og það er tilhneiging hjá okkur til þess að skilgreina okkur sjálf með því að hafna einhverju öðru. Það finnst mér eiginlega vera eitthvað sem við eigum til að byrja að gera strax í æsku.

Í Vinkonum er ein af aðalpersónunum stjórnmálakona en það er samt fjölskyldulíf hennar sem er í sviðsljósi í bókinni. Þetta innra líf og þessi mannlegi þáttur. En þar sem hún er með völd þá leiðir það okkur að því að skoða hvað það er sem ræður ákvörðunum viðkomandi og hvað vald er vandmeðfarið.

Annar þráður í bókinni er svo líka þroskasaga þessara stúlkna og síðar kvenna og þær hindranir sem þær þurfa að takast á við í samfélagi feðraveldisins.

Mér finnst mjög mikilvægt fyrir mig sem höfund að takast á við minn samtíma og að höfundar geri það. En við eigum líka höfunda sem eru að skrifa út frá fornsögunum eða þá að sögusviðið er sautjánda öldin en þeir eru engu að síður að takast á við samtímann. Það er hægt að takast á við samtímann á margvíslegan hátt en mér finnst mest spennandi að gera það svona. Það er í raun alltaf verið að takast á við mannlegt eðli á öllum tímum og það breytist ekki.“

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Ævintýrið um Eldfuglinn



Lau. **7. maí** » 14:00

**LITLI TÓNSPROTINN**
***Ígor Stravinskij*** *Eldfuglinn*

***Daníel Bjarnason*** *hljómsveitarstjóri*
***Trúðurinn Barbara*** *sögumaður*

***Ari H. Yates*** *teikningar*
***Gabríel Bachmann*** *hreyfimyndagerð*
***Diðrik Kristófersson*** *grímuhönnun*

Verð: 2.220 kr. / 2.600 kr.

Í heillandi ævintýrinu um Eldfuglinn segir frá Ívani prins, sem er hugrakkur með eindæmum, og risastórum fugli sem logar í alls kyns rauðum og gulum litum, rétt eins og sólin sjálf hafi tekið sér bólfestu í fjöðrum hans. Þetta er Eldfuglinn, eitt litríkasta hljómsveitarævintýri sem sögur fara af.

Tryggið ykkur miða

Trúðurinn Barbara segir söguna á sinn einstaka hátt og skemmtilegum myndum sem teiknaðar voru sérstaklega fyrir tónleikana verður varpað á stóra tjaldið á meðan á flutningi stendur. Frá kl. 13 og eftir tónleika gefst gestum kostur á að búa til glæsilegar Eldfugls-grímur í Hörpuhorni.



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

@icelandsymphony #sinfó

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA

**Miðasala** » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala í anddyri Hörpu » Sími: 528 5050

# BÍÓ



**Ásthildur Kjartansdóttir kvikmyndagerðarkona leikstýrir kvikmyndinni Tryggðarpantur.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tryggðarpantur hlýtur styrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands

**Myndinni er leikstýrt af Ásthildi Kjartansdóttur og er byggð á samnefndri bók Auðar Jónsdóttur. Framleiðandi myndarinnar er Eva Sigurðardóttir hjá Askja Films.**

Kvikmyndin Tryggðarpantur í leikstjórn Ásthildar Kjartansdóttur, sem byggð er á samnefndri bók Auðar Jónsdóttur, hlaut nýverið styrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands og verður hún tekin upp á næsta ári. Ásthildur heldur á sérstakan árlegan kvikmyndamarkað sem haldinn er samhliða kvikmyndahátíðinni í Cannes sem fram fer 11.-22. maí næstkomandi og með henni í för verður Eva Sigurðardóttir, framleiðandi myndarinnar hjá Askja Films. Á markaðnum er stefnan sett á að finna erlenda meðframleiðendur og fleiri samstarfsaðila. „Við erum núna á fullu að stilla saman fjármögnun fyrir myndina. Við erum búnar að fá stuðning frá Kvikmyndamiðstöð Íslands og það er stærsti bitinn og munar öllu,“ segir Eva og bætir við: „Með það í vasanum erum við að fara á markaðinn á kvikmyndahátíðinni í Cannes og að reyna að finna samstarfsaðila frá öðrum löndum og erum á leiðinni þangað til þess að funda með þeim aðilum.“

Einnig kynna þær myndina á svokölluðum From Best Seller to Box Office viðburði þar sem kvikmyndir byggðar á skáldsögum eru kynntar fyrir framleiðendum.

„Ég er alveg ótrúlega spennt og finnst þetta yndislegt. Það er virkilega gaman hvað verkefnið hefur fengið góðar viðtökur,“ segir Ásthildur. Hún segist spennt fyrir því að fara til Cannes og segir það fyrsta skrefið í frekari fjármögnun myndarinnar og gaman að taka þátt.

> **ÉG ER ALVEG ÓTRÚLEGA SPENNT OG FINNST ÞETTA YNDISLEGT. ÞAÐ ER VIRKILEGA GAMAN HVAÐ VERKEFNIÐ HEFUR FENGIÐ GÓÐAR VIÐTÖKUR.**

Myndin er líkt og áður sagði byggð á samnefndri bók Auðar Jónsdóttur og segir frá Gísellu Dal sem einn daginn fær þær fregnir að arfur ömmu hennar sem hún hefur lifað á sé uppurinn og því gæti hún þurft að fórna lífsstíl sínum og byrja að vinna. Gísella leigir því erlendum konum herbergi í húsi sínu og lýsir sagan sambúð þeirra. Með hlutverk Gísellu fer leikkonan Elma Lísa Gunnarsdóttir.

Eva segir aðalundirbúninginn þessa dagana snúa að því að vinna í handritinu og finna erlenda samstarfsaðila. „Við ákváðum að gefa okkur góðan tíma til þess að stilla okkur upp við erlenda samstarfsaðila. Það er tímafrekt dæmi,“ segir Eva glöð í bragði að lokum, spennt fyrir komandi tímum.

gydaloa@frettabladid.is

## Frumsýningar

### NEIGHBORS 2: SORORITY RISING



Gamanmynd
Aðalhlutverk : Chloë Grace Moretz, Zac Efron, Rose Byrne og Seth Rogan.
Frumsýnd: 5. maí

### BØLGEN



Drama- og spennumynd
Aðalhlutverk: Kristoffer Joner, Ane Dahl Torp og Jonas Hoff Oftebro.
Frumsýnd: 6. maí
IMDb 6,7/10

### MOTHER'S DAY



Gamanmynd
Aðalhlutverk: Jennifer Aniston, Kate Hudson og Julia Roberts.
Frumsýnd: 11. maí
IMDb 5,1/10




STOMP PRODUCTIONS OG GLYNIS HENDERSON PRODUCTIONS KYNNA Í SAMSTARFI VIÐ SENU LIVE
REYKJAVÍK LONDON NEW YORK DUBAI LAS VEGAS
STOMP
HARPA 11. & 12. JÚNÍ
„SANNKALLAÐIR SVIÐSTÖFRAR!“ - THE SUNDAY TELEGRAPH
„UNDRAVERÐ ORKA OG ÓTRÚLEGUR AGI!“ - THE EVENING STANDARD
„ÓTRÚLEGUR KRAFTUR, FÁGUN OG HNYTTNI!“ - THE INDEPENDENT ON SUNDAY
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
Floridana LIFÐU VEL!
MIÐASALA Á TIX.IS, HARPA.IS OG Í MIÐASÖLU HÖRPU.
NÁNAR Á WWW.SENA.IS/STOMP
sena LIVE!

# KRINGLUKAST

# byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

## ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

**ALLAR BORÐVIFTUR**
25% - 30%
VERÐ FRÁ 2.495

FISSLER **POTTASETT**
30%
VERÐ ÁÐUR...54.995
TILBOÐ ..........35.745

50%
VERÐ ÁÐUR...69.995
TILBOÐ ..........34.995

**KUCHENPROFI GRILLÁHÖLD**
30%
KJÚKLINGASTANDUR
VERÐ ÁÐUR.. 6.995
TILBOÐ ......... 4.895

DIGITAL KJÖTHITAMÆLIR
VERÐ ÁÐUR.. 6.995
TILBOÐ ......... 4.895

SOEHNLE **ELDHÚSVOG**
50%
VERÐ ÁÐUR.....8.995
TILBOÐ ............4.495

EVA TRIO **SÓSUPOTTUR**
20%
VERÐ ÁÐUR..... 14.995
TILBOÐ ........... 11.995

SMOOTHIE GLAS
30%
VERÐ ÁÐUR... 2.495
TILBOÐ ......... 1.745

**GRÆNMETISSKERARNIR VINSÆLU**
ALLIGATOR
20%

**ZAK**
VALDAR VÖRUR
MEÐ 40% AFSLÆTTI
40%

KitchenAid
*SEGULBLANDARI*
25%
FULLT VERÐ...... 99.995
TILBOÐSVERÐ ... 74.995

**20% afsláttur af öllum**
LE CREUSET®

TRISTAR
VÖFFLUJÁRN
*EKTA BELGÍSKAR*
40%
VERÐ ÁÐUR...9.995
TILBOÐ ..........5.995

KitchenAid
Vandað 5stk bökunarsett fylgir með hverri seldri vél í kaupbæti **að verðmæti 14.995**
**VERÐ FRÁ 89.995 – 92.995**

**GRILLSUMARIÐ ER HAFIÐ**
GASGRILL
VERÐ FRÁ
59.995
Char-Broil
TRU-Infrared
Frí heimsending og samsetning á höfuðborgarsvæðinu!

VILLEROY & BOCH GLÖS
20%
**KYNNINGAR**
AFSLÁTTUR

**SJÁLFVIRKAR PHILIPS KAFFIVÉLAR**
**20.000 KR. AFSLÁTTUR Á KRINGLUKASTI**

PHS-HD8821
FULLT VERÐ...... 89.995
TILBOÐSVERÐ ... 69.995

Nýjung! CoffeeSwitch
PHS-HD8841
FULLT VERÐ...... 99.995
TILBOÐSVERÐ ... 79.995

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola
TILBOÐ KL 3
TILBOÐ KL 1:50
FORSÝNING

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| BAD NEIGHBORS 2 | 10 - FORSÝNING |
| CAPTAIN AMERICA 3D | 6, 9 |
| CAPTAIN AMERICA | 3 |
| RATCHET & CLANK | 1:50, 3:45, 5:50 ÍSL.TAL |
| HUNTSMAN: WINTERS WAR | 10:10 |
| THE BOSS | 5:50, 8 |
| KUNG FU PANDA | 1:50, 3:45 |

SAMBÍÓIN
TOTAL FILM ★★★★★ THE TELEGRAPH ★★★★★
CAPTAIN AMERICA CIVIL WAR
93%
FORSÝNING Í KVÖLD
BAD NEIGHBOURS 2
95%
THE JUNGLE BOOK
STÓRKOSTLEG ÆVINTÝRAMYND
CRIMINAL
RIBBIT
Sýnd með íslensku tali

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 1:40 - 4 - 4:50 - 7:05 - 8 - 10:10 - 11:05 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 1:40 - 4:50 - 8 - 11:05 |
| CAPTAIN AMERICA 2D VIP | KL. 1:40 - 4:50 - 8 - 11:05 |
| CRIMINAL | KL. 8 - 10:20 |
| RIBBIT ÍSL TAL | KL. 2 - 4 - 6 |
| THE JUNGLE BOOK 3D | KL. 1:30 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 3:20 - 5:40 - 8 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 10:20 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 1 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 5 - 8 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 10:20 |
| CRIMINAL | KL. 8 |
| RIBBIT ÍSL TAL | KL. 1:20 |
| THE JUNGLE BOOK 3D | KL. 2 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 3:20 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU
KR.950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| BAD NEIGHBOURS 2 | KL. 10:20 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 2 - 5 - 8 - 11 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 1 - 4 - 7 - 10 |
| CRIMINAL | KL. 8 - 10:20 |
| RIBBIT ÍSL TAL | KL. 3:20 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 |
| ALLEGIANT | KL. 5:30 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 1 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 2 - 5 - 8 - 11 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 6 - 9 |
| RIBBIT ÍSL TAL | KL. 1:40 - 3:40 |
| ALLEGIANT | KL. 8 |
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 10:40 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 1:20 - 3:40 - 5:40 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 5 - 8 - 11 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 10:20 |
| RIBBIT ÍSL TAL | KL. 3:40 |
| CRIMINAL | KL. 8 |
| THE JUNGLE BOOK 3D | KL. 2:30 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
PAKKAÐU SKÚRKUNUM SAMAN
RATCHET & CLANK
BASTILLE DAY
FORSÝNING Í KVÖLD
BAD NEIGHBOURS 2
KL. 22.10 Í SMÁRABÍÓI
HOLOGRAM FOR THE KING
HUNTSMAN
THE BOSS
OPNUM Í DAG KL. 12.30


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 5. MAÍ 2016

### Tónlist

**Hvað?** Vortónleikar Valskórsins
**hvenær?** 17.00
**hvar?** Háteigskirkja
Þema tónleikanna verður Evrópukeppnin í fótbolta og hefjast þeir með Þjóðsöngnum og enda á Ég er kominn heim. Með kórnum syngur Andrea Gylfadóttir en einnig syngur Þorsteinn Þorsteinsson félagi í kórnum einsöng. Stjórnandi kórsins er Bára Grímsdóttir tónskáld og undirleikari er Jónas Þórir. Aðgangseyrir er kr. 2.000 og frítt er inn fyrir börn 16 ára og yngri.

**Hvað?** Fengjastrútur
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Í kvöld kemur kammerhópurinn Fengjastrútur fram í Mengi og flytur ný verk samin sérstaklega fyrir hópinn eftir Bergrúnu Snæbjörnsdóttur, Ingu Garðar Erlendsson, Gunnar Karel Másson og Gunnar Grímsson. Má gera ráð fyrir afar áhugaverðum og skemmtilegum tónleikum en Fengjastrútur er einn uppátækjasamasti tónlistarhópur landsins. Allir velkomnir.

**Hvað?** Beint úr Skúrnum í Gamla bíó
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Gamla bíó
Sykur, Kvika og Par Ðar stíga á svið, þar sem bílskúrsbandamenningu þjóðarinnar er gert hátt undir höfði. Aðgangseyrir 1.500 krónur.

**Hvað?** Myrra Rós
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Kaffislippur, Mýrargötu 2
Myrra Rós spilar draumkennt „folk pop“ og sendi í október frá sér plötuna One Amongst Others sem kom út á vegum Beste Unterhaltung! í Þýskalandi. Kaffislippur býður upp á lifandi tónlist alla fimmtudaga og er Myrra Rós tónlistarmaður vikunnar. Allir velkomnir.



**Myrra Rós flytur fagra tóna á Kaffislippnum klukkan 17.00.**


TOYO TIRES NANOENERGY
Lægra veghljóð
Betra grip
Minni eyðsla
Bílabúð Benna
590 2045 | BENNI.IS
NESDEKK
561 4200 / NESDEKK.IS


### Leiksýning

**Hvað?** Könnunarleiðangur til KOI
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Könnunarleiðangur til KOI er sjálfstætt framhald af verkinu MP5 sem vakti athygli í Tjarnarbíói á síðasta leikári. Sviðslistamennirnir Hilmir Jensson og Tryggvi Gunnarsson eru potturinn og pannan í sýningunni. Miðaverð 3.900 krónur.

### Opnanir

**Hvað?** Vatn og Vegglist, útgáfupartí og sýning.
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Port á Laugarvegi 23b
Grandabræður kynna í samstarfi við Port Verkefnarými: Vatn og Vegglist, útgáfupartí og sýning eftir Qwick RWS. Listamaðurinn Qwick gefur út sitt fjórða smátímarit (zine) í Q-seríunni sem ber nafnið Q.004 með undirtitlinum „Vatn og vegglist“. Allir velkomnir.



**Könnunarleiðangur til KOI klukkan 20.30 í Tjarnarbíói.**

### Fundir

**Hvað?** Fundur með Guðna Th. Jóhannessyni
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Í dag boðar Guðni Th. Jóhannesson til fundar í Salnum þar sem hann mun gefa svar sitt við spurningunni um forsetaframboð. Allir hjartanlega velkomnir.

### Önnur afþreying

**Hvað?** Opinn dagur á Ásbrú
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Ásbrú, Reykjanesbæ
Í tilefni Opna dagsins á Ásbrú verða ýmiskonar uppákomur á svæðinu, svo sem tilraunaatriði frá Ævari vísindamanni, alvöru kafbátaleitarflugvél til sýnis, kleinuhringjabíll, draugahús, hoppukastali, kandífloss og kaffihúsastemning.
Auk þess verður hægt að skoða frumkvöðlasetrið Eldey og kíkja á námskynningu hjá Keili. Allir hjartanlega velkomnir og aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Opinn dagur á Bifröst
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Háskólinn á Bifröst
Nemendur bjóða gestum í gönguferðir um þorpið og verður hægt að skoða íbúðir og aðstöðu á svæðinu. Leikhópurinn Lotta mætir á svæðið og skemmtir börnum á öllum aldri, auk hoppukastala. Bubbleboltar í boði fyrir eldri börn. Andlitsmálning, vöfflur og kaffi toppa svo herlegheitin. Allir velkomnir.

**Hvað?** Stelpusamhjól Hjólaþjálfunar og Arnarins
**Hvenær?** 9.30
**Hvar?** Örninn, Faxafeni 8
Hjólað verður af stað frá Erninum stundvíslega kl. 9.30 og þaðan hjólað skipulagðan hring, en einnig í boði að hjóla lengri eða styttri vegalengd. Eftir hjólatúrinn fá hjólagarpar sér sætkartöflusúpu frá Yndisauka. Konur sextán ára og eldri velkomnar.

**Hvað?** Spilakvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Samtökin '78, Suðurgötu 3
Vegna fjölda áskorana verður blásið til annars spilakvölds á opnu húsi hjá Samtökunum '78, þó með öðrum spilum en í síðustu viku. Eitthvað við allra hæfi. Öll hjartanlega velkomin.


BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| The Ardennes ENG SUB | 18:00, 20:00 |
| Louder Than Bombs | 17:45 |
| Anomalisa | 18:00 |
| Room | 20:00 |
| Hrútar ENG SUB | 20:00 |
| The Witch | 22:00 |
| Mia Madre | 22:15 |
| Fyrir Framan Annað Fólk ENG SUB | 22:00 |

# Gaman að gefa út fyrstu breiðskífuna

Það er mjög gaman að vera að gefa út fyrstu breiðskífuna. Maður hugsar reyndar alltaf eftir á hvað maður hefði getað gert öðruvísi, en ég er ánægður með lokaafurðina. Það voru einhver lög sem þurfti að sleppa, en það á þá bara eftir að koma út á netinu eða jafnvel á seinni plötum,“ segir Júníus Meyvant tónlistarmaður.

Fyrsta breiðskífa tónlistarmannsins kemur út 8. júlí, en platan ber heitið Floating Harmonies og á henni verða 12 ný lög. Fyrsta smáskífan, Neon Experience, er komin út en hún hefur notið töluverðra vinsælda.

Júníus er einnig á leiðinni í tónleikaferð í september með hljómsveitinni sinni, Floating Harmonies, en búið er að bóka 18 tónleika víðsvegar um Evrópu. Hann segir mikla spennu vera í hópnum fyrir ferðinni. „Það er mjög góð stemning fyrir tónleikaferðinni, þetta eru svo skemmtilegir staðir sem við erum að fara að spila á. Við erum að skipuleggja ferðina núna, en við erum aðallega samt að skoða hvað við getum borðað á mörgum McDonalds-stöðum, það er stundum það eina sem maður getur fengið.“

**MAÐUR HUGSAR REYNDAR ALLTAF EFTIR Á HVAÐ MAÐUR HEFÐI GETAÐ GERT ÖÐRUVÍSI, EN ÉG ER ÁNÆGÐUR MEÐ LOKAAFURÐINA.**

Tónleikaferðin hefst í Berlín í Þýskalandi þar sem Júníus og hljómsveit koma fram á tónleikastaðnum Privatclub en ferðinni lýkur á Bogen F í Zürich. – sbv



Júníus Meyvant er á leiðinni í tónleikaferð um Evrópu ásamt hljómsveit sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL





Ævar vísindamaður ætlar að gera tilraunir á Ásbrú í dag.






18:55
**KÓRALÍNA**
Skemmtileg teiknimynd fyrir alla fjölskylduna um skemmtilegu stúlkuna Kóralínu sem uppgötvar ævintýraheim sem svipar furðu mikið til þess lífs sem hún þekkir svo vel.

FRÁBÆR
FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

20:35
**NCIS**
Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.




21:20
**THE BLACKLIST**
James Spader er stórkostlegur í hlutverki hins alræmda Raymonds Reddington í þessum mögnuðu spennuþáttum.



22:05
**LUCIFER**
Lucifer kemur upp á yfirborð jarðar þegar hann fær nóg af helvíti einn daginn. Lífið gengur eins og í sögu þar til vinkona hans er myrt sem breytir sýn hans á lífið.



22:00
**A BEAUTIFUL MIND**
Sannkallað meistaraverk sem var tilnefnt til átta Óskarsverðlauna og segir frá stærðfræðisnillingnum John Forbes Nash sem greindist með geðklofa.



21:25
**ARROW**
Skemmtilegir þættir um ungan milljónamæring og glaumgosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og talinn af.



Krakka stöðin 07:00-20:30
**BARNAEFNI ALLA DAGA**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á 365.is

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Brúðubíllinn
**07.35** Áfram Diego, áfram!
**08.20** Stóri og Litli
**08.30** Lego Batman. The Movie - DC Su
**09.40** Foodfight
**11.10** Kalli kanína og félagar
**11.35** Tommi og Jenni
**11.55** The Middle
**12.20** Words and Pictures
**14.15** The Theory of Everything
**16.15** Wedding Crashers
**18.10** The Simpsons
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.45** Íþróttir
**18.55** Coraline
**20.35** NCIS
**21.20** The Blacklis Þriðja spennuþáttaröðin með James Spader í hlutverki hins magnaða Raymonds Reddington eða Red, sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum. Hann gaf sig fram og bauðst til að aðstoða FBI við að hafa hendur í hári glæpamanna og hryðjuverkamanna.
**22.05** Lucifer
**22.50** Married Frábærir gamanþættir um hjón sem gengið hafa saman í gegnum súrt og sætt og nú leita allra ráða til að halda sambandinu fersku.
**23.15** Banshee
**00.10** Rapp í Reykjavík Glænýir þættir þar sem fjallað verður um ferskustu straumana í tónlistarmenningu Íslendinga. Dóri DNA ræðir við Reykjavíkurdætur, Blaz Roca, Úlf Úlf, Shades of Reykjavík, Tiny, Gísla Pálma, Cell7, Bent, Emmsjé Gauta, Kött Grá Pjé, Herrra Hnetusmjör auk ótal annarra og reynir að kryfja þessa endurlífgun rappsenunnar á Íslandi.
**00.40** Shameless
**01.30** Winter's Tale
**03.25** Ocean's Eleven
**05.20** The Middle

## SPORT

**07.50** Real Madrid - Man. City
**09.30** Meistaradeildarmörkin
**09.50** Cleveland - Atlanta
**11.40** Man. Utd. - Leicester
**13.25** KR - Víkingur
**15.20** Pepsímörkin
**16.55** Real Madrid - Man. City
**18.40** Meistaradeildarmörkin
**19.00** Liverpool - Villarreal Bein útsending
**21.20** Þróttur R. - FH
**23.10** Sevilla - Shakhtar Donetsk
**00.50** Úrslitaleikur kvenna. Breiðablik - Stjarnan

## SPORT 2

**07.20** WBA - West Ham
**09.05** Arsenal - Norwich
**10.50** Barcelona - Kiel
**12.20** Chelsea - Tottenham
**14.10** Southampton - Man. City
**15.55** Messan
**17.15** Cleveland - Atlanta
**19.05** Úrslitaleikur kvenna. Breiðablik - Stjarnan Bein útsending
**21.15** Valur - Fjölnir
**23.05** Pepsímörkin

## GOLFSTÖÐIN

**09.00** Zurich Classic
**14.00** PGA Tour - Highlights
**14.55** Golfing World
**15.45** Volunteers of Am. No. Texas Shoot
**18.45** Golfing World
**19.35** Inside The PGA Tour
**20.00** Wells Fargo Championship
**23.00** Golfing World

## STÖÐ 3

**18.45** Cristela
**19.10** Community
**19.30** League
**19.55** Supergirl
**20.40** Flash
**21.25** Arrow
**22.10** First Dates
**23.00** NCIS Los Angeles
**23.45** Justified
**00.25** League
**00.50** Supergirl
**01.30** Flash
**02.15** Arrow
**02.55** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Ævintýri Tinna
**07.25** Kalli á þakinu
**07.47** Mæja býfluga
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Víkingurinn Viggó
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Rasmus Klumpur og félagar
**09.55** UKI
**10.00** Brunabílarnir
**10.25** Latibær
**10.48** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Ævintýri Tinna
**11.23** Kalli á þakinu
**11.45** Mæja býfluga
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.45** Víkingurinn Viggó
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Rasmus Klumpur og félagar
**13.55** UKI
**14.00** Brunabílarnir
**14.22** Latibær
**14.45** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Ævintýri Tinna
**15.23** Kalli á þakinu
**15.45** Mæja býfluga
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.45** Víkingurinn Viggó
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Rasmus Klumpur og félagar
**17.55** UKI
**18.00** Brunabílarnir
**18.22** Latibær
**18.45** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Fuglaborgin

Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 08.24, 12.24 og 16.24



## GULLSTÖÐIN

**18.15** Raising Hope
**18.40** 2 Broke Girls
**19.00** Friends
**19.25** Friends
**19.50** Cougar Town
**20.15** Major Crimes
**21.00** Shetland
**22.00** The Sopranos
**22.55** Mind Games
**23.35** Friends
**00.00** Friends
**00.25** Major Crimes
**01.05** Shetland
**02.05** The Sopranos
**03.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**07.55** Robin Hood Men in Tights
**09.40** Grace of Monaco
**11.25** The Rewrite
**13.10** How To Train Your Dragon Sequel
**14.55** Robin Hood Men in Tights
**16.40** Grace of Monaco
**18.25** The Rewrite
**20.15** How To Train Your Dragon Sequel
**22.00** A Beautiful Mind Sannkallað meistaraverk sem var tilnefnt til átta Óskarsverðlauna og fékk fern, m.a. sem besta myndin. Hér segir frá stærðfræðisnillingnum John Forbes Nash yngri. John bjó yfir ótrúlegum hæfileikum og hans beið heimsfrægð. Bandarísk stjórnvöld höfðu not fyrir slíkan mann og John voru falin öll erfiðustu verkefnin. Þrátt fyrir snilligáfuna var líf hans þyrnum stráð en John var síðar greindur með geðklofa.
**00.15** Call Me Crazy. A Five Film
**01.45** Lockout
**03.20** A Beautiful Mind

## RÚV

**09.44** Kapteinn Karl
**09.55** Hrúturinn Hreinn
**10.02** Undraveröld Gúnda
**10.15** Ernest og Celestína
**11.35** Í saumana á Shakespeare
**12.30** Heimilislaus
**13.00** Harpa - Úr draumi í veruleika
**14.10** Sinfóníutónleikar í Hörpu
**16.30** Í garðinum með Gurrý
**17.00** Violetta
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**17.56** Eðlukrúttin
**18.07** Hundalíf
**18.10** Best í flestu
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Leiðin til Frakklands
**20.05** Dýrleg vinátta
**21.00** Mapp og Lucia
**21.55** Glæpahneigð
**22.40** Ligeglad
**23.10** Svikamylla
**00.10** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Rules of Engagement
**08.20** Dr. Phil
**09.00** America's Next Top Model
**09.50** Survivor
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**13.10** Dr. Phil
**13.50** Leiðin á EM 2016
**14.20** America's Next Top Model
**15.05** The Voice
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Life In Pieces
**20.15** Grandfathered
**20.40** The Grinder
**21.00** The Catch
**21.45** Scandal
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Scorpion
**00.35** Law & Order. Special Victims Unit
**01.20** The Family
**02.05** The Catch
**02.50** Scandal
**03.35** The Tonight Show
**04.15** The Late Late Show
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin




**www.netto.is | Tilboðin gilda 4. - 8. maí**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Glerártorg · Hrísalundur · Húsavík · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**Hér má sjá nokkra af meðlimum Facebook-hópsins S01E01: Survivor edition.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Þraukararnir virðast ekki þreytast

Raunveruleikaþáttaröðin Survivor hefur verið í sýningu frá árinu 1997 og er langt frá því að vera dauð úr öllum æðum. Hópur Íslendinga fylgist grannt með gangi mála í 32. seríu og er sérlegur Facebook-hópur starfræktur.

Gyða Lóa Ólafsdóttir
gydaloa@frettabladid.is

Facebook-hópurinn S01E01: Survivor edition er, líkt og nafnið gefur til kynna, tileinkaður raunveruleikaþættinum Survivor sem hóf göngu sína árið 2000. Margir muna sjálfsagt eftir þáttunum þegar þeir hófu göngu sína enda á meðal fyrstu raunveruleikaþátta í heimi sem slógu í gegn. Færri vita kannski að þættirnir eru enn í fullu fjöri og nú er 32. sería í fullum gangi.

Meðlimir Facebook-hópsins eru 120 og verða gjarnan innan hans líflegar umræður um leikinn eftir hvern þátt, þó eðli málsins samkvæmt sé virkni hópsins talsvert meiri þegar þáttasería er í gangi.

Serían sem nú er verið að sýna ber nafnið Survivor: Kaôh Rōng og er hún tekin upp í Kambódíu. Leikar eru töluvert farnir að æsast og sem stendur eru sex keppendur eftir og er lokaþáttur seríunnar þann 18. maí næstkomandi.

Líkt og áður sagði spinnast gjarnan líflegar umræður um leikinn og keppendur eftir hvern þátt og tekið er fram að „spoilerar“ séu ekki leyfðir fyrr en á föstudagsmorgnum en þættirnir eru sýndir í Bandaríkjunum á miðvikudagskvöldum og segir Hrafn Jónsson, einn af aðdáendum þáttanna, það miklu skipta að sjá þá á rauntíma og það sem geri Survivor nægilega spennandi til þess að fylgjast með 32 seríum sé keppniselementið og neitar hann því að plottið verði þreytt. „Það er spennan við að sjá ólíkt fólk takast á við aðstæður – reyna að vera betra en annað fólk í sömu aðstæðum.“

Sjálfsagt eiga margir aðdáendur þáttanna sér þann draum að fá að taka þátt í keppninni en líkt og þeir sem fylgst hafa með þáttunum vita þá reynir ekki síður á andlegu hliðina en þá líkamlegu í ýmsum þrautum. Brynhildur Bolladóttir er ein af þeim sem fylgjast með þáttunum ásamt kærasta sínum, fyrrnefndum Hrafni. Hún væri til í að eiga Survivor-buff til heimabrúks en er ekki viss um að hún myndi ná langt í sjálfum þættinum.

„Ég myndi auðvitað vilja prófa, en ég held að ég væri ekkert sérstaklega góður spilari. Ég verð svo svakalega örg þegar ég er svöng. Ég myndi eiga erfitt með að pirra mig ekki á því þegar einhver gerði ekki eitthvað eða væri bara hreinlega leiðinlegur. Það er algjörlega dauðadæmt að pirra sig eitthvað yfir hlutum.“

> **VIÐ HITTUMST ALLTAF VINIRNIR Í KVÖLDMAT Á FIMMTUDAGSKVÖLDUM BEINT EFTIR VINNU.**
> Hafsteinn Árnason

Gunnar Cortes Heimisson byrjaði líkt og margir á því að horfa á Survivor þegar þátturinn hóf göngu sína árið 1997 en datt út eftir fjórðu seríu. Nú horfir hann á Survivor ásamt kærustunni sinni, Therezu Petkova, og segir hann þau ræða leikinn mikið sín á milli.

Hafsteinn Árnason er einnig meðlimur í hópnum en hann segist hafa hafið áhorfið fyrir alvöru í seríu tíu. „Við hittumst alltaf vinirnir í kvöldmat á fimmtudagskvöldum beint eftir vinnu. Síðan þessi þáttaröð byrjaði höfum við skipst á að hýsa þetta og elda kvöldmat og horfa. Við ræðum um leikmennina, hvað er í vændum og hvernig leikurinn geti þróast.“

Innan hópsins er starfrækt svokölluð „fantasy-deild“ sem nefnd er Þraukaradraumórar. Þar setja meðlimir saman sitt draumalið í hverri viku og reyna að spá um úrslitin en um þrjátíu manns taka þátt í deildinni. Kristján Einarsson heldur utan um Þraukaradraumórana og stefnir á að útbúa sérlegan verðlaunagrip fyrir þann sem sigrar.

„Ég ætla að útbúa einhvern verðlaunagrip sem ég ætla að afhenda við einhverja týpíska athöfn eins og í þættinum, þar sem verður bankað upp á hjá viðkomandi,“ segir hann en skýtur ekki loku fyrir að finna til frekari verðlaun.

Kristján telur framtíð þáttanna velta á Jeff Probst, kynni þeirra frá upphafi. „Það er erfitt að ímynda sér Survivor án hans í rauninni en það gæti orðið af því að leikurinn sjálfur er svo góður,“ segir hann og bætir við, líkt og hinir viðmælendurnir, að þátturinn hafi í raun orðið betri í gegnum árin og áherslan sé nú í enn ríkari mæli á leikinn sjálfan og minni áhersla lögð á að láta fólk borða pöddur.

- Sýningar hófust á bandarískri útgáfu Survivor árið 2000.
- Fyrsta útgáfa Survivor var sýnd í Svíþjóð árið 1997.
- Kynnir þáttanna, Jeff Probst, hefur starfað sem slíkur frá upphafi og er hann einnig einn af framleiðendum Survivor.
- Þættirnir hafa verið endurgerðir í fjölmörgum löndum en þó aldrei á Íslandi.
- Nú þegar hefur verið sýndur 481 þáttur af raunveruleikaþættinum.



Heimur vísinda
OPINN DAGUR, Í DAG, 5. MAÍ KL. 13–16
KARNIVAL
ÁSBRÚ
DAGSKRÁ fyrir alla fjölskylduna
Bandaríski flugherinn, flughreyfill, flughermir, sjálfstýrð tæki og vélmenni, spennandi leikja- og sölubásar, efnafræðitilraunir, hoppukastalar, fjallabílar, P-3 Orion kafbátaleitarflugvél, candyfloss, draugahús og þrautir. Fyrirtæki á Ásbrú kynna fjölbreytta starfsemi og margt fleira. Fræðsla og fjör!
Hinn árlegi
OPNI DAGUR
á Ásbrú
í Reykjanesbæ,
uppstigningardag.
Verið velkomin.
Jónsi partístjóri
Ævar vísindamaður
Ath. vinsamlegast skiljið hunda og önnur dýr eftir örugg heima.
REYKJAVÍK
40 MÍN
REYKJANESBÆR
ÁSBRÚ
Ásbrú í Reykjanesbæ er suðupottur tækifæra. Þar hefur á skömmum tíma byggst upp litríkt samfélag, þar sem saman fer öflug menntastofnun, fjöldi spennandi fyrirtækja og blómstrandi mannlíf.
www.asbru.is
Opinn dagur
Opinn dagur á Ásbrú er haldinn ár hvert . Kadeco býður ykkur velkomin á karnivalið 5. maí kl. 13-16 í Atlantic Studios.
Kadeco
ÁSBRÚ
PRINCE POLO
opinndagur.is









Helga Möller hefur ekki áhyggjur af því að eldast enda eiga efri árin að vera þau skemmtilegustu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Vill byggja betri heim byggðan á kærleika

**Helga Möller** frumflytur í dag lag í samstarfi við Ryoichi Higuchi, japanskan tónlistarmann sem vill auka virðingu eldri borgara.

„Fyrir ári hafði samband við mig japanski listamaðurinn Ryoichi Higuchi í gegnum Miyako Þórðarson, til þess að biðja mig um að vinna þetta lag. Honum hafði áskotnast portúgalskur texti sem hann hafði látið þýða yfir á japönsku. Þessi texti fjallar um ást og virðingu fyrir fullorðnu fólki, sem sagt mömmu okkar og pabba, afa og ömmu. Að við sýnum þessu fólki virðingu í ellinni og að við tökum tillit til fullorðins fólks,“ segir Helga Möller um samstarfið við þennan japanska listamann.

„Hann varð mjög snortinn þegar hann heyrði þennan texta og gerði lag. Síðan fór hann til 147 borga í Japan til að breiða út þennan boðskap. Hann vill að boðskapurinn fari út um allan heim. Að við gleymum ekki að við verðum öll einhvern tíma gömul. Málið er að þegar við erum á vissum aldri erum við ódauðleg og verðum aldrei gömul, við gleymum okkur. Eins og staðan er í þjóðfélaginu á Íslandi er þetta alls ekki í góðum málum og við erum ekki að hugsa nógu vel um gamla fólkið okkar.

> **MÁLIÐ ER AÐ AÐ ÞEGAR VIÐ ERUM Á VISSUM ALDRI ERUM VIÐ ÓDAUÐLEG OG VERÐUM ALDREI GÖMUL, VIÐ GLEYMUM OKKUR. EINS OG STAÐAN ER Í ÞJÓÐFÉLAGINU Á ÍSLANDI ER ÞETTA ALLS EKKI Í GÓÐUM MÁLUM OG VIÐ ERUM EKKI AÐ HUGSA NÓGU VEL UM GAMLA FÓLKIÐ OKKAR.**

Ég fékk Þorstein Eggertsson til þess að gera texta upp úr þýðingu Miyako Þórðarson. Þorsteinn gerði mjög góðan texta sem setur þetta svolítið í íslenskan búning. Ég er að fara að frumflytja þetta lag á fimmtudaginn í messu í Hjarðarholtskirkju í Dölum. Við ákváðum, ég og Anna Eiríksdóttir prestur í Dölum, að hafa þetta 5. maí sem er dagur aldraðra. Messan er tileinkuð eldra fólki, en við vonum náttúrulega að yngra fólkið komi líka og fái boðskapinn beint í æð.

Ég tileinka lagið pabba mínum sem dó 2011, 91 árs gamall. Hann var sendur í fóstur þegar hann var þriggja ára í Búðardal og þess vegna valdi ég Hjarðarholtskirkju. Ég mun fara, eins og Ryoichi, um landið á alla vega fjóra staði í hverjum landshluta og bera út boðskapinn eins og hann vildi.

Núna er verið að vinna þetta lag í Kína. Og svo vonandi, þegar þetta hefur dreifst um allan heim, munum við byggja betri heim sem byggist á kærleika, fyrst og fremst, út á það gengur þetta.

Eftir þessa messu verð ég 19. júní í Akureyrarkirkju með Hildi Eiri Bolladóttur sem er þar prestur – síðan fer ég austur á bóginn, en það er ekki kominn staður né stund þar – og enda í Reykjavík.

Það var brösótt að vinna þetta lag, alls konar hindranir urðu á vegi mínum meðan ég var að vinna það. Síðan var ég boðin í japanska veislu í desember. Í þessa veislu kom sendiherra Japans og hélt ræðu og meðal annars sagði hann að á þessu ári, 2016, séu 60 ár síðan Ísland og Japan hófu samstarf á milli landa. Þannig að ég sagði við sjálfa mig, „jæja, þannig að lagið átti að koma út 2016 en ekki 2015“, mín tilfinning er að mér hafi hreinlega verið stýrt.“

Helga mun frumflytja lagið í Hjarðarholtskirkju í Dölum klukkan 14 í dag og eru allir velkomnir.

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



# DAGUR VERKEFNASTJÓRNUNAR

Útskriftarráðstefna MPM-námsins við Háskólann í Reykjavík í samstarfi við Verkefnastjórnunarfélag Íslands í HR föstudaginn 6. maí kl. 10:00-16:30

**Stofa V101**

| | |
|---|---|
| 10:00 | Master of Project Management (MPM) gráðan og íslenskt samfélag<br>**Dr. Haukur Ingi Jónasson og Íris Hrund Þórarinnsdóttir, MPM** |
| 10:30 | Vægi verkefnastjórnunar í samfélaginu<br>**Dr. Helgi Þór Ingason og dr. Þórður Víkingur Friðgeirsson** |
| 11:20 | The benefits of North Atlantic mindset in modern project management<br>**Sofus Clemensen, stjórnendaráðgjafi / IPMA A certified** |

| | Stofa M101<br>Fjármál, áhætta, útboð | Stofa V101<br>Leiðtogar, hlutverk og menning | Stofa V102<br>Stefna, þroski og stuðningur |
|---|---|---|---|
| 13:00 | Er rekstur og viðhald að draga allt súrefnið frá þróun hugbúnaðar í fjármálageiranum á Íslandi? Þróun, rekstur og viðhald hugbúnaðar í verkefnadrifnum skipuheildum<br>**Sigurður Bjarnason** | Hetjur og huldufólk: Kostir, gallar og lykilárangursþættir tvöfaldrar stjórnunar listahátíða<br>**Fjóla Dögg Sverrisdóttir** | Stjórnun verkefna hjá sveitarfélögum á Íslandi - athugun á stöðu verkefnastjórnunar með notkun þroskalíkans<br>**Guðmundur Daníelsson** |
| 13:20 | Óvissa í landshlutabundnum skógræktarverkefnum og stjórnun hennar<br>**Kári Steinar Karlsson** | You can lead a horse to water but you can't make it drink: What can the project leader learn from horse trainers?<br>**Karen Woodrow** | Þroski verkefnastjórnunar hjá íslenskum sjávarútvegsfyrirtækum<br>**Gunnlaugur Eiríksson** |
| 13:40 | Verkefnaskrá Íslands - Laxveiði eða laxeldi<br>**Björn Freyr Ingólfsson** | The playful project manager: A case study of theatre director Þorleifur Örn Arnarsson<br>**Hildur Guðný Káradóttir** | Árangur með ánægju: Nýjungar og framtíðarsýn í starfsmannahaldi á Íslandi<br>**Halla Helgadóttir** |
| 14:00 | Hvernig er kröfulýsingu fylgt án þjónustusamnings? - Viðhorf stjórnenda í öldrunarþjónustu<br>**Ragnheiður Gunnarsdóttir** | Hvati fullorðinna sjálfboðaliða í skátastarfi - Af hverju erum við að þessu?<br>**Birna Dís Benjamínsdóttir** | Mótun og framkvæmd stefnu meðal 300 stærstu fyrirtækja á Íslandi<br>**Hildur Magnúsdóttir** |
| 14:20 | Are we done yet? Definition of Done in practice<br>**Björgólfur G. Guðbjörnsson** | Áfallastjórnun - fall eða frami: Tilviksskoðun í íslenskum stjórnmálum<br>**Ágústa Kristín Grétarsdóttir** | Hard or soft skills? - How the Erasmus plus project leaders view the relative importance of skills when conducting their projects<br>**Ingunn Jónsdóttir** |

**14:40 HLÉ**

| | Stofa M101<br>Frumkvöðlar, nýsköpun og þróun | Stofa V101<br>Fyrirtækið, ferli og verkefnamiðun | Stofa V102<br>Upplýsingar, samskipti og samvinna |
|---|---|---|---|
| 15:10 | The Effects of Scope Definition and Planning on Creativity Management: Best Practices in Architectural Offices?<br>**Rafael Cao Romero Millan** | Hvert er vægi verkefna á Íslandi?<br>**Jón Björnsson og Þórdís Anna Gylfadóttir** | Vettvangsferðir (Study tours): Að tengja saman aðila á endum virðiskeðju<br>**Karl Már Einarsson** |
| 15:30 | BESTA starfsumhverfið. Forgreining fyrir innleiðingu „Better ways of working" fyrir Vodafone á Íslandi<br>**Sif Sturludóttir** | The Rio Tinto Alcan way to project portfolio management: A look at how Rio Tinto Alcan Iceland manages its project portfolio, key takeaways and drawbacks.<br>**Hákon Ólafsson** | Sýnileg stjórnun hjá Íslandsbanka: Áhrif sýnilegrar stjórnunar á störf útibúa og útibúasviðs hjá Íslandsbanka<br>**Rögnvaldur Andri Halldórsson** |
| 15:50 | Leitin að gagnlegum mælikvörðum til að meta árangur klasaframtaka<br>**Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir** | Eru gæðakerfi fyrirtækja virk á Íslandi og hvert er viðhorf starfsfólks til þeirra?<br>**Egill Jónasson** | Klasastjóri - hæfni og áskoranir<br>**Helgi Björn Ólafsson** |
| 16:10 | Fegurðin, skynspekin, prjósjektið og fagurferði ráðasmiðsins<br>**Ingvar Jón Bates Gíslason** | Hvaða stoðþjónusta Verkefnastofu er mikilvægust fyrir hugbúnaðarþjónustufyrirtæki?<br>**Þorsteinn Hallgrímsson** | Facebook for the future virtual project manager: A study of Facebook's potential as a communication platform for virtual project management<br>**Freyr Finnbogason** |

**Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur ókeypis.**
Nánari upplýsingar á **hr.is/mpm**.

VERKEFNASTJÓRNUNARFÉLAG ÍSLANDS
Project Management Association of Iceland

MPM
TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD
SCHOOL OF SCIENCE AND ENGINEERING
MASTER OF PROJECT MANAGEMENT

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**




Frosta Logasonar


## Sitjandinn á Salóme

Árið 2016 er ekki hálfnað en það er samt strax orðið eitt viðburðaríkasta ár sem ég hef upplifað. Andlát meistara eins og David Bowie, Prince og Lemmy hafa varpað ljósi á hversu magnað tímabil tónlistarsögunnar æviskeið mitt hefur spannað. Þeir eru hver um sig meðhöfundar að sándtrakki lífs míns.

Þótt ótrúlegt megi virðast þá verða það hvorki Hanna Birna né Spillugi sem verða efst í huga fólks þegar það minnist skattaskjólsstjórnar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks í framtíðinni. Forsætisráðherra hrökklaðist frá völdum og var næstum búinn að leysa upp heila ríkisstjórn í leiðinni. Áður hafði hann farið á fund með Obama í einum Nike-strigaskó.

Ólafur Ragnar Grímsson er þriðji aðilinn sem gegnir embætti forseta Íslands í minni tíð. Í barnaskóla gróðursetti ég eitt sinn tré með Vigdísi en ég man ekkert eftir Kristjáni Eldjárn. Á þessu ári gætum við svo verið að fá enn einn forsetann. Hann yrði sá sjötti í sögu lýðveldisins. Þetta eru sögulegir tímar.

Á árunum sem ég var tuttugu og eitthvað gengum við í gegnum góðæri, allsherjar hrun og síðan uppgjör þess. Höfum skrifað rannsóknarskýrslu í níu bindum og heila stjórnarskrá síðan þá. Öllu draslinu var reyndar kastað á haugana ásamt, í huga biskups, heilögu hjónabandi karls og konu. En nú kemur það í ljós að uppgjör hrunsins var kattarþvottur. Raunverulegar ástæður þess er að finna í Panama-skjölunum.

Á forsíðum erlendra stórblaða eru Sigmundur, Dorrit og Ólafur. Ásamt að sjálfsögðu sitjandanum á Gretu Salóme. Við lifum sannarlega á sögulegum tímum.








